

**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson skrifar um náttúrupassann. 19



**MENNING** Póstmódern haustfagnaður á Reykjavíkdansfestival. 28



**LÍFIÐ** Neminn Tómas Þór Eyþórsson teiknar tölvuleikjapersónur. 36



**SPORT** Stelpurnar einu stigi frá umspilinu eftir öruggan sigur á Ítalíu. 32







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Mánudagur**
**1. DESEMBER 2014**
282. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


**FRÉTTIR**



**Stóla á Sameinuðu þjóðirnar** Mufeed Shami, sendiherra Palestínu á Íslandi, segist þakklátur fyrir stuðning Íslendinga. 14

**Rætt við ráðherra um vatnshæð Lagarfljóts** Bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs hefur óskað eftir fundi með iðnaðarráðherra vegna óánægju með afstöðu Orkustofnunar til eftirlits með vatnshæð í Lagarfljóti. 8

**Rifta samningi og auglýsa á nýjan leik** Byggðastofnun hefur rift samningi við Arctis Odda um byggðakvóta til fyrirtækisins. 6



18

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | | SV | 9 |
| Akureyri | 0° | | SV | 14 |
| Egilsstaðir | 1° | | SV | 8 |
| Kirkjubæjarkl. | 0° | | SV | 7 |
| Reykjavík | 2° | | SV | 9 |

**Kólnar** Í dag verður víða SV-strekkingur og sums staðar allhvasst. Víða slydda eða snjókoma en rigning syðst og úrkomulítið NA- og A-til. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Fasteignir | Fólk



# Sitja uppi með óseldar gærur fyrir yfir 200 milljónir króna

Illa gengur að selja sauðargærur til Evrópu og sláturleyfishafar eiga nú óseldar gærur fyrir meira en 200 milljónir króna. Í fyrra seldust allar gærur sem Loðskinn átti eftir sláturtíð. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins, segir að innflutningsbann í Rússlandi hafi mikil áhrif. Hann býst við að markaðurinn taki við sér á ný.

**VIÐSKIPTI** „Það er sölutregða og við getum áætlað að heildarverðmæti óseldra gæra í landinu nemi meira en 200 milljónum króna,“ segir Gunnsteinn Björnsson, framkvæmdastjóri Loðskinns á Sauðárkróki, spurður hvernig sláturleyfishöfum gangi að selja sauðargærur úr landi.

Gunnsteinn segir innflutningsbann Rússa, sem gildir gagnvart flestum ríkjum Evrópu, skýra að mestu hversu illa gengur að selja vöruna.

„Eftirspurnin er einnig minni en oft áður í augnablikinu. En sölutregðan stafar mikið af Úkraínudeilunni því Rússland er risastór markaður fyrir unnar gærur en þær hafa hingað til farið héðan til landa eins og Frakklands og Ítalíu. Kaupendur þar hafa átt í erfiðleikum með að selja vörurnar til Rússlands og það hefur leitt til lausafjárskorts hjá þeim.“

Samkvæmt upplýsingum frá Kaupfélagi Skagfirðinga (KS) á fyrirtækið enn um 60 þúsund óseldar gærur. Gunnsteinn nefnir einnig önnur fyrirtæki eins og Norðlenska, Sláturfélag Suðurlands (SS), og SAH afurðir á Blönduósi. „Það eiga allir eitthvað en Norðlenska og SS eiga sennilega minnst. Við höfum séð um að salta gærur fyrir þrjú fyrirtæki og þær eru geymdar hér hjá okkur.“



GUNNSTEINN BJÖRNSSON

Varan er að sögn Gunnsteins seld til Evrópu og Tyrklands, á undir eitt þúsund krónur stykkið, þar sem gæran fer í framleiðslu á mokkaskinni eða leðri.

„Við höfum reynt að selja sem allra mest af okkar skinnum í mokkaframleiðslu því það gefur hærra verð en það er alltaf eitthvað sem fer í leður.“ Í fyrra seldust að sögn Guðsteins allar þær gærur sem fyrirtækin áttu eftir sláturtíðina 2013.

„Ég hef ekki áhyggjur af því að þetta seljist ekki en þetta mun taka lengri tíma en venjulega. Maður er því ekkert orðinn stressaður enn þá en þessi óvissa sem hefur myndast gerir það að verkum að kaupendurnir fara mjög varlega.“


haraldur@frettabladid.is




**ÞAKPLÖTUM KOMIÐ Í SKJÓL** Íbúar í Álftamýri koma þakplötum í skjól. Viðgerðir standa yfir á þakinu og verktakinn hefur greinilega ekki búist við slíku óveðri. Sex þakplötur fuku í óveðrinu og ein þeirra lenti á bíl. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Hnífstungan á Hverfisgötu:

## Þakklátur fyrir að vera á lífi

**HEILBRIGÐISMÁL** Sebastian Andrzej Golab er þakklátur fyrir að lifað af hnífstunguárás á Hverfisgötu fyrir rúmri viku. Hann var stunginn í gegnum hjartað en læknar unnu ótrúlegt björgunarafrek eftir að hjarta hans stöðvaðist og það var handhnoðað í gang á ný.

„Ég er svo þakklátur, læknarnir björguðu lífi mínu.“ Sebastian hefur náð undraverðum bata á nokkrum dögum en hann komst til meðvitundar síðastliðinn fimmtudag. Hann lítur líka á björgunina sem annað tækifæri sem hann ætlar að nýta vel. „Núna veit ég hversu mikils virði lífið er og mun í framhaldinu lifa lífinu á annan hátt,“ segir hann.



– vh / sjá síðu 4

Talsverð röskun varð bæði á innanlands- og millilandaflugi vegna óveðurs:

## Vonskuveður víða um landið

**VEÐUR** Mikið vonskuveður gekk yfir landið eftir hádegi í gær og fram á nótt. Seinni partinn í gær mældist en hviðan 39 metrar á sekúndu á Stórhöfða.

Að sögn Ólafar Snæhólm Baldursdóttur, upplýsingafulltrúa Slysavarnafélagsins Landsbjargar, voru útköllin mest vegna þakkanta, girðinga og lausra muna sem fuku og brotnuðu. Í gærkvöldi voru komnar tilkynningar um tré sem féllu og litla kofa sem hreinlega sprungu. Í Álftamýri fuku þakplötur af fjölbýlishúsi.

„Fyrstu útköllin bárust upp úr hádegi. Fyrst frá Vestmannaeyjum og Grindavík, síðan var það frá höfuðborgarsvæðinu. Og var alveg frá Hellu að Suðurnesjum yfir daginn,“ segir Ólöf. Veður lægði milli 4-5 og fór þá útköllum að fækka en veðrið versnaði svo aftur í kringum kvöldmatarleytið í gær og útköllum tók að fjölga á ný.

Aðgerðastjórn björgunarsveita á Suðurnesjum beindi þeim tilmælum til fólks á Suðurnesjum í gærkvöld að líma rúður að innan vegna hættu á að þær myndu brotna en þá voru þegar komin dæmi um að rúður höfðu splundrast í húsum.

Talsverð röskun varð á flugi vegna veðursins. Allt innanlandsflug lá niðri og aflýsa þurfti nokkrum flugum bæði hjá Icelandair og Wow Air vegna þess. Fresta varð tendrun ljósa Óslóartrésins á Austurvelli og fjölmörgum öðrum viðburðum víða um land vegna veðursins. Þá var ráðgert að halda aðventukvöld í mörgum kirkjum landsins sem þurfti að fresta vegna ofsans.

**39** metrar á sekúndu var vindhraðinn á Stórhöfða.

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands er búist við að veðrið gangi niður þegar líða fer á morguninn og síðdegis í dag er búist við suðvestan 10-18 metra hvassviðri á sekúndu víða um land og éljagangi. Verst er spáin fyrir Norðurland.

– vh







## SPURNING DAGSINS



Þórgnýr, var leitað á þig á flugvellinum?

**Þeim láðist að spyrja svo ég leitaði eftir einhverju líkamlegra.**

Þórgnýr Thoroddsen pírati mótmælti þegar tollverðir vildu leita á honum með líkamsskanna í stað málmleitartækis. Úr varð að tollverðir leituðu á honum með hefðbundinni líkamsleit.

Höskuldur Þórhallsson formaður umhverfisnefndar Alþingis telur að lög um rammaáætlun sé óskýr:

# Efast um að rammatillagan sé þingtæk

**ALÞINGI** Höskuldur Þórhallsson, formaður umhverfisnefndar Alþingis, telur að lögin um rammaáætlun séu ekki nógu skýr og vill láta athuga hvort breytingartillaga Jóns Gunnarssonar um forgangsröðun virkjana sé þingtæk. Örlög tillögunnar ráðist að lokum hjá þinginu.

Tillaga Jóns Gunnarssonar formanns atvinnuveganefndar í vikunni sem var að líða um að færa sjö virkjunarkosti ásamt Hvammsvirkjun úr biðflokki í nýtingarflokk hefur valdið miklu fjaðrafoki í stjórnarandstöðunni og víðar.

Þá virðist að minnsta kosti tímasetning tillögunnar hafa komið framsóknarmönnum á þingi á óvart, eins og umhverfisráðherra staðfesti í fréttum Stöðvar 2 um helgina.

„Ég held að við þurfum að taka umræðu um það í nefndinni hvort lögin um rammaáætlun séu nægjanlega skýr. Við heyrum ýmis sjónarmið um það hvort að pólitíkin eigi ekki að skipta sér af. Horfum þá um leið á að síðasti umhverfisráðherra breytti tillögum verkefnastjórnar. Svo er athyglisverður punktur að mínu mati; hvort tillögur sem ganga svona mikið lengra en upphaflega tillagan séu í rauninni þingtækar," segir Höskuldur.

Þetta hafi verið rætt í tengslum við náttúruverndarlögin á sínum tíma sem góð samstaða hafi tekist um. Það verði að skoða tillögu formanns atvinnuveganefndar í þessu ljósi. - hmp



**ÓSÁTTUR** Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, telur rammalögin ekki nógu skýr. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**HEILSUÐUST INNILEGA** Vel fór á með Frans páfa og patríarka grísku rétttrúnaðarkirkjunnar þegar þeir hittust. NORDICPHOTOS/AFP

Frans páfi hélt samkirkjulega bæn í Tyrklandi um helgina:

# Vel fór á með trúarleiðtogum

**TYRKLAND Frans páfi kyssir Bartholomew I. patríarka grísku rétttrúnaðarkirkjunnar eftir fund þeirra í kirkju heilags Georgs í Istanbúl í Tyrklandi í gær. Páfinn var í þriggja daga heimsókn í Tyrklandi. Hann hélt samkirkjulega bæn í kirkju heilags Georgs.** - jhh

Var á 149 kílómetra hraða:

# Tekinn við Smáralind

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði aðfaranótt sunnudags, bíl á 149 kílómetra hraða á Reykjanesbrautinni við Smáralind í fyrrinótt. Ökumaður bílsins gaf öndunarsýni sem sýndi áfengisneyslu en var hún undir refsimörkum.

Lögreglan stöðvaði þó aksturinn og tók lykla bílsins í sína vörslu. Sömu nótt var ungur maður handtekinn í heimahúsi í Austurborginni vegna líkamsárásar. Þrír voru grunaðir um ölvunarakstur og þar af voru tveir ekki með ökuréttindi. Þar að auki voru þrír bílar stöðvaðir á höfuðborgarsvæðinu vegna ölvunar- eða fíkniefnaaksturs. - skó

Lögreglumaður hættir:

# Fær ekki neinn starfslokapakka

**BANDARÍKIN** Lögreglumaðurinn Darren Wilson fær engan sér starfslokasamning, að sögn borgarstjórans í Ferguson. Wilson sagði af sér um helgina, en hann varð Michael Brown að bana í ágúst síðastliðnum.

Wilson, sem er hvítur, hafði verið í leyfi frá því hann skaut Brown, óvopnaðan átján ára ungling.

Hann sagði í afsagnarbréfi sínu að bæði íbúum og lögregluþjónum gæti stafað hætta af, kæmi hann aftur til starfa eftir að ákærukviðdómur ákvað að sækja hann ekki til saka. - gb






# Getur reynst erfitt að fá nám metið hér

Það getur reynst innflytjendum erfitt að fá menntun sína viðurkennda hérlendis. Ráðgjafi innflytjenda segir erfiðast að fá heilbrigðismenntun metna. Starfandi landlæknir kannast ekki við að erfiðara sé að fá læknanám metið á Íslandi.

**SAMFÉLAGSMÁL** Það reynist oft erfitt fyrir háskólamenntað fólk sem flytur hingað til lands að fá menntun sína metna. Í Fréttablaðinu fyrir helgi var sögð saga Liönu Belinska sem er upprunalega frá Úkraínu en hefur búið hérlendis í ellefu ár. Hún er menntaður kvensjúkdómalæknir en hefur ekki tekist að fá menntun sína metna og hefur starfað á leikskóla í átta ár. Að sögn þeirra sem Fréttablaðið hefur rætt við er saga Liönu ekkert einsdæmi. Barbara Kristvinsson. sem starfar við ráðgjöf fyrir innflytjendur hjá Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar hefur aðstoðað innflytjendur við að fá menntun sína metna. Hún segir erfiðast að fá menntun í heilbrigðisgeiranum metna en þeir sem eru menntaðir í iðngreinum eigi yfirleitt auðveldara með að fá sína menntun viðurkennda.

„Það er oft erfitt. Fyrst og fremst vantar yfirleitt gögn. Þá eru þau gögn sem fólk er að skila inn ekki með nógu góðum útskýringum á því hvaða kúrsar eru teknir á hverri önn fyrir sig og hvað sé kennt í hverju fagi. Svo þegar fólk fær þessar upplýsingar þá er kannski bara sagt nei og að þetta sé ekki nógu gott og námið þess vegna ekki metið. Þá er líka oft erfitt að fá hvaða upplýsingar nákvæmlega vanti." Hún nefnir einnig að mun erfiðara sé að fá metið nám utan Evrópusambandsins. „Þetta er yfirleitt metið út frá Evrópureglum en þrátt fyrir það er fólk frá Evrópulöndum líka að lenda í þessum vandamálum."

Þorbjörn Jónsson, formaður Læknafélags Íslands, segir félagið ekki hafa markað sér neina opinbera stefnu í því hvernig þessum málum skuli háttað. Það er Landlæknisembættið sem sér um að veita lækningaleyfi. „Eina sem við teljum öryggisins vegna er að fólk hafi


Kvensjúkdómalæknir í vinnu á leikskóla í átta ár

Kona sem er fædd í Úkraínu hefur búið hérlendis í ellefu ár án þess að fá starf sem hæfir menntun hennar. Hún vinnur á leikskóla og maðurinn hennar sem er menntaður í skurðlækningum vinnur í eldhúsi á spítala.

FÓLK Liana Belinska, sem er menntaður kvensjúkdómalæknir, hefur búið á Íslandi í ellefu ár án þess að fá starf sem hæfir menntun hennar. Hún vinnur á leikskóla en vonast til þess að geta einn daginn starfað við það sem hún menntaði sig til í heimalandinu, Úkraínu.

Liana og eiginmaður hennar, sem er menntaður skurðlæknir, fluttu til Íslands árið 2003. Þau höfðu bæði starfað við kennslu á kennslusjúkrahúsi að loknu sérfræðinámi í læknisfræði. „Ég var í góðri stöðu sem deildarstjóri kvensjúkdómadeildar en hún var ólaunuð," segir Liana.

Aðstæður í heimalandinu voru ekki góðar og lítil von um bjarta framtíð. Eiginmaður hennar fór til London þar sem hann fór að vinna í byggingarvinnu til þess að sjá fyrir Liönu og ungum syni þeirra. Eftir um tvö ár í London heyrði eiginmaðurinn af Íslandi og ákvað að heimsækja landið. Honum leist vel á og sá fyrir sér að fjölskyldan gæti átt góða framtíð hér saman. „Við komum að heimsækja hann og vorum hér í þrjá mánuði fyrst. Ég sótti um í íslensku fyrir útlendinga í háskólanum, komst inn og þá ákváðum

HELDUR Í VONINA Liana hefur búið á Íslandi í þrettán ár. Hún er menntaður kvensjúkdómalæknir en hefur ekki fengið vinnu sem hæfir menntun hennar og vinnur á leikskóla. Henni finnst vinnan skemmtileg en heldur í vonina um að geta einn daginn starfað við fag sitt hérlendis. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég var boðuð í viðtal og átti að fá að vinna launalaust á bráðamóttökunni í eitt ár til þess að læra inn á hvernig þetta virkar

Þeir vilja hins vegar að ég taki klásusinn til þess að komast inn og mér finnst það ósanngjarnt.

sonur hennar hafði verið á þegar þau komu fyrst til landsins. Þar vinnur hún enn þann dag í dag en eiginmaður hennar starfar í vörumóttöku og eldhúsi á Landspítalanum. Hún segist þekkja nokkra læknis- og viðskiptamenntaða innflytjendur sem hefur einnig gengið illa að fá menntun sína metna.

Sjálf hefur hún margoft reynt að fá menntun sína metna en lítið orðið ágengt. „Ég fékk þau svör fyrir ári að ég þyrfti að taka síðustu þrjú árin í læknisfræðinni. Ég er alveg til í það. Þeir vilja hins vegar að ég taki klásusinn til þess að komast inn og mér finnst það ósanngjarnt," segir Liana. „Þar er ekki verið að spyrja um hluti tengda læknisfræði. Ég er búin með sex ára nám í þessu og finnst ég ekki eiga að þurfa að taka þetta próf til þess að geta tekið síðustu þrjú árin aftur."

Liana sendi bréf til læknadeildarinnar í ágúst til þess að reyna að komast hjá því að taka inngangsprófið en hefur ekki enn fengið svör. Hún segist þó ekki hafa misst vonina og vonast til þess að einhvern tímann geti hún starfað hér sem læknir. „Ég finn það alveg að mig langar að gera meira. Ég var að hugsa um daginn að kannski væri ég bara orðin alltof gömul til þess að fara að vinna

**FÆR EKKI MENNTUNINA METNA** Liana sagði sögu sína í Fréttablaðinu á föstudag.

íslenskukunnáttu til þess að samskipti lækna við sjúkling sé örugg."

Leifur Bárðarson, starfandi landlæknir, segist ekki kannast við það að erfiðara sé að fá metið læknisnám hér heldur en annars staðar. „Þetta er ekkert flókið í sjálfu sér. Við þurfum að fá góða og gilda sönnun fyrir því að viðkomandi hafi lokið námi einhvers staðar og það uppfylli ákveðin skilyrði. Menntun á þessum stöðum er oft með öðrum hætti heldur en hér. Við viljum tryggja að menn hafi þá reynslu og þekkingu sem almennt tíðkast hér." Aðspurður varðandi það sem kom fram í viðtalinu við Liönu að henni hafi verið boðið að taka síðustu þrjú ár læknanámsins aftur taki hún inngangspróf segir Leifur að það gæti skýrst af plássleysi í læknadeildinni.

„Ef gerð er krafa um seinni hluta náms þá get ég alveg fallist á það að þú þurfir ekki að komast inn í klásus nema það sé gert á þeim forsendum að það sé einfaldlega ekki pláss og það er kannski það sem ræður því. Það er mikið verklegt nám og takmörkun á fjöldanum ræðst af því að sjúkrahús á Íslandi eru ekki stærri en það að þau ráða ekki við fleiri nema þannig að allir fái næga kennslu og reynslu."



**BARBARA KRISTVINSSON**



**LEIFUR BÁRÐARSON**

viktoria@frettabladid.is

Formaður Samfylkingarinnar er ósáttur við forgangsröðun í fjárlögunum:

# Hefði mátt greiða niður skuldir

**STJÓRNMÁL** Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, segir ríkisstjórnina forgangsraða fyrir þá efnameiri í samfélaginu og auka álögur á þá efnaminni í fjárlagafrumvarpi næsta árs. Nýta hefði átt svigrúm í ríkisfjármálum til að draga úr skuldum ríkisins og til að styrkja innviði samfélagsins.

Eftir að meirihluti fjárlaganefndar skilaði tillögum sínum til breytinga á fjárlagafrumvarpinu í gær, liggur nokkuð ljóst fyrir hvernig frumvarpið kemur til með að líta út í sinni lokamynd. Formaður Samfylkingarinnar gagnrýnir að ríkið þýða auknar álögur á almenning. Eins og fram kom í fréttum Stöðvar 2 á laugardagskvöld leggur meirihluti fjárlaganefndar til aukin útgjöld upp á rúmar fimmtán hundruð milljónir króna á næsta ári en að meðtöldum breytingartillögum frá ríkisstjórninni aukast útgjöldin um hátt í fjóra milljarða. Þá liggja tekjuöflunartillögur stjórnarflokkanna nokkuð ljósar fyrir.

„Það er greinilegt að ríkisstjórnin ætlar að gera grundvallarbreytingar. Matur verður gerður dýrari og menning líka. Það er verið að auka álögur á venjulegt fólk í heilbrigðisþjónustu, auka kostnaðarhlutdeild okkar allra þegar við þurfum á heilbrigðisþjónustu að halda," segir Árni Páll. - hmp



**VILL LÆKKUN RÍKISSKULDA** Formaður Samfylkingarinnar gagnrýnir stefnu stjórnarinnar í ríkisfjármálum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Ljómandi hugmynd frá Ólafi Elíassyni
LITTLE SUN er falleg gjöf sem heldur áfram að gefa
Um 1,2 milljarður manna um allan heim búa ekki við aðgang að rafmagni. LITTLE SUN er LED-ljós með öflugri sólarrafhlöðu sem er þróað til að veita órafvæddum samfélögum aðgang að hreinum og áreiðanlegum ljósgjafa á viðráðanlegu verði.
Þegar þú kaupir LITTLE SUN-ljósið niðurgreiðir þú sams konar ljós fyrir íbúa svæða utan rafveitu. Lýstu upp tilveruna og gefðu fallega hönnun eftir Ólaf Elíasson. Nánari upplýsingar má finna á littlesun.com. GAMMA er styrktaraðili LITTLE SUN á Íslandi.
LITTLE SUN kostar 3.700 kr. og fæst í Gallery GAMMA og í i8 gallery
GAMMA
littlesun@gamma.is
Sími 519 3300
Garðastræti 37
101 Reykjavík
i8 gallery
info@i8.is
Sími 551 3666
Tryggvagata 16
101 Reykjavík
LJÓSMYND: LILJA BIRGISDÓTTIR | JÓNSSON & LE'MACKS | SÍA

## SVONA ERUM VIÐ



**12** þyrlur voru skráðar á Íslandi árið 2013.

Þar af eru tvær þyrlur skráðar í eigu íslenska ríkisins. *Heimild: Hagstofa Íslands*

Skipulagsnefnd Akureyrarbæjar ályktaði um skipulagsvald sveitarfélaga:

# Vald sveitarfélaganna sé heilagt

**AKUREYRI** Bæjarstjórn Akureyrar ályktaði um það á síðasta bæjarstjórnarfundi að ríkisvaldið ætti að skerast í leikinn varðandi Reykjavíkurflugvöll og íhuga að taka skipulagsvald af borginni. Skipulagsnefnd Akureyrar telur hins vegar, í umsögn um frumvarp um breytingar á nýjum raforkulögum, stöðu sveitarfélaga gagnvart skipulagi flutningskerfa veika og tæki þar með af þeim skipulagsvaldið.

Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri Akureyrar, mun fara fyrir umhverfis- og samgöngunefnd og kynna fyrir nefndinni afstöðu Akureyrar. Vill Akureyrarbær halda skipulagsvaldi sínu hvað raflínulagnir varðar. Guðmundur Baldvin Guðmundsson, formaður bæjarráðs Akureyrarkaupstaðar, telur þessar tvær ályktanir ekki vera á skjön við hvor aðra. „Auðvitað er það svo að skipulagsvald sveitarfélaga er nokkurn veginn heilagt, en þegar ríkir hagsmunir allra landsmanna komi saman sé eðlilegt að ríkið skerist í leikinn. - sa



**AKUREYRI** vilja halda skipulagsvaldi sínu en taka valdið af Reykjavík

Svisslendingar kjósa:

# Hafna hömlum á innflytjendur

**SVISS, AP** Kjósendur í Sviss höfnuðu í gær með yfirgnæfandi meirihluta þremur tillögum, sem bornar voru undir þjóðaratkvæði.

Einn tillagan snerist um að takmarka fjölda nýrra innflytjenda á ári hverju við 0,2 prósent af þjóðinni. Þessu höfnuðu 74 prósent kjósenda. Innflytjendur til Sviss eru nú um 80 þúsund á ári.

Önnur tillagan gekk út á það að seðlabanki landsins hefði fimmtung varaforða síns í gulli, en þessu var einnig hafnað. - gb

# Þakklátur fyrir að hafa lifað af hnífstungu gegnum hjartað

Sebastian var stunginn í gegnum hjartað á Hverfisgötu fyrir rúmri viku. Með ótrúlegum hætti tókst að bjarga lífi hans og bati hans þykir undraverður. Hann lítur á björgunina sem annað tækifæri og ætlar að lifa lífinu með allt öðrum hætti hér eftir en hann gerði áður.

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég er alveg ótrúlega þakklátur. Ég er svo ánægður að vera á lífi. Tilfinningin er eins og ég hafi fæðst á ný,“ segir Sebastian Andrzej Golab sem fyrir rúmri viku var stunginn í gegnum hjartað á Hverfisgötu.

Það þykir hálfgert kraftaverk að Sebastian hafi lifað árásina af enda var hann stunginn í gegnum hjartað og hnífurinn skildi eftir sig gat í hjartanu. Sebastian var fluttur á slysadeild og líkt og Fréttablaðið sagði frá á föstudag þá stöðvaðist hjarta hans stuttu eftir komuna þangað. Læknarnir unnu ótrúlegt björgunarafrek þegar hjarta hans var hnoðað með beinu hnoði aftur í gang. Eftir að það hafði tekist var gert við gatið á hjartanu en á meðan var læknirinn með fingur í gegnum gatið svo að ekki myndi dælast meira blóð úr því.

Blaðamaður hitti á Sebastian á Landspítalanum en hann var færður af gjörgæslu yfir á almenna deild á föstudag. Þar var Sebastian í sjúkrahússloppi með súrefniskút á hjólum á eftir sér. Hann segir sér líða vel og það er alls ekki á honum að sjá að hann hafi verið í lífshættu fyrir nokkrum dögum. „Þetta er alveg ótrúlegt, ég er svo þakklátur fyrir að sjá hann ganga. Í gær þurfti ég að styðja við hann, þegar ég kom hingað í dag þá fann ég hann ekki því hann er farinn að fara svo hratt um,“ segir faðir hans brosandi áður en hann kveður.

„Læknarnir eru rosalega hissa á því hvað þetta gengur allt vel. Þeir hafa aldrei séð annað eins,“ segir Sebastian brosandi um leið og hann sest niður í sófa í aðstandendaherbergi á deildinni. Upp úr hálsmáli sjúkrahússloppsins sjást hefti í bringu hans þar sem hann var saumaður saman. „Þetta eru örugglega um 50 spor,“ segir hann og sýnir saumana á bringunni og vinstra megin á brjóstkassanum. Þar rétt fyrir ofan sést gatið eftir hnífstunguna.

Hann komst til meðvitundar á fimmtudag en fram að því hafði honum verið haldið sofandi frá því hann kom á spítalann. Hann segist lítið muna eftir árásinni sem hann segir ekki hafa verið skipulagða „Ég var bara rangur maður á röngum stað. Þeir voru að ráðast á vin minn og ég reyndi að verja hann. Þá fékk ég stungu. Í hjartað. Ég vissi ekki að þeir væru með hníf.“ Hann segist ekki þekkja árásarmennina og hafi séð þá í fyrsta skipti þetta kvöld. Hann hafi verið staddur í gleðskap ásamt þessum vini sínum sem þróaðist síðan á þennan hátt eftir að mennirnir fóru að deila sín á milli.

Næsta sem hann man var þegar hann vaknaði upp á gjörgæsludeildinni með um fimmtíu spor á bringunni. Þá var hann búinn að vera í lífshættu og búinn að undirgangast ótrúlegar björgunaraðgerðir. „Mér leið illa þegar ég vaknaði. Ég sá illa en mér fór fljótt að líða betur.“

Sebastian er mjög þakklátur starfsfólki Landspítalans fyrir björgunina. „Ég er orðlaus. Ég er bara venjulegur maður og myndi gefa þessu fólki sem bjargaði lífi mínu bæði allt sem ég á og ekki á,“ segir hann og vöknar um augun. Hann strýkur tárin burt úr augunum. „Ég er svo þakklátur, læknarnir björguðu lífi mínu.“

Hann lítur líka á björgunina sem annað tækifæri sem hann ætlar að nýta vel. „Áður en þetta gerðist notaði ég svolítið áfengi og var dálítið kærulaus. En núna veit ég hversu mikils virði lífið er og mun í framhaldinu lifa lífinu á annan hátt,“ segir hann alvarlegur.

Þrátt fyrir undraverðan bata finnur hann auðvitað enn til enda aðeins örfáir dagar síðan hann varð fyrir árásinni. „Ég svaf í fyrsta skipti heila nótt núna síðustu nótt. Ég var svo hræddur um að ef ég myndi sofna þá myndi ég ekki vakna aftur,“ segir hann. „Ég finn til í kringum hjartað en fæ verkjalyf sem laga verkina. Þetta er allt að koma. Ef þetta gengur áfram svona vel og ef ég losna við að nota súrefni á næstu dögum þá útskrifast ég líklega af spítalanum í vikunni,“ segir hann.

viktoria@frettabladid.is



**PAKKLÁTUR** Sebastian segist líta á björgunina sem annað tækifæri sem hann ætlar sér að nýta vel. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> **Læknarnir eru rosalega hissa á því hvað þetta gengur allt vel. Þeir hafa aldrei séð annað eins.**
>
> *Sebastian Andrzej Golab*



**FRÁ ÁRÁSARSTAÐ** Sebastian var stunginn í gegnum hjartað á Hverfisgötu á sunnudagskvöld fyrir rúmri viku. MYND/ÞORGEIR ÓLAFSSON






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 19° | Friedrichshafen | 7° | New York | 14° |
| Aþena | 18° | Gautaborg | 4° | Orlando | 25° |
| Basel | 14° | Kaupmannahöfn | 4° | Ósló | 1° |
| Berlín | -2° | Las Palmas | 23° | París | 8° |
| Billund | 5° | London | 9° | San Francisco | 17° |
| Frankfurt | 5° | Mallorca | 17° | Stokkhólmur | 2° |




**Á MORGUN** Víða 10-15 m/s en hvassara allra vestast.




**MIÐVIKUDAGUR** Stormur um tíma allra vestast, annars 8-13 m/s.

**VINDASAMT** Í dag má víða búast við strekkingi og slyddu- eða snjóéljum, síst þó NA- og A-til. Næstu daga verður víða strekkingur en hvassara á Snæfellsnesi. Það hlýnar á ný til morguns en kólnar aftur á miðvikudaginn.



**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kkolbeins@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is




## Takk fyrir okkur

# Íslandsbanki valinn banki ársins



**The Banker**, eitt víðlesnasta fjármálatímarit í heimi, hefur valið Íslandsbanka sem **banka ársins á Íslandi 2014**. Starfsfólkið er stolt af þessari mikilvægu viðurkenningu.

Stefna bankans er að þróa þjónustuna enn frekar, einfalda starfsemina í þágu viðskiptavinanna og stunda ábyrga bankastarfsemi sem byggir á heilbrigðum viðskiptaháttum og traustum rekstri.

Auk þessarar viðurkenningar frá **The Banker** og viðurkenninga frá **Euromoney** fyrr á þessu ári eru viðskiptavinir Íslandsbanka þeir ánægðustu í bankakerfinu samkvæmt **Ánægjuvoginni**. Þessar viðurkenningar hvetja okkur til að halda áfram á sömu braut. Takk fyrir okkur!

islandsbanki.is   Netspjall   Sími 440 4000   Facebook

Íslandsbanki

ENNEMM / SIA / NM66007

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað er ráðgert að margir muni starfa hjá héraðssaksóknara?
**2.** Á hvaða flugvelli var varaborgarfulltúi pírata staddur þegar hann neitaði að fara í líkamsskanna.
**3.** Hvað er krafa Vincents Tchenguiz á hendur Kaupþingi, Grant Thornton og fleirum há?

**1.** 50 **2.** Schiphol í Amsterdam **3.** 2,2 milljarðar evra

400 aðgerðum verið aflýst á Landspítala og biðlistar hafa lengst verulega vegna verkfalls lækna:

# Læknaverkfallið eykur kvíða eldri borgara

**HEILBRIGÐISMÁL** Læknaverkfallið eykur á kvíða og óvissu hjá öldruðum sem eru ríflega helmingur þeirra sem þurfa á þjónustu Landspítalans að halda. Þetta segir Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara. Biðlistar eftir aðgerðum hafa lengst verulega vegna verkfallsins.

Frá því verkfallsaðgerðir lækna hófust, fyrir um mánuði, hefur rúmlega fjögur hundruð skurðaðgerðum verið aflýst á Landspítalanum. Auk þess sem fresta hefur þurft fjölda hjartaþræðinga, kransæðamyndatökum og magaspeglunum. Biðlistar spítalans eftir aðgerðum hafa því lengst sem þetta nemur. Þá hefur um tvö þúsund göngudeildarkomum verið frestað. Ríflega helmingur þeirra sem þarf á þjónustu Landspítalans að halda er 67 ára og eldri. Ljóst er að verkfallið hefur mikil áhrif á þennan hóp.

„Fólk veit ekki hvenær það kemst í aðgerðir sem það hugsanlega er búið að fá greiningu á. Þetta hlýtur að hafa meiri áhrif til lengri tíma litið þegar biðlistar lengjast eftir því sem verkfallið verður lengra," segir Jóna Valgerður.

Páll Matthíasson, forstjóri Landspítala, segir erfitt að leggja mat á það hversu langan tíma það taki að stytta biðlistana eftir að verkfallinu lýkur. Þá koma biðlistarnir til með að lengjast enn frekar ef fimmta verkfallslotan hefst, mánudaginn 8. desember. **- lvp**



**FORSTJÓRINN** Páll Matthíasson segir erfitt að meta hversu langan tíma það muni taka að stytta biðlistana.



**MÓTMÆLT** Hægrisinnaðir Ísraelar mótmæltu gríðarlega eftir að harðlínumaður úr röðum gyðinga var drepinn. NORDICPHOTOS/AFP

Abbas segir lokun mosku jafngilda stríðsyfirlýsingu:

## Ísraelar mótmæltu í Jerúsalem

**ÍSRAEL Hægrisinnaðir Ísraelar mótmæltu á torgi nærri Al-Aqsa moskunni í Jerúsalem. Moskan er þriðji helgasti staður múslima. Þessi staður er hins vegar líka á meðal helgustu staða gyðinga. Ísraelar lokuðu svæðinu í gær fyrir öllum gestum eftir að harðlínumaður úr röðum gyðinga var skotinn þar til bana. Mahmud Abbas, forseti Palestínu, segir að lokun moskunnar jafngildi stríðsyfirlýsingu.** - jhh




Ferðaklúbburinn 4x4

Sælir ferða- og jeppaáhugamenn.
Fjórði félagsfundur vetrarins verður haldinn á Hótel Natura (Loftleiðum) kl 20:00 í kvöld.

Á fundinum verður kynning á virkni fjöðrunarkerfis ásamt góðri jólastemmningu. Stórferðin verður kynnt ásamt öðrum innanfélagsmálum sem eru í gangi. Félagsmenn og aðrir áhugamenn eru hvattir til að mæta.
Allir velkomnir.

Kveðja
Stjórnin

# Rifta samningi og auglýsa á nýjan leik

Byggðastofnun hefur rift samningi við Arctic Odda um byggðakvóta til fyrirtækisins sem átti að nýta á Flateyri. Arctic Oddi hefur ákveðið að hætta vinnslu bolfisks á Flateyri. Byggðastofnun hefur þegar auglýst allt að 300 tonn til vinnslu á Flateyri.

**SJÁVARÚTVEGUR** Byggðastofnun hefur rift samningi vegna aflamarks á Flateyri og auglýst að nýju eftir samstarfsaðilum vegna allt að 300 þorskígildistonna.

Fyrirtækin Arctic Oddi, Valþjófur og Vísir komust á fimmtudag að samkomulagi sem á að styrkja stoðir atvinnulífs á Flateyri og Þingeyri. Samkomulagið felst í því að Arctic Oddi muni flytja starfsemi sína frá Flateyri í húsnæði sem var í eigu Vísis á Þingeyri. Byggðastofnun hefur látið Arctic Odda fá byggðakvóta að kostnaðarlausu til vinnslu á Flateyri og þeim er ekki heimilt að flytja hann í annað byggðalag.

Samkvæmt tilkynningu sem fyrirtækin þrjú sendu frá sér er samkomulagið gert með fyrirvara um samþykki Byggðastofnunar sem gert er ráð fyrir að liggi fyrir um miðjan desember. Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar, veit ekki hvers lags samkomulag það eigi að vera.

Aflamarkið var afhent Arctic Odda með því skilyrði að það yrði unnið á Flateyri. Um það gilda reglugerðir. Fyrirtækjum er ekki heimilt að framselja aflamarkið eða flytja það í annað sjávarpláss.

Byggðastofnun ákvað þar af leiðandi að rifta samningi sínum við Arctic Odda því aflamarkið átti að nota til að styðja við byggðina á Flateyri.

Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri Byggðastofnunar, telur málið í raun einfalt. „Byggðastofnun gerir samning við Arctic Odda um að viðhalda fiskvinnslu á Flateyri. Samningurinn var sá að Byggðastofnun afhendi þeim 300 tonna byggðakvóta, án endurgjalds, með því skilyrði að fyrirtækið myndi koma með eitthvað á móti. Fyrst fyrirtækið hætti bolfiskvinnslu með tilkynningu til okkar þá er ekkert hægt annað að gera en að rifta samningnum og auglýsa hann upp á nýtt."



**FRÁ FLATEYRI** Arctic Oddi gerði samkomulag við Byggðastofnun. Fyrirtækið sendi stofnuninni bréf fyrir skömmu þar sem það sagðist ætla að hætta bolfiskvinnslu á Flateyri. Þar með riftir Byggðastofnun samningnum.

Þóroddur Bjarnason, formaður stjórnar Byggðastofnunar, segir Byggðastofnun hafa náð miklum árangri í að tryggja heilsárstörf í fiskvinnslu. „Á sumum stöðum hefur þetta gengið afar vel og 60-80 heilsársstörf verið tryggð, á öðrum stöðum hafa engir samstarfsaðilar fundist og heimildir Byggðastofnunar þá verið nýttar annars staðar. Það kemur hins vegar ekki til álita að einkaaðilar geti byggt útgerð sína á ókeypis aflaheimildum Byggðastofnunar. Stofnunin ber ábyrgð gagnvart þjóðinni og íbúum allra sjávarþorpa að jafnræðis sé gætt og þetta vandasama verkefni sé leyst af hendi með opnum og skilvirkum hætti," segir Þóroddur.



**Á sumum stöðum hefur þetta gengið afar vel og 60-80 heilsársstörf verið tryggð, á öðrum stöðum hafa engir samstarfsaðilar fundist.**

*Þóroddur Bjarnason, formaður stjórnar Byggðastofnunar.*

sveinn@frettabladid.is

Tíu manns hafa greinst HIV-jákvæðir á Íslandi það sem af er árinu 2014:

# Bjartsýni í baráttu gegn HIV

**HEILBRIGÐISMÁL** Alþjóðlegi alnæmisdagurinn er í dag og af því tilefni verður opið hús hjá HIV Ísland frá klukkan fjögur til sex.

Meiri bjartsýni ríkir nú um árangur í baráttunni gegn HIV og alnæmi. „Það er að draga mikið úr útbreiðslu HIV vegna þess að það er svo margt fólk komið á lyf sem heldur veirunni niðri," segir Einar Þór Jónsson, framkvæmdastjóri HIV Ísland. „97% smitaðra á Íslandi eru á lyfjum. Þá er fólk ekki smitandi. Þetta er mikil forvörn."

Það sem af er árinu hafa tíu einstaklingar greinst HIV-jákvæðir á Íslandi og er sú tala lægri en síðastliðin ár.

**Margir eiga erfitt með að segja frá.**

Mikilvægt er þó að sofna ekki á verðinum og auka fræðslu og forvarnir. „Við leggjum mest upp úr fræðslu- og forvarnastarfinu og að styðja fólk sem er að greinast. Við erum með ráðgjöf í sambandi við lífið og tilveruna með HIV. Hvernig á að lifa sínu lífi með veirunni, þetta flækist gjarnan fyrir fólki. Margir eiga erfitt með að segja frá og svona," segir Einar Þór. Allir eru boðnir velkomnir í húsnæði HIV Ísland sem er á Hverfisgötu 69. - gló



**EINAR ÞÓR JÓNSSON** framkvæmdastjóri HIV Ísland, segir samtökin verða með opið hús frá fjögur til sex.



# Öflugur íslenskur iðnaður
# - óteljandi snertifletir



Iðnaður aflar um **helmings gjaldeyristekna þjóðarinnar**



**Fjórðungur landsframleiðslunnar** verður til í iðnaði



**Fimmti hver Íslendingur** á vinnumarkaði hefur atvinnu af iðnaði

**Íslenskur iðnaður hefur verið burðarás í íslensku efnahagslífi frá upphafi 20. aldar.**

Innan Samtaka iðnaðarins eru fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum sem starfa á ótal sviðum, allt frá hefðbundnum iðngreinum til hátækni.

Framleiðsluvörur og þjónusta 1.300 aðildarfyrirtækja okkar snerta daglegt líf allra Íslendinga á óteljandi vegu – öllum til hagsbóta.

## Samtök iðnaðarins óska Íslendingum til hamingju með fullveldisdaginn

*Samtök iðnaðarins - www.si.is*

SI

Annasamt hjá lögreglunni:

## Rúður brotnar

**LÖGREGLUMÁL** Snemma á laugardagsmorgun fékk lögreglan á höfuðborgarsvæðinu tilkynningu um rúðubrot í tveimur húsum við Njálsgötu og var einn maður handtekinn. Um hálf átta sama morgun voru rúður brotnar í tveimur bílum við Asparlund, en ekki er vitað hver var þar að verki. Seinna sama dag barst lögreglunni svo tilkynning um skemmdir á bifreið við Kleppsveg. Einnig barst lögreglunni tilkynning um innbrot og þjófnað á Lækjarmelum, þar sem gríðarmörgum verkfærum var stolið. Málið er nú í rannsókn. - skó

Fulltrúi Samfylkingarinnar í fjárlaganefnd fagnar því að aukið fjármagn verði lagt í ljósleiðaravæðingu:

# Gagnrýnir niðurskurð til Ríkissaksóknara

**STJÓRNMÁL** Oddný G. Harðardóttir, fulltrúi Samfylkingar í fjárlaganefnd, fagnar því að meirihluti nefndarinnar leggi til aukið fjármagn í ljósleiðaravæðingu landsins og til viðhalds innanlandsflugvalla.

Meirihluti fjárlaganefndar lauk tillögum sínum til breytingar á fjárlögunum á fundi sínum í gær, þar sem lagt er til að útgjöld ríkissjóðs á næsta ári hækki um rúma einn komma fimm milljarða króna. Þar af fara 500 milljónir til viðhalds innanlandsflugvalla, þrjú hundruð milljónir til lagningar ljósleiðara á landsbyggðinni og 170 milljónir til Vegagerðarinnar.

„Ég vil byrja á að lýsa ánægju minni með framlagið sem fer í fjarskiptasjóð. Þar er mikilvægt byggðamál á ferðinni. Ég er ánægð með það og ég er ánægð með framlagið sem fer í flugvelli á landsbyggðinni, sem er 500 milljónir. Að öðru leyti finnst mér forgangsröðunin svolítið einkennileg,“ segir Oddný. Til að mynda sé staðið við niðurskurð á framlögum til lögreglu og Ríkissaksóknara til að flýta málefnum barna sem séu þolendur kynferðisofbeldis.

„Það er staðið við þann niðurskurð sem er í frumvarpinu upp á 56 milljónir króna. Meirihlutinn ákveður að bæta 60 milljónum við flutning Fiskistofu, en ríkisstjórnin var búin að setja 70 milljónir til viðbótar,“ segir Oddný. - hmp



**Á ALÞINGI** Oddný Harðardóttir er rétt mátulega ánægð. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**VIÐ ÖLLU VIÐBÚNIR** Sérfræðingar eru við öllu viðbúnir þegar þeir takast á við aðstæður þar sem fuglaflensan kemur upp. NORDICPHOTOS/AFP

Tuttugu og átta þúsund fuglar smitaðir á búgarði í Hollandi:

## Enn eitt afbrigði af fuglaflensu

**HOLLAND Nýtt afbrigði af fuglaflensu fannst í Hollandi um helgina. Yfirvöld þar í landi segja að þetta nýja afbrigði hafi fundist á fuglabúgarði, skammt frá þeim stað þar sem H5N8-veiran fannst fyrir um það bil tveimur vikum.**

**Samkvæmt fréttum The Guardian fannst fuglaflensan á stað sem kallast Zoeterwoude og í tilkynningu frá efnahagsráðherra Hollands sagði hann að um 28 þúsund fuglar væru smitaðir.** - jhh

**SAMFÉLAGSMÁL**

### Skínalda lifir á netinu

Tökuvélar sem svifu um í drónum gera það að verkum að gjörningur Ragnheiðar Hörpu Leifsdóttur, Skínalda, mun nú lifa á netinu. Gjörningurinn fólst í að tvö hundruð komu saman á Klambratúni á þriðjudag og lýstu upp umhverfið sitt til að sýna samstöðu gegn kynbundnu ofbeldi. Ragnheiður Harpa vann verkið fyrir UN Women.

**GETRAUNIR**

### Einn með allar réttar

Einn var með allar tölur réttar í lottóinu á laugardag. Hann hlýtur tæpar 6,5 milljónir króna í sinn hlut. Sá var með miða í áskrift.

Þá voru fimm manns með annan vinning og fékk hver um sig tæpar 57 þúsund krónur. Vinningstölur kvöldsins voru 6, 12, 13, 19, 28 og bónustalan var 8.


**Reykjavík, 31. nóvember 2014.**

365

**Þann 1. janúar næstkomandi verða eftirfarandi breytingar á áskriftarskilmálum 365 miðla.**

**Breytingar á áskriftarskilmálum.**

Kjósi áskrifandi að gera breytingar á áskrift, hvort heldur varðar samsetningu áskriftar, greiðslumáta áskriftargjalds eða uppsögn, þarf slík beiðni að berast eigi síðar en 1. dag næsta mánaðar á undan þeim mánuði sem breytingunum er ætlað að taka gildi. Í stað 11, líkt og áður var.

Seðilgjöld af boðgreiðslu og beingreiðslum verða innheimt frá og með 1. janúar samkvæmt verðskrá hverju sinni.


# Rætt við ráðherra um vatnshæð Lagarfljóts

Bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs óskar eftir fundi með iðnaðarráðherra vegna óánægju með afstöðu Orkustofnunar til eftirlits með vatnshæð í Lagarfljóti. Heimamenn vilja sjálfvirkar lokur í Lagarfossvirkjun til að draga úr hættu á frekara landbroti.

**UMHVERFISMÁL** „Landeigendur hafa gert athugasemdir og okkur finnst viðbrögðin við þessu hafa verið harla lítil,“ segir Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs, sem reynir nú að ná fundi innanríkisráðherra vegna hárrar vatnsstöðu í Lagarfljóti.

Björn segir að vegna hárrar vatnsstöðu sé talsvert landbrot við bakka Lagarfljóts, sérstaklega neðan Egilsstaða.

Fljótsdalshérað er ekki sátt við afstöðu Orkustofnunar til virkjunarleyfis Lagarfossvirkjunar og leitaði umsagnar Skipulagsstofnunar sem benti á að Orkustofnun heyri undir iðnaðarráðherra. Skipulagsstofnun benti „þó á að í matsskylduumfjöllun var miðað við 20 metra vatnshæð og í gildandi deiliskipulagi er vatnshæð Lagarfljóts í aðrennslisskurði og ofan stíflu 20 metrar yfir sjávarmáli.“

Að sögn Björns er deilt um eftirlit með lokum í Lagarfossvirkjun og hvort miða eigi við vatnshæð við Lagarfljótsbrú eins og kveðið sé á um hana í eldra virkjunarleyfi.

„Það er afstaða Orkustofnunar að þessi viðmið eigi við um Lagarfossvirkjun en ekki Lagarfljótsbrúna. Tuttugu metra vatnshæð við virkjunina getur þýtt 21 metra við Lagarfljótsbrú. Það er það sem stendur svolítill styr um,“ segir Björn og útskýrir að eftir því sem vatnshæðin sé meiri við Lagarfljótsbrú aukist landrof þar. „Það fjölgar þeim tilfellum sem túnin og landið á þessu svæði hverfur allt undir vatn með tilheyrandi landskemmdum.“



**LAGARFOSSVIRKJUN** Framkvæmdir við stækkun Lagarfossvirkjunar á árinu 2007. MYND/RARIK

Björn segir landeigendur hafa gert athugasemdir. „Okkur finnst viðbrögðin við þessu hafa verið harla lítil,“ segir bæjarstjórinn sem tekur þó fram að Landsvirkjun fyrir sitt leyti sé mjög meðvituð um að bregðast þurfi við landbrotinu og hafi kortlagt til að meta hvernig best verði brugðist við.

Lokurnar sem stjórna vatnsrennslinu í gegn um Lagarfossvirkjun eru handstýrðar. Bæjaryfirvöld vilja að lokurnar verði sjálfvirkar. „Spurningin er um skráningu. Við viljum að lokurnar séu rafstýrðar en ekki handstýrðar þannig að hægt sé að sýna fram á hvenær þær eru opnar og hvenær lokaðar,“ segir Björn.

Aðspurður segir bæjarstjórinn vissulega ekki alltaf hægt að koma í veg fyrir háa vatnsstöðu. Það sé til dæmis tilfellið í leysingum. „En málið snýst um að menn reyni að lágmarka þetta með því að hafa lokurnar uppi.“



> **Það fjölgar þeim tilfellum sem túnin og landið á þessu svæði hverfur allt undir vatn með tilheyrandi landskemmdum.**
>
> *Björn Ingimarsson, bæjarstjóri Fljótsdalshéraðs.*

gar@frettabladid.is


SIEMENS




Jólabæklingurinn er kominn út.
Sjá nánar á sminor.is.
Fullt af glæsilegum vörum á jólaverði.

SIEMENS **Uppþvottavél**
SN 45M231SK
13 manna.
Fimm kerfi.
Sérlega hljóðlát: 44 dB.
Zeolite-þurrkun.
Orkuflokkur A+++.
Ráð&Rön HÆSTA EINKUNN Apríl 2013

Jólaverð (hvít):
139.900 kr.
Fullt verð án vörugjalda: 151.900 kr.



SIEMENS **Þvottavél**
WM 12E267DN
Tekur mest 7 kg, vindur upp í 1200 sn./mín.
Orkuflokkur A+++.

Jólaverð:
96.900 kr.
Fullt verð án vörugjalda: 103.900 kr.



SIEMENS **Þurrkari**
WT 46B267DN
Tekur mest 7 kg.
Gufuþétting,
enginn barki.

Jólaverð:
99.900 kr.
Fullt verð án vörugjalda: 111.900 kr.



Við höfum þegar lækkað verð um 20% og gerum nú enn betur.

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Smith & Norland hefur þegar lækkað verð um 20% til áramóta af þeim tækjum, sem nú bera vörugjöld; ofnum, helluborðum, eldavélum, uppþvottavélum, kæliskápum, þvottavélum og þurrkurum. Öll verð miðast við að vörugjöld séu fallin niður.



Fyrir fagmenn
MÚRBÚÐARVERÐ
PRODUZIONE 100% GHELFI
Ghelfi Spirit 2HP með 2 blöðum og aukahlutum
kr. 269.990m.vsk
Alvöru iðnaðarryksuga!
ÍTÖLSK GÆÐI
Soteco Topper 515, Longo pac
165.990
Frábært verð á stál- og plast-þakrennum.
Sjá verðlista á www.murbudin.is
Furu- og birkikrossviður í úrvali
Sjá verðlista á www.murbudin.is
verðdæmi 12mm 5 laga 122x244cm kr. 3.890
149.900 m. VSK
Oleo Mac 16” Steinsög 5HP - ítölsk gæðavara
Eibenstock 1300 W hrærivél
39.900
A015-105
Áltrappa 5 þrep
16.990
Rafmagnshita-blásari 5Kw 3 fasa
12.990
SHA-8083 3x36W Fluor
16.990
Stillanlegur stálfótur fáanlegur kr. 6.790
SM-RLG07
Áltrappa 7 þrep, tvöföld
25.590
5 þrepa tvöföld 19.990,-
Búkki – Vinnuborð stillanlegt (E)
3.990
Drive160 L steypurhrærivél
39.990
Drive léttivagn 150 kg
6.490
SHA-218-28E
Vinnuljóskastari ECO perur 2x400W tvöfaldur á fæti
6.890
Uppfyllir EN-131 staðalinn
Járnbúkkar sett=2 stykki
4.990
EP Pallettu-tjakkur 2 tonna lyftigeta
35.990
Alvöru græja!
Rakaþolplast 0,2x4x25m
kr. 10.590
GAH þýskir byggingarvinklar og skrúfur. Mikið úrval
Chemfix teinalím 345 ml
2.295
Deka festifrauð 750 ml
985
Weberfloor 4150 flotefni 4-30mm
2.570
Drive útdraganlegt rafmagnskefli 20 metra
12.990
TIA PRO álstigi 2x12 þrep 3,61-6,1 m
28.990
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
| Reykjavík | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| Reykjanesbær | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |
MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!




Á jólunum viljum við að gleðin sé við völd. Við viljum halda í hefðirnar og vera í faðmi fjölskyldu og vina. Á stað sem okkur er kær. Heima hjá okkur.

Stundum flækist lífið fyrir fögrum fyrirheitum. Áætlanir breytast. Rétt eins og lífið. Þá aðlögum við okkur. Við getum pakkað jólunum niður og flutt þau þangað sem hjartað slær. Flogið yfir fjöll og höf og búið okkur til nýjar hefðir þar sem ástvinir okkar eru.

**Gleðilega hátíð.**




ÍSLENSKA SIA.IS ICE 71533 11/14

+ icelandair.is

Vertu með okkur

ICELANDAIR



**JÓLATRÉ Á FLOTI Í BRASILÍU** Í Rio de Janeiro settu borgaryfirvöld þetta 85 metra háa jólatré á flot út á lónið Rodrigo de Freitas og héldu upp á komu aðventunnar með flugeldasýningu. Jólatréð mun samkvæmt Heimsmetabók Guinness vera hið hæsta, sem er á floti. Það verður lýst upp með 3,1 milljón ljósapera á hverju kvöldi til áramóta. NORDICPHOTOS/AFP



**BÖRN Í AFGANISTAN** Vetur nálgast í Mið-Asíu. Margir Afganar eiga erfitt með að útvega börnum sínum nægan mat, nægilega gott húsaskjól og nægilega hlýjan klæðnað fyrir veturinn, sem nú nálgast í Mið-Asíu. Þessi börn sátu við húsvegg í borginni Herat.

# ÁSTAND HEIMSINS





**ÚTFÖR Í LÍBANON** Fjöldi manns fylgdi til grafar í Beirút í gær líbönsku söng- og leikkonunni Sabah, en hún var þekkt fyrir að taka óhrædd á umdeildum málum. Hún var orðin 87 ára gömul.






**ALNÆMISDAGSINS MINNST Á INDLANDI** Í dag er alþjóðlegi alnæmisdagurinn. Í Kolkata á Indlandi komu menn saman í gær af þessu tilefni og sendu loftbelg á loft. NORDICPHOTOS/AFP



**ÁTÖK Í HONG KONG** Lögreglumenn í átökum við mótmælendur sem hundruðum saman hafa hafst við í miðborginni vikum saman. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




BARESKIN
bareMinerals
BARESKIN™
by bareMinerals
VIÐ LEIT OKKAR AÐ FULLKOMINNI HÚÐ,
VARÐ FARÐI FRAMTÍÐARINNAR TIL.
Fljótandi steinefnafarði, sem er ofurþunnur og silkikenndur.
Einstök innihaldsefni töfra fram bjartari og jafnari húðlit*
Farðinn er prófaður af húðsjúkdómalæknum og hentar öllum húðgerðum.
Hann er laus við olíur, ilmefni, silicon og paraben.
95 % kvenna upplifðu að dökkir blettir urðu áberandi minna sjáanlegir*
bareMinerals kynningardagar í Hagkaup Smáralind 1. - 7. desember.
25% afsláttur af bareMinerals.
*Niðurstöður rannsókna þar sem 94 konur notuðu BARESKIN samfleytt í 8 vikur.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Óvíst hvort Hosni Mubarak fær frelsið eftir að dómstóll sýknaði hann á laugardag:

# Námsmenn mótmæla sýknun Mubaraks

**EGYPTALAND, AP** Nokkur hundruð námsmanna komu saman fyrir utan háskólann í Kaíró í gær til að mótmæla sýknun Hosni Mubaraks, sem steypt var af stóli snemma árs 2011. Stúdentar efndu einnig til mótmæla í fleiri borgum landsins.

Dómstóll í Kaíró sýknaði Mubarak á laugardaginn af ákærum í tengslum við uppreisnina gegn honum árið 2011. Hann var, ásamt félögum sínum í þáverandi herforingjastjórn landsins, sakaður um að hafa skipað öryggissveitum sínum að beita valdi, sem varð til þess að fjöldi mótmælenda lét lífið.

Strangt til tekið sýknaði dómstóllinn reyndar ekki Mubarak, heldur vísaði ákærunni frá af tæknilegum ástæðum. Hins vegar var yfirmaður öryggissveitanna og sex aðrir yfirmenn sýknaðir af allri ábyrgð á dauðsföllunum. Þessi úrskurður felur í reynd í sér að Mubarak geti ekki verið sekur.

Mubarak var í maí síðastliðnum dæmdur í þriggja ára fangelsi vegna spillingarmála. Óvíst er hvort hann þarf að afplána þann dóm frekar, þar sem hann hefur nú þegar verið í haldi í þrjú ár.

Um það bil 170 aðrir yfirmenn lögreglu og öryggissveita hafa verið sýknaðir af ákærum tengdum láti mótmælendanna. Þetta gerðist þrátt fyrir að fjöldi myndbanda sé til, sem sýna greinilega lögreglumenn skjóta á mótmælendur, aka yfir þá og misþyrma þeim með barsmíðum. - gb



**MÓTMÆLI Í KAÍRÓ** Þrátt fyrir strangar reglur og hættu á fangelsun mættu hundruð námsmanna til þess að mótmæla sýknun Mubaraks í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Stóla nú á Öryggisráðið

Palestínumenn leggja nú alla áherslu á að fá aðstoð frá Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðastofnunum við að ná fram markmiðum sínum um sjálfstætt ríki innan landamæranna frá 1967. Mufeed Shami, sendiherra Palestínu í Noregi og á Íslandi, segist afar þakklátur Íslendingum fyrir stuðninginn.

**PALESTÍNA** „Ég kom hingað til þess að þakka íslenskum stjórnvöldum og íslensku þjóðinni fyrir stuðning þeirra við Palestínu,“ segir Mufeed Shami, sendiherra Palestínu á Íslandi. Hann hefur aðsetur í Noregi, en kom hingað til lands fyrir helgi til þess að taka þátt í ráðstefnu á vegum félagsins Ísland Palestína, sem haldin var á laugardaginn í tilefni af alþjóðlegum samstöðudegi með Palestínu. Á laugardaginn voru jafnframt liðin þrjú ár frá því Ísland viðurkenndi sjálfstæði Palestínu.

„Þessi viðurkenning og stuðningur Íslands varð í raun fordæmi sem önnur lönd hafa fylgt. Með viðurkenningu æ fleiri ríkja á sjálfstæði Palestínuríkis gerist það, að þegar viðræður við Ísraela hefjast að nýju þá stöndum við jafnfætis þeim. Þetta verða viðræður milli tveggja ríkja.“



**Í RÚSTUM EIGIN HEIMILIS** Ahmad Atawneh stendur þarna þar sem hann bjó áður í Gasaborg, sem Ísraelar lögðu að stórum hluta í rúst með árásum sínum í sumar. NORDICPHOTOS/AFP

### Leitað til Sameinuðu þjóðanna

Undanfarin misseri hefur stjórn Palestínu farið nýjar leiðir í baráttu sinni fyrir sjálfstæði. Í staðinn fyrir að stóla á viðræður við Ísraela, sem dregist hafa út í hið óendanlega og stranda jafnharðan þegar reynt er að koma þeim af stað, þá hafa Palestínumenn leitað til Sameinuðu þjóðanna og hyggjast halda því áfram. „Við höfum áttað okkur á því að Sameinuðu þjóðirnar og hinn alþjóðlegi vettvangur er okkar leið til þess að ná fram markmiðum okkar. Nú orðið líður ekki svo mánuður að ekki séu samþykktar ályktanir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna til stuðnings Palestínu. Til dæmis voru bara nú í nóvember samþykktar sex ályktanir sem varða mismunandi svið daglegs lífs í Palestínu. Ein þeirra er til dæmis um konur í Palestínu, önnur um heilbrigðismál.“

### Öryggisráðið

Nú er það Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna sem Palestínustjórn horfir til. Reynt er að fá ráðið til þess að samþykkja ályktun, þar sem þess yrði krafist að Ísraelar bindi enda á hernám Palestínu.

„Sum aðildarríki ráðsins styðja okkur, en önnur eru annað hvort að biðja okkur um að hætta við þetta eða fresta því. En við erum mjög ákveðnir í þessu og vonumst til þess að þetta gangi í gegn.“ Hann segir Palestínumenn vera mjög sveigjanlega hvað varðar orðalag ályktunarinnar, svo fremi sem meginatriðið sé skýrt: Hernáminu ljúki. „Hernámið hefur staðið frá árinu 1967 og við erum að missa landsvæði daglega. Við getum ekki búið við það ástand lengur. Við óttumst að á endanum verði ekkert land eftir handa okkur. Þannig að við verðum að fá alþjóðasamfélagið í lið með okkar.“

### Ekkert ofbeldi

Shami leggur áherslu á að Palestínustjórn styður ekki ofbeldi og hvetur ekki til ofbeldis heldur vill fara friðsamlegar leiðir til þess að ná fram markmiðum sínum.

„Þar sem við erum með völdin, þar eru örugg svæði,“ segir Shami og fullyrðir að Ramallah á Vesturbakkanum sé að sínu mati ein öruggasta borg í heimi. „Svo fremi sem Ísraelar séu ekki að skipta sér af hlutunum þar. Þar sem við ráðum engu, aftur á móti, eins og til dæmis í Jerúsalem, þar er ofbeldi. Við viljum ekki ofbeldi, en Ísraelar ögra okkur daglega og auðmýkja, og margir ungir menn bregðast við því. Það gerir allt erfiðara fyrir okkur. Það er engu líkara en Ísraelar vilji hreinlega hafa þetta ofbeldi til þess að sanna þá kenningu sína að Palestínumenn séu ofbeldismenn. Við viljum að minnsta kosti ekki fara þá leið.“

### Hernámið

„Ísraelar gleyma því að hernámið er ofbeldi. Ef ekki væri fyrir hernámið, þá væri ekkert ofbeldi, ekki einu sinni í löndunum í kring því margir öfgamenn í nágrannalöndunum nota hernámið sem afsökun fyrir verkum sínum. Það er hreint skammarlegt að enn á 21. öldinni sé til staðar hernám þar sem ein þjóð stjórnar annarri. Alþjóðasamfélagið hefur þarna skyldum að gegna gagnvart okkur,“ segir Shami.

„Þess vegna leitum við til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna núna, og því ætlum við að halda til streitu – nema þá Ísrael hætti landtökunni og viðurkenni landamæri okkar, sem eru landamærin frá því í júní 1967. Fari Ísraelar að þessum tveimur meginskilyrðum okkar, þá gætum við náttúrlega átt beinar og árangursríkar viðræður við þá og þyrftum ekki að leita til alþjóðastofnana,“ segir Shami, en virðist ekki gera sér miklar vonir um að Ísraelum detti í hug að fara þessa leið.



„Við óttumst að á endanum verði ekkert land eftir handa okkur. Þannig að við verðum að fá alþjóðasamfélagið í lið með okkar.
*Mufeed Shami*

### Ábyrgðin

„En hvað ætla Ísraelar að gera ef þeir gefa tveggja ríkja lausnina upp á bátinn?“ spyr hann. „Ætla þeir þá að taka raunverulega ábyrgð á hernáminu? Eru Ísraelar reiðubúnir til þess að fara að hefja samningaviðræður við ellefu milljónir manna. Núna hafa þeir þó Palestínustjórn til að ræða við, fulltrúa Palestínumanna.“ gudsteinn@frettabladid.is



10 áfangastaðir

Flugsæti
Aðra leið m/sköttum á primeraair.com

Alicante Frá kr. 14.990
Barcelona Frá kr. 14.900
Bodrum Frá kr. 29.990
Bologna Frá kr. 19.990
Krít Frá kr. 29.990
Las Palmas Frá kr. 24.900
Malaga Frá kr. 19.900
Mallorca Frá kr. 24.990
Salzburg Frá kr. 14.990
Tenerife Frá kr. 19.990

Primera Air

Rakavarnar- og byggingaplast



Vottuð vara!

Rakaþolplast, verð aðeins 10.590 kr. pr. 100m² rúlla.

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 www.murbudin.is



DAGUR REYKSKYNJARANS

# VAKA REYKSKYNJARAR

## YFIR ÞÉR OG ÞÍNUM?

*Dagur reykskynjarans er 1. desember.*

***Notum hann öll til að:***

- Prófa reykskynjarana og skipta um rafhlöður ef þess gerist þörf.
- Kaupa og setja upp reykskynjara ef enginn eða aðeins einn reykskynjari er fyrir. Þeir eiga að vera tveir eða fleiri á hverju heimili.
- Setja upp reykskynjarann sem búið er að kaupa en hefur ekki komist lengra en ofan í skúffu eða inn í skáp.

*Eldvarnabandalagið óskar landsmönnum öllum þess að hátíðin sem fer í hönd verði slysalaus og gleðileg.*

*Förum varlega!*

[ELDVARNA] bandalagið

**Eldvarnabandalagið** er samstarfsvettvangur um auknar eldvarnir. Aðild að því eiga: Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, Félag slökkviliðsstjóra, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Mannvirkjastofnun, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Slysavarnafélagið Landsbjörg, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, TM hf., Vátryggingafélag Íslands hf. og Vörður tryggingar hf.

**www.mvs.is**

# -5.000 kr. afsláttur

af öllum öðrum Samsung símum þegar þú staðgreiðir

# -10.000 kr.

af Samsung Galaxy S4 Mini,



Tveir fyrir einn!

**Samsung Gear Fit**

**34.990 kr.** stgr.

Á meðan birgðir endast
Borgar fyrir eitt en færð tvö



Tveir fyrir einn!

**Nike+ fuelband SE**

**29.990 kr.** stgr.

Á meðan birgðir endast
Borgar fyrir eitt en færð tvö



500 kr. notkun eða 250 MB á mán. í 6 mán. fylgir.

-10.000 kr. afmælisafsláttur
þegar þú staðgreiðir

**Samsung Galaxy S4 Mini**

**44.990 kr.** verð með afslætti

Fullt verð: **54.990 kr.**



500 kr. notkun eða 250 MB á mán. í 6 mán. fylgir.

-10.000 kr. afmælisafsláttur
þegar þú staðgreiðir

**Samsung Galaxy S5 Mini**

**69.990 kr.** verð með afslætti

Fullt verð: **79.990 kr.**

# 7 ÁRA AFMÆL

## Kíktu á dýrðina í öllum verslunum Nova í dag



Tveir fyrir einn!

**UrbanEars Plattan**

**11.990 kr.** stgr.

Borgar fyrir ein en færð tvö



20% afsláttur

**Allskyns aukahlutir í miklu úrvali!**




Yfir 5 þúsund vinningar! Flug til USA, iPhone 6 o.fl.

**Taktu þátt í jóladagatali Nova 2014!**




20% afsláttur

**Bíókort – 5x í bíó**

**3.790 kr.** stgr.



**Von hálsmen til styrktar börnum með krabbamein**

**4.000 kr.** stgr.



**Langastöng**

**2.490 kr.** stgr.

Brandenburg

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri. Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Nánar á nova.is


afsláttur
S5 Mini, Alpha og Note 4 þegar þú staðgreiðir
-20.000 kr. afsláttur
af Samsung Galaxy S5 þegar þú staðgreiðir
1.000 kr. notkun eða 500 MB á mán. í 6 mán. fylgir.
-10.000 kr. afmælisafsláttur þegar þú staðgreiðir
Samsung Galaxy Alpha
99.990 kr. verð með afslætti
Fullt verð: 109.990 kr.
1.000 kr. notkun eða 500 MB á mán. í 12 mán. fylgir.
-10.000 kr. afmælisafsláttur þegar þú staðgreiðir
Samsung Galaxy Note 4
124.990 kr. verð með afslætti
Fullt verð: 134.990 kr.
1.000 kr. notkun eða 500 MB á mán. í 6 mán. fylgir.
-20.000 kr. afmælisafsláttur þegar þú staðgreiðir
Samsung Galaxy S5
79.990 kr. verð með afslætti
Fullt verð: 99.990 kr.
Ókeypis heimsending um allt land! Á vefverslun nova.is
ISTILBOÐ
– opið til klukkan 19:00
2.000 kr. notkun eða 2 GB á mán. í 12 mán. fylgir.
Langa-stöng fylgir
iPhone 6 16 GB
119.990 kr. stgr.
7.290 kr. /18 mán.
2.000 kr. notkun eða 2 GB á mán. í 12 mán. fylgir.
Langa-stöng fylgir
iPhone 6 Plus 16 GB
129.990 kr. stgr.
7.990 kr. /18 mán.
Stærsti skemmtistaður í heimi!
NOVA

# SKOÐUN

Embættismenn eru gjarnir á að fara í felur:

# Í skjóli valdsins

Það var gott hjá fréttastofu Stöðvar 2 að sýna áhorfendum hvernig samskipti fréttamaður hafði átt við lögreglustjórann á höfuðborgarsvæðinu, til þess eins að freista þess að fá taka við hana fréttaviðtal. Ótrúlega mikil vinna er unnin alla daga á öllum fréttastofum landsins við að eltast við embættismenn eða aðra formælendur stofnana eða annarra fyrirbæra. Algengt er að fólk telji að það geti svarað með tilkynningum. Svo er alls ekki, þá vantar spurningarnar. Tilkynningar eru lítils virði og þær eru oftar en ekki vörn viðkomandi. Þær eru óboðlegar.



Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

Bankastjóri Landsbankans þarf að skýra hvers vegna bankinn afréð að selja þeim sem fyrstur bankaði upp á, hlut bankans í Borgun. Í stað þess að tala við fjölmiðla, sem flestir hafa reynt allt hvað þeir geta, til að ná tali af bankastjórunum, telur bankastjórinn duga að senda frá sér tilkynningu – og það virkilega vonda.

Margt af þessu fólki getur kannski stjórnað eigin fyrirtækjum eða stofnunum með tilskipunum eða tilkynningum en það má aldrei komast upp með að stjórna fjölmiðlaumfjölluninni með sama hætti. Aldrei.

Í frétt á Vísi vegna samskipta fréttamanna og lögreglustjórans segir meðal annars: „Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ætlar ekki að veita fréttastofunni viðtal vegna lekamálsins. En ítrekað hefur verið óskað eftir viðtali við hana frá því upplýst var um samskipti hennar við Gísla Frey Valdórsson, fyrrverandi aðstoðarmann innanríkisráðherra. Mörgum spurningum er enn ósvarað varðandi samskipti núverandi lögreglustjóra á höfuðborgarsvæðinu og þáverandi aðstoðarmanns innanríkisráðherra. Meðal annars um innihald þeirrar greinargerðar sem lögreglustjórinn afhenti aðstoðarmanninum."

Þetta tilfelli er aðeins eitt af mörgum. Þegar staðan er öndverð, þegar sömu embættismenn þurfa að hælast af verkum sínum vantar ekki áhugann á umfjöllun fjölmiðla. Þá er framboðið af þessu sama fólki meira en eftirspurnin. Allt þetta á einnig við um marga stjórnmálamenn. Þeir eiga svo sannarlega til að koma sér í skjól, forðast fjölmiðla þegar á þá hallar en ætlast svo til þjónustu þegar þeir telja sig hafa eitthvað merkilegt að segja.

Já, það var gott hjá fréttastofu Stöðvar 2, eftir að hafa ítrekað reynt að fá lögreglustjórann, opinberan embættismann, til að svara sjálfsögðum spurningum, að opinbera samskiptin. Aldrei má alhæfa. Á hverjum tíma er starfandi fólk sem alltaf svarar, hvort sem það er í blíðu eða stríðu. Hið minnsta hingað til hefur það gengið með ágætum að flest þau sem starfa við fréttaöflun hafa haft góðan aðgang að helsta ráðafólki. Til undantekninga heyrir ef fréttafólk veit ekki öll símanúmer ráðafólks og það getur hringt í viðkomandi. Reyndar færist í vöxt að til að mynda ráðherrar eru í skjóli aðstoðarmanna sinna.

Þegar neitað er að svara, ef ekki næst í viðkomandi, svo ekki sé talað um þegar send er út tilkynning, er ljóst að eitthvað er að og sennilega meira en kannski ástæða var að ætla. Þetta háttalag er óþolandi og þar sem byrjað var að tala um Sigríði Björk Guðjónsdóttur lögreglustjóra er best að enda þar líka. Sigríður Björk; svaraðu fyrirspurnum. Þú gerir það hvort sem er, að lokum.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Eftirlauna landlæknir?

Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hefur skipað Birgi Jakobsson sem landlækni og tekur hann við embættinu um áramótin. Enginn efast um ágæti Birgis, samt vakna spurningar vegna skipunarinnar. Birgir hefur ekki búið hér á landi í meira en aldarþriðjung og eins vakna spurningar vegna aldurs Birgis, en hann er 66 ára gamall. Verði honum gert að hætta sjötugum mun hann ekki ná að starfa allan skipunartímann, það er í fimm ár. Gera verður ráð fyrir að einhvern tíma taki hann að setja sig inn í starfið, og ljóst er að Birgir verður aldrei tvö ráðningartímabil, það er í tíu ár.



### Þáttur feðganna ofmetinn

Ofsagt er að feðgarnir Einar Sveinsson og Benedikt sonur hans hafi leikið stórt hlutverk í kaupum á hlut Landsbankans í Borgun. Einar er vissulega meðal kaupenda Borgunarhlutarins og Benedikt situr í stjórn þess félags Einars, sem keypti hlutinn. Hitt er annað að leitað var til Einars, um þátttöku í kaupunum, eftir að söluferlið var hafið. Landsbankinn á enn eftir að segja frá, og það með skiljanlegum hætti, hvers vegna salan var gerð eins og raun ber vitni og hvers vegna öðrum fjárfestum var ekki gefinn kostur á að kaupa hlut bankans í Borgun.



### Sambandsleysi í Framsókn

Mörgum brá í brún þegar Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar, tilkynnti veigamiklar breytingar á rammaáætlun. Meðal þeirra sem urðu gapandi bit var Sigurður Ingi Jóhannsson umhverfisráðherra. Margir urðu gáttaðir á að ráðherra vissi sama og ekkert um áformin. Framsókn á þrjá menn í nefndinni; Pál J. Pálsson, Þorstein Sæmundsson og Þórunni Egilsdóttur. Ekkert þeirra hafði haft fyrir að segja ráðherra eða þingflokknum frá þeim miklu breytingum sem formaðurinn tilkynnti um á fundi nefndarinnar. Ráðherrann sló strax á fingur meirihlutans og sagði nefndina komna langt fram úr sér.

sme@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Myrkur í heygarðshorninu

KLUKKAN



Gunnlaugur Björnsson
stjarneðlisfræðingur

Enn er komin fram á Alþingi þingsályktunartillaga um „seinkun klukkunnar og bjartari morgna". Réttilega er bent á í tillögunni að klukkan á Íslandi er ekki í samræmi við gang sólar. Það er enda svo að tíminn er ákveðinn hinn sami á öllu landinu þó að með réttu lagi ætti klukkan á Austurlandi að vera um hálftíma á undan klukkunni á Vesturlandi.

Þegar tíminn er festur eins og gert er á Íslandi og raunar í öllum löndum, er reynt að koma því þannig fyrir að gangur klukkunnar sé sem flestum að skapi. Það er ekki alltaf auðvelt, og í sumum ríkjum er það reyndar alls ekki gert. Þegar ákveðið var árið 1968 að sumartími skyldi gilda á Íslandi árið um kring var það að sjálfsögðu að vel athuguðu máli og hefur ekki þótt ástæða til að hreyfa við því síðan.

Á liðnum áratug eða tveimur, hafa öðru hvoru komið fram á Alþingi tillögur um að hverfa frá þessu fyrirkomulagi. Fyrst vildu menn auka enn við misræmið og færa hádegið lengra fram á eftirmiðdaginn. Gæfust þannig lengri og bjartari kvöld til útiveru, grillunar eða annarrar iðju. Það varð ekki. Nú vilja sumir þingmenn taka skrefið í hina áttina og hverfa frá föstum sumartíma. Meginástæða þessara hugmynda að breyttri klukku sýnist vera sú að með því móti fáist bjartari morgnar, sem vissulega er rétt. Það virðist þó skína í gegn í tillögunni að þetta gefi fleiri birtustundir í sólarhringnum en núverandi fyrirkomulag og bæti þar með geð guma. Það er auðvitað alrangt. Lega landsins og gangur jarðar um sól „úthluta" okkur ákveðnum fjölda birtustunda yfir daginn, við getum einungis ákveðið með lögum hvernig klukkan skuli stillt. Það fjölgar ekki birtustundum.

Líklega skiptir það þorra manna mestu máli að birtustundir á vökutíma séu sem flestar. Það er einfalt að reikna það út að ef klukkunni yrði seinkað um eina klukkustund eins og þingsályktunartillagan leggur til, myndi myrkurstundum á vökutíma fjölga um 131 til 190 klukkustundir eftir því hvort vökutími teldist frá 7-23 eða 8-24.

Þetta samsvarar fimm til átta heilum sólarhringum í auknu myrkri á vökutíma! Ég myndi ekki vilja skipta fyrir nokkurn mun. Ekki verður séð að hugmynd flutningsmanna sé líkleg til að draga úr skammdegisþunglyndi eða öðrum sálarkvillum sem hugsanlega orsakast af langri dvöl á norðurhjara.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Markaðsvæðing lífsgæðanna

Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Einhver örgustu falsorð seinni tíma eru „frjálshyggja“ og „nýfrjálshyggja“ þegar í raun og veru er átt við hugmyndafræði sem nær væri að kenna við „auðhyggju“ og „markaðsnauðhyggju“. Þessari stefnu fylgir nefnilega frelsisskerðing fyrir hinn breiða fjölda; fáum auðmönnum er hyglað á kostnað hinna mörgu og almannahagsmunir látnir lönd og leið, og allt í einu þarf að borga einhverjum fyrir sjálfsögðustu réttindi, samkvæmt þeirri hugsjón að hlutirnir séu einskis virði nema einhver græði á þeim. Ekki er linnt látum fyrr en tekist hefur að koma því sem enginn á – og þar með við öll – í eigu útvalinna.

Kvótakerfið og „frjáls“ viðskipti með réttinn til að nýta þjóðareignina hefur þannig í för með sér frelsisskerðingu fyrir venjulegt fólk að sækja sjóinn nema með því að greiða skatt til kvótaeigenda. Þeir geyma þennan skatt af sameign þjóðarinnar í leynihólfum heimsins og nota hann til að kaupa sér forréttindi og séraðgang að því sem ætti að vera almannaeign, eins og sést til dæmis á viðleitni til að einkavæða útsýnið til Esjunnar í miðbæ Reykjavíkur; nokkurs konar einkavæðing Esjunnar. Ríkisstjórn landsins lítur á það sem eitt sitt helsta hlutverk að gæta þess að ekki sé hróflað við þessum forréttindum.

**Blóðbergsskatturinn**

Og nú eru ófrjálshyggjumennirnir með nýtt ófrelsisfrumvarp í smíðum. Nú á enn að fara að rukka okkur fyrir að vera til og gera það sem fram til þessa hefur verið sjálfsagður hluti af tilveru okkar hér á landi. Nú þurfum við að borga einhverjum væntanlegum ólígörkum ríkisstjórnarinnar sérstakan skatt fyrir að fara í berjamó, skoða fossa, ganga á fjöll, liggja í lautu og anda að okkur ilminum af blóðbergi, birki og fjalldrapa, sem er ilmurinn af Íslandi.

Þessi blóðbergsskattur, nefndur „náttúrupassi“, sem til stendur að leggja á landsmenn er af sama toga og matarskatturinn illræmdi. Skattheimtunni er beint frá „eigendum“ auðlindanna, „framleiðendum“ varningsins og að almenningi. Með sama áframhaldi verðum við látin borga fyrir réttinn til að drekka vatn og anda að okkur fersku lofti. Þetta er markaðsvæðing lífsgæðanna.

Það mun vera einhver ábatasamasta iðja í heimi að selja Íslendingum nauðsynjar. Í hópi útrásarvíkinga fóru þeir fremstir í flokki, alfrjálsir af kostnaðarvitund, sem komið höfðu undir sig fótunum með því að selja Íslendingum grænmeti, bensín, bíla, tryggingar og aðrar einokaðar lífsnauðsynjar og töldu sér alla vegi færa eftir það. Hér höfum við löngum átt stjórnvöld sem hafa sýnt því mikinn og ríkan skilning – og aldrei sem nú – að framleiðendur og seljendur matvöru þurfi að njóta „frelsis“ til að hafa verðlag eins hátt og hugmyndaflug þeirra leyfir.

Í rauninni má segja að íslenskt launafólk sé nokkurs konar auðlind fyrir þessa umsvifamenn, nokkurs konar veiðistofn sem þeir skiptast á að nýta og greiða hver öðrum fyrir aðganginn að.

Nýi blóðbergsskatturinn er partur af þessu. Nú á að nýta auðlindina „íslenskan almenning“ með nýjum hætti. Tekið er gjald af fólki fyrir að nýta sér það sem hingað til hefur verið talinn nokkurs konar frumburðarréttur hvers Íslendings, og því dreift á milli fólks í ferðaþjónustu af einhverjum vildarskömmtunarstjórum sem Sjálfstæðismenn hafa verið svo duglegir að búa til gegnum tíðina.

**Skattur á hvað?**

Hvar þarf maður að sýna þennan passa? Þegar maður fer að skoða Goðafoss en ekki þegar maður fer í berjamó? Þegar maður fer í berjamó í grennd við Goðafoss? Þegar maður er á sandblásnum mel? Í lúpínubreiðum? Þegar manni finnst eitthvað fallegt? Er þetta sérstakur náttúrufegurðarskattur svona í anda þess að skattleggja bókmenntir, fagrar listir og hollan mat sérstaklega en hvetja fólk sérstaklega til að borða sykur? Er þetta skattur á unaðarkennd? Þarf ég að borga skatt í hvert sinn sem ég lít í áttina að Snæfellsjökli (áður en þau múra upp í hann líka) og finn þessa sérstöku tilfinningu sem ég kem ekki í orð?

Við eigum ekki margt lengur saman, þessi vesalings sundraða og sundurlynda þjóð og því fækkar stöðugt sem okkur finnst við eiga sameiginlegt, ekki síst vegna þess að auðlindaeigendurnir eru alltaf að reyna að etja okkur saman.

Við eigum samt þetta, sem verður varla komið í orð. Einhver hulin tilfinning fyrir landinu og víðáttunni, viss rýmiskennd sem er öðruvísi hér en víðast hvar, hvernig svo sem uppruna og ætt er annars háttað og hvað sem líður skömmustunni yfir þjóðrembudellu útrásarinnar. Einhvers konar samband við landið, þessi kennd að elska landið, eiga landið og láta landið eiga sig.

Sjálfstæðismenn vilja ekki að fólk hafi þessa tilfinningu fyrir landinu sínu. Því á að finnast sem Ísland sé í eigu annarra en þjóðarinnar. Þeir líta svo á að vatnið og vindurinn, víðáttan og veðrið – anganin af blóðberginu og birkibrekkunni – þetta sé allt bara vörur á markaði sem einhver verði að eiga, annars sé það einskis virði.

> Og nú eru ófrjálshyggjumennirnir með nýtt ófrjálshyggjufrumvarp í smíðum. Nú á enn að fara að rukka okkur fyrir að vera til og gera það sem fram til þessa hefur verið sjálfsagður hluti af tilveru okkar.



# Hvað með minnstu bræður okkar og systur?

Nýverið sögðu fjármálaráðherra og formaður fjárlaganefndar okkur að ríkissjóður hefði úr meira fé að spila á næsta ári en talið var þegar fjárlagagerð stóð sem hæst í sumar og haust. Nánar tiltekið þá reyndust þarna vera um níu milljarðar króna til ráðstöfunar.

ÞRÓUNARAÐSTOÐ



Engilbert Guðmundsson
framkvæmdastjóri Þróunarsamvinnustofnunar Íslands

Þegar hefur verið upplýst að fyrir vikið verði settir meiri peningar í heilbrigðismálin, einkum Landspítalann, og menntamálin. Yfir því gleðjumst við sjálfsagt öll. En þó að þetta sé gleðilegt og þessu fé sé auðvitað vel varið til þessara mikilvægu verkefna megum við ekki vera svo upptekin af viðfangsefnum okkar og vandamálum að við sjáum ekki sára eymd og brýnar þarfir annarra. Og við megum alls ekki gleyma því að þrátt fyrir allt erum við Íslendingar heilbrigðari og betur menntuð en langflestar þjóðir heims.

„Það sem þér gerið mínum minnstu bræðrum það hafið þér og mér gjört,“ sagði Jesús og átti þá að sjálfsögðu ekki síður við það sem við látum ógert til að styðja þá sem verst standa og minnst eiga. Væri ekki hollt fyrir okkur og ekki síður börnin okkar, núna þegar við undirbúum jólahátíðina að minnast þessara orða og sýna í verki að við skiljum boðskap þeirra með því að láta þá sem þurfa að þola svo miklu meiri skort en við njóta svolítils hluta af þessum níu milljörðum okkar?

### Fátækustu löndin

Þörfin er mest í fátækustu löndunum, þar á meðal löndum sem njóta íslenskrar aðstoðar í formi þróunarsamvinnu af ýmsu tagi. Það þarf að berjast gegn ebólufaraldri og fleiri sjúkdómum. Það þarf að tryggja konum aðstöðu til að fæða börn án þess að leggja líf sitt og þeirra í stórhættu. Það þarf að koma börnum á legg og í skóla, og það þarf að tryggja öllum vatn og mat þannig að engin stúlka eða drengur leggist til svefns með tóman maga á hverju kvöldi og nái aldrei fullum líkamlegum og andlegum þroska vegna viðvarandi næringarskorts. Aðstoðinni er hægt að koma á framfæri í gegnum alþjóðastofnanir á borð við Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna (UNICEF), félagasamtök á borð við Hjálparstarf kirkjunnar, Rauða krossinn, ABC Barnahjálp, SOS Barnaþorpin, Barnaheill og fleiri, og í gegnum tvíhliða samvinnu sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands sinnir. Allir þessir aðilar þurfa sárlega á fé að halda til að styðja þá sem minnst mega sín og skortir allt og fátæktin fer verst með.

### Langminnsta aðstoðin

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir: „Lögð verður áhersla á þróunarsamvinnu og öfluga þátttöku í fjölþjóðlegu samstarfi um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda“. Alþingi hefur auk þess samþykkt ályktun um þróunarsamvinnu þar sem gert er ráð fyrir mikilli aukningu framlaga á næstu árum. Því miður hafa efndirnar látið á sér standa og framlögin lækkað, þó að vitað sé að við Íslendingar látum minnst af hendi rakna til þróunarsamvinnu á hvern íbúa (og sem hlutfall af þjóðartekjum) af öllum þjóðum í Vestur- og Norður-Evrópu. Og það er því miður ekki bara minnst, heldur langminnst!

Vill nú ekki gott fólk í ríkisstjórn og á Alþingi rifja upp góðar fyrirætlanir sínar og íhuga hvort ekki er hægt að klípa svo sem eina tíund af peningunum sem fundust um daginn og láta þá njóta þess sem búa við sárustu fátæktina og hafa minnst að borða og geta mjög oft ekki einu sinni látið sig dreyma um lágmarksmenntun eða grundvallarheilsugæslu.

**➜ Það þarf að tryggja konum aðstöðu til að fæða börn án þess að leggja líf sitt og þeirra í stórhættu. Það þarf að koma börnum á legg og í skóla, og það þarf að tryggja öllum vatn og mat.**

NOTAÐIR BÍLAR
Í MIKLU ÚRVALI



▶Tilboð: 2.190.000 kr.
Citroën C4 Comfort ZFK12
Skráður júní 2013, 1,6HDi dísil, beinskiptur
Ekinn 69.000 km.
Ásett verð: 2.390.000 kr.

Vertu með!
FERÐAFJÖR
Kauptu notaðan bíl af Brimborg og þú átt möguleika á að vinna
400.000 KR.
GJAFABRÉF FRÁ WOWair*
Hvert myndir þú fara?

▶FINNDU BÍLINN ÞINN Á NOTADIR.BRIMBORG.IS



▶Verð: 1.930.000 kr.
Mazda2 Go APA14
Skráður júní 2014, 1,3i bensín, beinskiptur
Ekinn 23.000 km.



▶Verð: 890.000 kr.
Ford Focus C-Max Trend OI685
Skráður mars 2005, 1,6i bensín, beinskiptur
Ekinn 105.000 km.

Skoðaðu úrvalið á
NOTADIR.BRIMBORG.IS
Notaðir bílar – Brimborg

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

*Allir sem kaupa notaðan bíl af Brimborg á tímabilinu 1. nóvember 2014 til og með 22. desember 2014 fara í pott. Einn heppinn vinningshafi verður svo dreginn út 23. desember 2014 og fær hann 400.000 kr. gjafabréf frá WOW air. Athugið á ekki við um umboðssölubíla.

# Líf í slagæðum

Árið 2006 voru haldin nokkur eftirminnileg menningarmálþing í miðju hins fullkomna peningastorms sem feykti mörgum góðum gildum út úr sjónsviði. Eitt þessara var málþing BÍL um íslenskt sjónvarp. Þar var m.a. bent á takmarkaða menningarumfjöllun í Ríkissjónvarpinu, miðað við lög um hlutverk þess, enda var þar þá enginn bókaþáttur, enginn þáttur um leiklist eða myndlist, ekki einu sinni hugmynd á lofti um skemmtiþátt um tungumálið. Þetta hefur góðu heilli breyst til batnaðar, íslenskt leikið efni hefur m.a.s. aukist, enda komu áhrifamenn smám saman til sjálfra sinna og Sjónvarpið sýndi styrk sinn.

STJÓRNMÁL

Guðrún Kvaran, prófessor emeritus
Kristín Helga Gunnarsdóttir rithöfundur
Kristín Jóhannesdóttir leikstjóri
Sigurbjörg Þrastardóttir rithöfundur
Andri Snær Magnason rithöfundur
Kristján Árnason prófessor
Pétur Gunnarsson rithöfundur
Sigurður Pálsson rithöfundur
Sveinn Einarsson leikstjóri
Þorbjörn Broddason prófessor emeritus

Nú er hins vegar orðið aðkallandi að viðra áhyggjur af hljóðvarpshluta RÚV, sem virðist búa við stöðuga þrengingarógn og þumalskrúfur sem torvelda starfsliðinu að sinna sínu dýrmæta starfi. Í ljósi umræðunnar er nauðsynlegt að árétta að Rás eitt Ríkisútvarpsins er lífæð sem ekki má rjúfa, hún er ein sinnar tegundar í landinu og sinnir ómissandi og upplýsandi umfjöllun um tónlist, bókmenntir, sögu, samfélag, náttúru, lýðræði, tungu, nýsköpun, neytendamál, skipulagsmál, menntamál o.m.fl., auk þess að frumskapa bæði útvarpsleikhús og barnaefni. Öll þessi starfsemi er jafnmikilvæg og almannavarnahlutinn og fréttaflutningurinn. Óþarft er að taka fram að Rás tvö er að sama skapi skýr í sinni sérgrein, í miðlun og merkingu íslenskrar dægurtónlistar, tilraunamúsíkur og sköpunar, meðfram virkri samfélagsumræðu.

Í stuttu máli; það er óhugsandi að skera Rás eitt frekar niður eða bræða inn í aðrar stöðvar án þess að skaða grunnstoð í hugsun okkar sem hóps. Útvarpsstöð með 80 ára samfellda sögu ætti ekki að lifa við lífsháska, síst af öllu undir stjórnvöldum sem hafa handsalað að „auka virðingu fyrir merkri sögu landsins, menningu þess og tungumálinu“. Hlustendur láta heldur ekki yfir sig ganga að klórað sé í innri gerð Rásar eitt með skyndiráðum sem eiga að afla peninga, eins og nýleg dæmi eru um – þeir treysta því að fjárveitingarvaldið komi grunnmálefnum Ríkisútvarpsins á þurrt í þeirri umræðu sem nú stendur.

Það stoðar lítið að afnema vörugjöld á viðtækjum ef þau útvarpa engu nema upplýsingum um hvað klukkan er. Við þurfum þvert á móti útvarp sem skýrir út tímana sem við lifum á og segir okkur í alvöru hvað klukkan slær. Og ef ekki er stemning fyrir því að afhlutafélagavæða RÚV eða auka framlögin að sinni, ætti stofnunin í það minnsta að fá allt útvarpsgjaldið eins og henni ber samkvæmt orðanna hljóðan. Það er lágmark, það er skynsamlegt.

**➜ Útvarpsstöð með 80 ára samféllda sögu ætti ekki að lifa við lífsháska, síst af öllu undir stjórnvöldum sem hafa handsalað að auka virðingu fyrir merkri sögu landsins.**

# Yfirveðsett heimili í greiðsluerfiðleikum

Í kjölfar mikillar umræðu um skuldaleiðréttingu ríkisstjórnarinnar og áhrif hennar á yfirveðsett heimili, vill umboðsmaður skuldara vekja sérstaka athygli á úrræði greiðsluaðlögunar, sem lausn fyrir einstaklinga í greiðsluerfiðleikum. Úrræðið, sem er á ábyrgð umboðsmanns skuldara samkvæmt lögum nr. 101/2010, felur í sér frjálsar samningaviðræður við kröfuhafa um skuldir, þar sem leitast er við að ná samningum um greiðsluaðlögun.

STJÓRNSÝSLA



Ásta S. Helgadóttir
umboðsmaður skuldara

Við lok greiðsluaðlögunar geta einstaklingar með yfirveðsettar eignir óskað eftir afmáningu veðréttinda hjá embætti sýslumanns. Um er að ræða lögbundið ferli, þar sem veðkröfur sem falla utan matsvirðis fasteignar eru fjarlægðar af veðbandayfirliti og hvíla því ekki lengur á fasteigninni. Einstaklingar þurfa að uppfylla tiltekin skilyrði til þess að sýslumaður samþykki beiðni um afmáningu. Afmáning ein og sér felur ekki í sér eftirgjöf á kröfum heldur missa kröfurnar veðréttindi í fasteigninni. Í samningum um greiðsluaðlögun er hins vegar almennt samið um hlutfallslega eða fulla eftirgjöf á þeim veðkröfum sem afmáðar verða, í samræmi við eftirgjöf á öðrum samningskröfum.

### Almennt góð niðurstaða

Meðalfjárhæð afmáðra veðkrafna í þeim málum sem þegar hafa verið staðfest af hálfu sýslumanna er um 8,5 milljónir kr. Samið hefur verið um eftirgjöf á þessum kröfum í greiðsluaðlögunarsamningum og er meðaleftirgjöfin nú um 93%. Í þessu felst að yfirveðsettar eignir eru almennt færðar niður í um 100% veðsetningu í greiðsluaðlögun. Í rúmlega 70% mála hefur verið samið um 100% eftirgjöf á öllum samningskröfum einstaklinga sem og þeim kröfum sem sýslumaður afmáir af fasteign viðkomandi.

Það er því ljóst að viðræður við kröfuhafa í greiðsluaðlögun skila almennt góðri niðurstöðu fyrir einstaklinga. Í dag eru komnir á um 2.600 samningar um greiðsluaðlögun. Umboðsmaður skuldara hvetur einstaklinga, sem eru í verulegum greiðsluerfiðleikum, til að kynna sér úrræðið, en nánari upplýsingar má finna á heimasíðu embættisins: www.ums.is.

- Meðalfjárhæð afmáðra veðkrafna er um 8.500.000 kr.
- Meðaleftirgjöf á afmáðum veðkröfum er 93%
- 70% samninga um greiðsluaðlögun eru með 100% eftirgjöf af öllum afmáðum veðkröfum og samningskröfum.

**➜ Það er því ljóst að viðræður við kröfuhafa í greiðsluaðlögun skila almennt góðri niðurstöðu fyrir einstaklinga. Í dag eru komnir á um 2.600 samningar um greiðsluaðlögun.**



**VÖGGUR**
**Breski listamaðurinn og hönnuðurinn Scott Eaton hefur hannað skemmtilegar vöggur fyrir síma og spjaldtölvur. Hér má sjá vöggu sem vísar í steinstyttur Páskaeyjar.**






# HÁGÆÐA VISTVÆN HREINSIEFNI

**MOSEY EHF. KYNNIR** *Mosey ehf. framleiðir hágæða hreinsiefni fyrir allar gerðir þrifa. Samheiti hreinsiefnanna er S-44. Þeim er svo skipt í notkunarsvið og heita meðal annars Hreinsir, Sturtu-, bað- og flísahreinsir og Ofnahreinsir. Fyrirtækið pakkar einnig úrvals sótthreinsivörum og mygluvarnarefnum í neytendaumbúðir. Öll hreinsiefnin eru vistvæn og brotna niður í náttúrunni.*

Hreinsiefnin frá Mosey ehf. eru flest hver einstök í sinni röð," segir Hreggviður Davíðsson, byggingameistari og skoðunarmaður hjá Mosey. Hann starfaði lengi við úrlausnir raka- og myglumála í Svíþjóð og hefur meðal annarra komið að þróun þeirra. Hann segir eftirtalin hreinsiefni afar góð til allra almennra þrifa og tilvalin í jólaþrifin.

„S-44 Hreinsinn er áhrifaríkur og fjölnota. Hann er ákaflega duglegur til allra almennra þrifa, ræður vel við fitu, sót og önnur óhreinindi. Hann er einnig mjög góður út í skúringavatnið og sem blettaeyðir," útskýrir Hreggviður.

S-44 Sturtu-, bað- og flísahreinsir ræður að sögn Hreggviðs við myglumyndun í sturtuklefum, böðum og á flísum. „Þetta er sterkur hreinsir sem vinnur hratt og vel á miklum óhreinindum og nýtist að sjálfsögðu víðar en bara í baðherbergjum." S-44 Ofnahreinsir er svo góður á ofnskúffurnar. „Ef þær eru ekki með gamla innbrennda fitu nægir að úða á þær og geyma þær á meðan sett er í uppþvottavélina, síðan að skola þær og bursta. Þær verða sem nýjar eftir þrifin."

Öll hreinsiefnin frá Mosey ehf. eru vistvæn og brotna niður í náttúrunni og eru íslensk framleiðsla. Allar vörur frá Mosey ehf. fást í verslunum Húsasmiðjunnar, Málningarverslun Íslands við Vatnagarða og í Málningarbúðinni Ísafirði.



Hreggviður Davíðsson Byggingameistari og skoðunarmaður hjá Mosey ehf.




**VERÐA SEM NÝJAR**
Ofnhreinsirinn er frábær á ofnskúffurnar.

**RÆÐUR VIÐ MYGLUMYNDUN**
Sterkur hreinsir sem vinnur hratt og vel á miklum óhreinindum.

**ÁHRIFARÍKUR OG FJÖLNOTA**
S-44 Hreinsir ræður vel við fitu, sót og önnur óhreinindi. Fæst bæði í úðabrúsa og lítersbrúsa.


HLEÐSLUTÆKI

Hleður og vaktar rafgeyminn þinn í vetur.




SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Bíldshöfða 12 - 110 Rvík. - 5771515 - www.skorri.is

Gerðu gæða- og verðsamanburð

*Jólagjafirnar í ár...*

Vönduð stillanleg heilsurúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
Reverie®

REVERIE 3E Essential með IQ care heilsudýnu 2x90x200 cm
**Verð aðeins kr. 399.900.-**

REVERIE 7S Supremem með IQ-Care heilsudýnu 2x90x200 cm
**Verð aðeins kr. 499.900.-**






**20-50% afsláttur**
D0mu- og herrasloppar
Mikið úrval
Frábær jólagjöf



20% afsl.
Vinsæli viðhaldskoddinn
Verð áður kr. 19.900.-
**Verð nú aðeins kr. 15.920.-**



20% afsl.
Frábær jólagjöf
IC-CARE heilsukoddinn
Verð áður kr. 14.900.-
**Verð nú aðeins kr. 11.920.-**



Sængurverasett
**20-50% afsláttur**
Frábær jólagjöf

12 mán. vaxtalausar greiðslur*

Svefn & heilsa

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
www.svefn.is Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

Rauðrófukristall




Eftir fertugt framleiðir líkaminn **50%** minna **Nitric Oxide.** SUPER**BEETS** örvar **Nitric Oxide** framleiðslu strax. Betra blóðflæði, allt að ***30%*** æðaútvíkkun, ***30%*** meiri súrefnisupptaka, réttur blóðsykur, ***20%*** meira þrek orka og úthald.

**Nitric Oxide hefur áhrif á og bætir:** Blóðþrýsting, kólesteról, hjarta- æða- og taugakerfi, þvagblöðru, lifur, nýru, ofnæmiskerfi, astma, lungnaþembu.

***Bætt ris hjá körlum, aukin kynörvun kvenna.***

**Nánari upplýsingar** www.SUPER**BEETS**.is

Umboð: vitex ehf

**Nitric Oxide stjórnar blóðflæði líkamanns. Nitric Oxide er uppistaðan í rislyfjum** *Fæst í Apótekum og heilsubúðum*







**SÓFABORÐIÐ ER HURÐ** Sigurjón fékk þessa gömlu hurð frá góðum vini en hurðin er frá Englandi. Vinur hans er fallinn frá og hurðin hefur því mikið tilfinningalegt gildi.

# ALDARGÖMUL VÉL Í UPPÁHALDI

**HEIMILI** *Sigurjón Már Svanbergsson, áhugaljósmyndari og verslunarmaður, safnar gömlum myndavélum. Stofustássið er aldargömul vél sem smíðuð var í Sankti Pétursborg og sófaborðið hans er gömul hurð frá Englandi.*

Ég reyni að hemja mig þegar kemur að söfnun, en ég safna gömlum filmuljósmyndavélum. Mér finnst einhver sjarmi yfir þeim og flestar eiga þær sér einhverja sögu. Mér finnst sárt að heyra þegar fólk hendir þeim,“ segir Sigurjón Már Svanbergsson, áhugaljósmyndari og verslunarmaður, en við báðum hann að nefna nokkra uppáhaldshluti á heimilinu.

**ALDARGÖMUL VÉL FRÁ SANKTI PÉTURSBORG**

„Uppáhald númer eitt er rétt rúmlega aldargamla ljósmyndavélin mín, smíðuð úr eðal mahóníviði fyrir ljósmyndastofu F. Joakhim og co. í Moskvu og Sankti Pétursborg. Ég sá hana auglýsta til sölu á internetinu fyrir rúmu ári, sló til og sé ekki eftir því. Seljandinn keypti hana á markaði í Moskvu fyrir rúmum tuttugu árum, og hún var stofustáss hjá honum á Stokkseyri þar til ég keypti hana.“



**VÍNYLLINN SJARMERANDI** „Það er fátt betra en setjast niður í sófann, fá sér gott te eða kaffi og leyfa gömlum tónum að líða um stofuna.“



**BESTI STAÐURINN** Sófinn sem Sigurjón fékk í Góða hirðinum er afar þægilegur og uppáhaldsstaðurinn hans á heimlinu.

**SÓFABORÐIÐ ER GÖMUL HURÐ**

„Annar hlutur í uppáhaldi er sófaborðið mitt, það er gömul hurð sem er frá Englandi. Ég fékk hana að gjöf frá vini, pússaði upp og lakkaði. Nú er þessi góði vinur fallinn frá, og því hefur hurðin mikið tilfinningalegt gildi fyrir mig.“

**GÆÐAJAKKI FRÁ GEFJUN**

„Þriðji hluturinn er svo gamall ullarjakki sem ég keypti í Rauða krossinum á Akureyri, fyrrverandi unnusta mín fann hann þar og mér fannst hann svo glæsilegur að ég keypti hann fyrir nokkur hundruð krónur, hann var framleiddur hjá Fataverksmiðjunni Gefjun á Akureyri. Ég reyni að finna sem flest tækifæri til að klæðast honum, og þá smelli ég á mig útskorinni slaufu sem faðir minn gerði fyrir mig fyrir nokkrum árum.“

**VÍNILPLÖTUR HLJÓMA BETUR**

„Síðast en ekki síst verð ég að nefna grammófónplöturnar mínar, það er fátt betra en setjast niður í sófann, fá sér gott te eða kaffi og leyfa gömlum tónum að líða um stofuna, það er eitthvað við hljóminn af þessum gömlu plötum.“



**STOFUSTÁSSIÐ** Sigurjón féll fyrir þessari aldargömlu vél sem auglýst var á netinu. Vélin er úr mahóníviði og smíðuð í Sankti Pétursborg.

**SÓFINN KOM ÚR GÓÐA HIRÐINUM**

„Minn uppáhaldsstaður í íbúðinni er í sófanum sem ég fékk í Góða hirðinum núna í vetur. Hann er afar þægilegur. Ég sit mjög oft í honum og hlusta á grammófón- eða vínylplötur, les, eða spila.“

heida@365.is

**LANDMARK**
FASTEIGNASALA

Sími 512 4900
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



**Magnús Einarsson** Löggiltur fasteignasali Sími 897 8266
**Sigurður Samúelsson** Löggiltur fasteignasali Sími 896 2312
**Sveinn Eyland** Löggiltur fasteignasali Sími 690 0820
**Íris Hall** Löggiltur fasteignasali
**Þórarinn Thorarensen** Sölustjóri Sími 770 0309
**Rúnar Óskarsson** MBA viðskiptafr. / sölufulltrúi Sími 895 0033
**Eggert Maríuson** Sölufulltrúi Sími 690 1472
**Guðrún Diljá Lúðvíksdóttir** skjalagerð
**Benedikt Ólafsson** sölufulltrúi Sími 661 7788

100% þjónusta = árangur*

* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!



Allir þurfa þak yfir höfuðið

588 4477

Þú hringir - við komum - það ber árangur!



*Bárður Tryggvason* Eigandi Sölufulltrúi 896 5221
*Ingólfur Geir Gissurarson* Eigandi Framkvæmdastjóri Lögg.fasteignasali 896 5222
*Heiðar Friðjónsson* Sölustjóri Löggiltur fasteignasali B.Sc 693 3356
*Vilborg Gunnarsdóttir* Viðskiptafræðingur M.Sc Lögg.fasteignasali 891 8660
*Erlendur Davíðsson* Lögg. fasteignasali Forstöðumaður útibús Ólafsvík 897 0199
*Margrét Sigurgeirsdóttir* Skrifstofustjóri margret@valholl.is 588 4477



*Eiríkur Þór Björnsson* Sölufulltrúi 846 8487
*Pétur Steinar Jóhannsson* Sölufulltrúi Snæfellsnes 893 4718
*Garðar Kjartansson* Sölufulltrúi 853 9779
*Ellert Róbertsson* Sölufulltrúi 893 4477
*Þórunn Pálsdóttir* Verkfræðingur MBA Sölufulltrúi 773 6000
*G. Andri Guðlaugsson* Lögfræðingur Sölufulltrúi 662 2705

FÉLAG FASTEIGNASALA

VALHÖLL FASTEIGNASALA

20 ára VALHÖLL FASTEIGNASALA 1995 - 2015

www.valholl.is · www.nybyggingar.is


# Lúxusíbúð á Básbryggju

**Valhöll fasteignasala hefur til sölu lúxusíbúð að Básbryggju 51 þar sem er magnað útsýni og nánd við sjó. Opið hús verður þriðjudaginn 2. desember klukkan 17.30 til 18.**



**Íbúðin er öll hin glæsilegasta.**

Óskað er eftir tilboðum í eina glæsilegustu íbúð borgarinnar sem er á 3. og 4. hæð í ellefu íbúða lyftuhúsi við sjó innst í Bryggjuhverfinu. Einstök eign fyrir vandláta sem vilja rými og þægindi eins og í einbýlishúsi en vilja losna við garðvinnu og umstang. Eignin er 334,2 m2 að meðtöldum tvöföldum bílskúr á lóð. Útsýni er mikilfenglegt til allra átta og nálægð við sjó gefur ævintýralegan blæ. Hér má fylgjast með skemmtiferðabátum og stökkvandi laxi á sumrin og sel allt árið. Vinsælar útivistar- og gönguleiðir eru allt um kring.

Gengið er inn í íbúðina á þriðju hæð í stórt hol með náttúrusteinflísum á gólfi og stórum innfelldum ítölskum forstofuskápum. Þvottahús er á vinstri hönd með góðri innréttingu. Stofurnar eru opnar, bjartar og glæsilegar, rúmgóð borðstofa með útgengi út á norðvestursvalir með góðu útsýni. Eldhúsið er stórt með útsýni inn Grafarvog. Innréttingar og tæki eru vönduð og skápapláss gott.

Úr alrými er gengið í baðherbergi, hjónasvítu og herbergi með gegnheilu parketi sem í dag er nýtt sem skrifstofa. Baðherbergið er með með mósaíkflísum á veggjum, baðkari og sturtu og sandsteinsflísum á gólfi. Hjónasvítan er tilkomumikil með gegnheilu parketi, útgengi á suðvestur svalir, mikilli lofthæð og innfelldri lýsingu. Úr holi liggur parketlagður hringstigi upp á efri hæð þar sem er baðherbergi með baðkari/sturtu, alrými með skápum, viðarklæddu lofti, gegnheilu parketi og útgengi á stórar suðursvalir. Herbergi með viðarklæddu lofti, innfelldri lýsingu og gegnheilu parketi og loks tvískipt herbergi með gegnheilu parketi.

***Nánar hjá Þórunni Pálsdóttur, sölufulltrúa í síma 776000 eða thorunn@valholl.is***


Fasteignasala Mosfellsbæjar

KJARNA - ÞVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 586 8080 • WWW.FASTMOS.IS



**Einar Páll Kjærnested** lögg. fasteignasali. Sími 899 5159
**Svanþór Einarsson** Sölumaður Sími 698 8555

**Álmholt 6 - 270 Mosfellsbær**



236,1 m2 einbýlishús með tvöföldum bílskúr og aukaíbúð í kjallara við Álmholt í Mosfellsbæ. Um er að ræða 140,2 m2 einbýlishús á einni hæð ásamt 48,2 m2 tvöföldum bílskúr og 47,7 m2 aukaíbúð í kjallara. Húsið stendur djúpt í 926 m2 lóð og því stórt bílaplan fyrir framan húsið. **V. 45,9 m.**

Laus strax | Hringdu og bókaðu skoðun

**Brekkuás 8 - 221 Hafnarfjörður**



328,8 m2 einbýlishús á tveimur hæðum við Brekkuás 8 í Hafnarfirði. Eignin er skráð 328,8 m2, þar af einbýli 280,3 m2 og bílskúr 48,5 m2. Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, tvö baðherbergi, forstofu, bílskúr, geymslu, þvottahús, sjónvarpshol, eldhús, stofu og borðstofu. **V. 57,9 m.**

Laus strax | Hringdu og bókaðu skoðun

**Viðarás 19 - 110 Reykjavík**



Laus strax | Hringdu og bókaðu skoðun

Mjög falleg 202,2 m2 efri sérhæð ásamt bílskúr í tvíbýlishúsi við Viðarás 19 í Reykjavík. Suðursvalir og stór afgirt timburverönd. Hellulagt bílaplan.Eignin skiptist í fjögur svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, baðherbergi/þvottahús, elshús, stofu, borðstofu, bílskúr og geymslu. **V. 45,9 m.**

**Hraunbær 136 - 110 Reykjavík**



Laus strax | Hringdu og bókaðu skoðun

78,9 m2, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð við Hraunbæ 136 í Reykjavík. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, hol, baðherbergi, geymslu, eldhús og stofu. **V. 19,9 m.**

**Lundarbrekka 10 - 200 Kóp**



Laus strax | Hringdu og bókaðu skoðun

86,5 m2, 3ja herbergja íbúð á 3ju hæð í fjölbýlishúsi við Lundarbrekku 10. **V. 23,9 m.**

**Naustabryggja 14 - 110 Rvk**



Laus strax | Hringdu og bókaðu skoðun

## Bragagata 28 101 Rvk — 49,5m



**OPIÐ HÚS mán. 1. des kl 17.30-18.00**

**Herb.:** 4 **Stærð:** 122 m²

Glæsilega íbúð í þríbýlishúsi við Bragagötu í hjarta borgarinnar. Íbúðin er á tveimur hæðum.
**Uppl. Þorsteinn fasteignasali, gsm: 694 4700**

## Austurbrún 27 104 Rvk — 29,9m



**OPIÐ HÚS mán. 1. des. kl. 17:30-18:00**

**Herb.:** 3 **Stærð:** 96,5 m²

Afar falleg og mikið endurnýjuð 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sér inngangi í þessu eftirsótta hverfi. Íbúðin er í fallegu fjórbýli með góðum garði. Stutt í útivistarparadísina í Laugardalnum.
**Uppl. Bjarni sölufulltrúi, gsm: 895 9120**

# Stakfell

FASTEIGNASALA STOFNUÐ 1984 | GRUNNUR AÐ GÓÐU LÍFI | STAKFELL.IS | 535 1000


**ÞORLÁKUR ÓMAR EINARSSON**
Sölustjóri


**AÐALHEIÐUR KARLSDÓTTIR**
Löggiltur fasteignasali
gsm 893 2495


**BERTA BERNBURG**
Löggiltur fasteignasali
gsm 694 6369


**GRÉTAR HARALDSSON** Hrl.
Löggiltur fasteignasali


**STEFÁN HRAFN STEFÁNSSON** Hdl.
Löggiltur fasteignasali


**EINAR S. VALDIMARSSON**
Löggiltur fasteignasali
gsm 840 0314


**EDWIN ÁRNASON**
Sölumaður
gsm 893 2121


**ÓMAR GUÐMUNDSSON**
Sölumaður
gsm 696 3559


**SIGRÍÐUR HALLGRÍMSDÓTTIR**
Sölumaður
gsm 692 4700


**GUÐMUNDUR VALTÝSSON**
Viðskiptafræðingur
gsm 865 3022


**BERGÞÓRA SIGURÐARDÓTTIR**
Skrifstofustjóri


**MATTHILDUR SUNNA ÞORLÁKSDÓTTIR**
Ritari

## FALLEGT FJÖLSKYLDUHÚS MEÐ AUKAÍBÚÐ

### URRIÐAKVÍSL 9 - 110 RVK — VERÐ 79,8M.




**Opið hús mánudaginn 1. des. kl.17:30-18:00**
Einbýlishús sem er vel staðsett innst í botnlanga í fjölskylduvænu hverfi. Aukaíbúð með sér inngangi í kjallara. Tvöfaldur bílskúr. Á hæðinni er anddyri, gestasalerni, þvottahús, eldhús, borðstofa, stofa og garðskáli. Á efri hæð eru þrjú svefnherbergi, sjónvarpshol og baðherbergi. Garðurinn er snyrtilegur og er sólpallur útaf garðskála. Lóðin liggur við opið svæði og göngustíga rétt við náttúruperlur Elliðaárdalsins. Stutt í skóla.

### SÆBÓLSBRAUT - 200 KÓP. — VERÐ 56,5M.



- Vandað 209.9 fm endaraðhús á eftirsóttum stað við Sæbólsbraut í Kópavogi.
- Húsið er tvær hæðir.
- Verönd er við suðurhlið hússins

## ÓSKUM EFTIR

**ÓSKA EFTIR 3JA HERBERGJA ÍBÚÐ MEÐ BÍLSKÚR Á FYRSTU HÆÐ EÐA Í LYFTUHÚSI.**

**NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR BERTA BERNBURG, LÖGG. FAST.SALI Í SÍMA 694-6369 OG BERTA@STAKFELL.IS**

**ÓSKA EFTIR 2JA HERBERGJA ÍBÚÐ Í BÖKKUM EÐA SELUM Í BREIÐHOLTI**

**NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITIR BERTA BERNBURG, LÖGG. FAST.SALI Í SÍMA 694-6369 OG BERTA@STAKFELL.IS**

### LÆKJASMÁRI 56 - 201 KÓP. — 35,9 M




**Opið hús mið. 3. des. kl. 17:00-17:30.**
Rúmgóð 4ra herb. endaíbúð með sérinngangi og stæði í bílageymslu.
Eignin er laus við kaupsamning, ekkert áhvílandi.

### VALLARÁS 1 - 110 RVK — 24,9 M.




**Opið hús þri. 2. des. kl. 17:00-17:30.**
Björt þriggja herb. íbúð á annari hæð frá götu, fyrstu hæð frá norðurinngangi. Lyftuhúsnæði. 2 svefnherbergi, baðherbergi með glugga.

### HRÍSMÓAR 11 - 210 GBÆ. — 37,9 M




**Opið hús þri. 2. des. kl. 18:00-18:15.**
130 fm falleg, vel skipulögð 4ra herb.íbúð með BÍLSKÚR. Glæsilegt útsýni.Stigagangur nýmálaður og með nýju teppi. Einnig voru settar hljóðeinangrandi hurðar inn í íbúðirnar. LAUS STRAX.

### HÖRPULUNDUR 5 - 210 GBÆ — 49.9 M




**Opið hús mán. 1. des. kl. 18:15-18:45.**
Gott steinsteypt einbýlishús á einni hæð með innbyggðum stórum bílskúr ca. 200 fm. Nýtt baðherbergi. Gott skipulag. Verönd út af stofu.

### HJALTABAKKI 12 - 109 RVK — 19,5 M




**Opið hús þri. 2. des. kl. 18:15-18:30.**
Tveggja herb., 73,2 fm íbúð á 3. hæð ásamt 7 fm. sérgeymslu. Suðursvalir. Plastparket, flísar og korkflísar. Sérgeymsla og í sameign eru á 1. hæð. Sameign er snyrtileg.Húsið lítur þokkalega út.

### ÁLFHÓLSVEGUR 121 - 200 KÓP. — 41,9 M




**Opið hús mán. 1. des. kl. 17:00-17:30.**
173,3 fm sérhæð að meðtöldum 48 fm bílskúr. Stórglæsilegt útsýni, sér inngangur, verönd og garður til suðurs. 3-4 svefnherbergi, endurnýjað baðherbergi og eldhús.

### STÓRIHJALLI 29 - 200 KÓP. — 45,9 M




**Opið hús þri. 2. des. kl. 17:30-18:00.**
Rúmgott raðhús á tveimur hæðum um 228 fm. 3-4 svefnherbergi.Gróin lóð og frábært útsýni til fjalla og víðar. Mjög rúmgóður bílskúr ca. 45 fm og stórt 20 fm vinnurými þar innaf. Verð aðeins 45,9 m.

### TUNGUSEL 8 - 109 RVK — 24 M.




**Opið hús mánudaginn 1. Des. Kl. 17:00-17:30.**
3 herb., 88,2 fm íbúð á 3 hæð í stigahúsi við Tungusel í Reykjavík. Íbúð er skráð 82 fm og geymsla 6,2 fm, alls 88,2 fm.

### TORFUFELL 21 - 111 RVK. — 15,9 M.




**Opið hús mánudaginn 1. Des. Kl. 17:45-18:00**
2ja herb.,57,3 fm íbúð á 4 hæð í stigahúsi við Torfufell í Reykjavík. Íbúð er skráð 50,7 fm og geymsla 6,6 fm, alls 57,3 fm.

### SKÚLAGATA 46 - 101 RVK. — 28,5 M.




**Opið hús mánudaginn 1. Des. Kl. 18:30-18:45**
3 herb., 77,7 fm íbúð á 3 hæð í lyftuhúsi, ásamt stæði í bílageymslu, við Skúlagötu í Reykjavík.

### TJÖRN - 801 SELFOSS — 10,0M



Frábært tækifæri. Gott sumarhús í Bláskógabyggð á góðu verði. Heitt vatn komið að lóðamörkum.
**ATH. LÆKKAÐ VERÐ 10,0M**

### BAKKASTAÐIR - 112 RVK — 42,5M.



Rúmgóð og björt ca. 140 fm fimm herb. endaíbúð á 2.hæð í litlu 4ra íbúða húsi með sérinngangi. Fjögur svefnherbergi. Tvennar snyrtingar. Þvottahús í íbúð. Rúmgóður 24 fm bílskúr fylgir eigninni. Frábært útsýni.Möguleiki að yfirtaka ca. 33.5 millj við ÍLS.

### BITRA - GISTIHEIMILI - 801 SELFOSS



Fyrirtæki í ferðaiðnaði á 145 ha landi á Suðurlandi. Gisting fyrir 40 manns í fallegu húsi 40 mín frá Rvk. Bókanir fram á næsta sumar. Paradís fyrir fuglaskoðara og aðstaða fyrir hestamennsku. Mögul. til stækkunar og að auka fjölbreytileika er mikill.

### GRETTISGATA - 101 RVK — 17,9 M.



Góð 36,9 fm jarðhæðaríbúð á frábærum stað í 101. Sér inngangur. Gengið inn á gang. Baðherbergi með sturtu og eitt rými sem er eldhús, stofa og svefnherbergi með parketi.
Sameiginlegt þvottahús og kyndiklefi.

### ARNARTANGI - 270 MOS. — 49,8M



*NOTALEGT FJÖLSKYLDUHÚS* - Einstaklega fallegt og vel skipulagt 5-6 herb. 174,2 fm einbýlishús á einni hæð með verönd og fallegum garði í grónu og góðu hverfi í Mosfellsbæ. Stutt í skóla, verslun og þjónustu, sundlaug og golfvöll.

### HÖFÐATORG - TIL LEIGU




Til leigu 330 fm. falleg eign í turninum Höfðatorgi. Fjórar afmarkaðar skrifstofur um 20 fm. hver og opið rými. Parket á öllum gólfum. Útsýni í austur, vestur og suður. Möguleiki að leigja hluta af rýminu skv. nánara samkomulagi.

## VEITINGAMENN – FERÐAÞJÓNUSTUFYRIRTÆKI – KAUP EÐA SALA.

Til okkar hafa leitað nokkrir aðilar sem hafa áhuga á að kaupa eða selja veitingastaði í Reykjavík.

Mörg góð fjárfestingatækifæri fyrir öfluga veitingamenn.
Til greina koma viðskipti með hótel, gistihús og afþreyingafyrirtæki.

**Nánari upplýsingar gefur Guðmundur Valtýsson viðskiptafræðingur hjá Stakfelli s. 865 3022.**

STAKFELL–STÓREIGN EHF. | FASTEIGNASALA | SKÚLATÚNI 2 | 105 RVK | Stakfell.is | stakfell@stakfell.is | FÉLAG FASTEIGNASALA

# 101 REYKJAVÍK FASTEIGNASALA

Tjarnargata 4 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • www.101.is • 101@101.is
*Kristín Sigurey Sigurðardóttir - löggiltur fasteignasali*




## Traust og góð þjónusta í 12 ár

---

**BERG FASTEIGNASALA**



Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 •
berg@berg.is www.berg.is
GSM 897 0047

**Pétur Pétursson**
**lögg. fasteignasali**
*Petur@berg.is*

---

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

**ÓÐINSGÖTU 4**
**SÍMI 570 4500,**
**OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is**
**www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

# Veitingarekstur í eigin húsnæði

**Um er að ræða veitingastað sem hefur verið rekinn til fjölda ára í eigin húsnæði. Húsnæðið er 611,3 fermetrar að stærð með glæsilegum veislu-/veitingasölum, spilasal og góðu eldhúsi sem er vel tækjum búið.**

**Rótgróinn veitingastaður vel staðsettur við fjölfarna umferðaræð.**

**Æskilegt er að selja húsnæðið með rekstrinum, en þó kemur til greina að selja reksturinn frá gegn góðum tryggingum fyrir leigu húsnæðisins og langtímaleigusamningi.**

**Allar nánari upplýsingar veittar á skrifstofu.**

---

**HRAUNHAMAR FASTEIGNASALA**

**Bæjarhrauni 10 - Hafnarfirði - Sími 520 7500 - www.hraunhamar.is**

## Hallstún við Laugaland - Sumarhús auk 15 ha



Nýkomið í einkasölu gott nýlegt 25 fm. sumarhús við Laugaland/ Landssveit á 15 hektara góðu landi Hallstúns. ***Tilvalin eign fyrir hestamenn eða skógræktarfólk. Frábær staðsetning.***
**Verð 25,9 millj.**

## Sumarhús í Vaðnesi



Hraunhamar kynnir nýkomið í einkasölu mjög fallegt sumarhús 64,5 fm. á einni hæð, (byggður 1992). Stór sólpallur í kringum bústaðinn, heitur pottur. Glæsilegt kjarrivaxið eignarland tæpur hektari. Hitaveita. Frábær staðsetning í Vaðneslandi Grímsnesi. Myndir á netinu. **Verð 21,9 millj. Upplýsingar gefur Helgi Jón sölustjóri s. 893 2233.**

## Nýbýli við Selfoss



Höfum fengið í einkasölu nýbýlið Lynghóll við Selfoss 30 hektara land. Afstúkað í 4 beitahólf með rennandi vatni.Frábær staðsetning og útsýni. Góðar reiðleiðir. Lynghóll er við þjóðveg 1 sami afleggjari og Hjálmholt í Flóa. Sökklar af 80 fm. sumarhúsi. Rafmagn komið og kalt vatn, hitaveita á staðnum. **Verð 18,9 millj.**
**Allar nánari upplýsingar gefur Helgi Jón sölustjóri s. 893 2233.**

**Magnús Emilsson Löggiltur fasteignasali.**

---

# Til Sölu

## Tilboð óskast í Suðurgötu 41 í Hafnarfirði.

15713 – Til sölu eru fyrrum fasteignir St. Jósefsspítala að Suðurgötu 41 í Hafnarfirði ásamt tilheyrandi (4.467,2 m²) eignarlóð.





Fasteignin skiptist í fjórar hæðir í nokkrum samföstum byggingum sem samanstanda af sjúkrastofum, skrifstofurýmum, aðstöðu fyrir mötuneyti, móttöku og fleiru. Einnig er í byggingunni kapella. Húsið er byggt á árunum 1926, 1973 og 2006. Um er að ræða mjög virðulega og fallega byggingu, staðsetta í hjarta bæjarins á mjög góðum útsýnisstað. Húsið er í nokkuð góðu ástandi m.v. aldur en þarfnast þó einhverra lagfæringa. Áætluð stærð hússins er 2.829 m².

Óskað er eftir tilboðum í eignina. Við mat á tilboðum verður horft til hagstæðasta boðs fyrir fasteign og lóð en þó áskilja seljendur sér rétt til að meta hagkvæmni tilboðs út frá því hvort bjóðandi geri einnig tilboð í Suðurgötu 44, sem auglýst er til sölu samhliða þessari eign.

Óskað er eftir að tilboðsgjafar taki fram hvaða starfsemi fyrirhugað er að hefja í fasteigninni. Við mat á tilboðum er heimilt að horfa til þess hvort starfsemi í húsinu til framtíðar tengist heilbrigðisþjónustu.

Athygli er vakin á því að samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðarbæjar er lóð Suðurgötu 41 skilgreind sem lóð undir samfélagsþjónustu. Varðandi hugsanlega starfsemi í húsinu og á lóð er bjóðendum bent á að kynna sér nánar skipulagsmál eignarinnar og svæðisins hjá bæjaryfirvöldum.

Eigendur fasteignarinnar er Hafnarfjarðarkaupstaður og Ríkissjóður Íslands.

Húseignin verður til sýnis í samráði við Ríkiskaup, á skrifstofutíma í síma 530 1400.

Tilboðseyðublöð liggja frammi hjá Ríkiskaupum ásamt reglum um frágang og útfyllingu á tilboðseyðublaði.
Gögnin eru einnig aðgengileg á heimasíðu Ríkiskaupa
**www.rikiskaup.is**

Tilboð skulu berast Ríkiskaupum, Borgartúni 7, Reykjavík fyrir kl. 10.00 þann 27. janúar 2015 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

---




**GEFÐU HÆNU**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



**FYRIR AÐSTOÐ INNANLANDS**
gjofsemgefur.is
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar



**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

# Fasteignasala Mosfellsbæjar

KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

## Svalbarð 11 - 220 Hafnarfjörður




144,5 m2 einbýlishús, hæð og rými í kjallara, ásamt bílskúr við Svalbarð í Hafnarfirði. **V. 31,0 m.**

## Skipalón 16 - 220 Hafnarfjörður




Falleg 92,2 m2, 3 herbergja íbúð á efstu hæð, ásamt bílastæði í bílageymslu í 6. hæða lyftuhúsi við Skipalón í Hafnarfirði. Hús fyrir 50 ára og eldri. **V. 30,0 m.**

## Akurvellir 1 - 221 Hafnarfjörður




93,7 m2, 3ja herbergja íbúð á jarðhæð í lyftuhúsi við Akurvelli í Hafnarfirði. Gott skipulag. Timburverönd. **V. 25,0 m.**

## Kaldakinn 17 - 220 Hafnarfjörður




6 herbergja 144,3 m2 hæð og ris í tvíbýlishúsi við Köldukinn í Hafnarfirði. Rishæðin er nýlega byggð og óninnréttuð að innan. **V. 29,5 m.**

## Lækjasmári 56 - 201 Kópavogur




Falleg 116,4 m2, 4ra herbergja íbúð á tveimur hæðum, með sér inngangi, ásamt bílastæði í bílakjallara við Lækjasmára 56 í Kópavogi. **V. 35,9 m.**

## Lindasmári 45 - 201 Kópavogur




151,4 m2, 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum við Lindasmára 45 í Kópavogi. **V. 36,9 m.**

**Einar Páll Kjærnested Löggiltur fasteignasali**






**93%**
**mæla með Búseta**

Samkvæmt þjónustukönnun Capacent mæla 93% íbúa með félaginu við vini og fjölskyldumeðlimi

## Búseti auglýsir eftirfarandi búseturétti

Umsóknarfrestur til og með 9. desember kl. 16:00
Úthlutun 10. desember kl. 12:00



### Kirkjustétt 7a íbúð 203
113 Reykjavík
**4. herb. 103,7 m2**
Afhending: 1. júní 2015
**Búseturéttur hámark:** 3.807.458,-
**Búsetugjald:** 169.366,-
Mögulegt lán: 1.000.000,- *



### Kirkjustétt 13 íbúð 208
113 Reykjavík
**4. herb. 111,4 m2**
Afhending: Strax
**Búseturéttur hámark:** 4.125.574,-
**Búsetugjald:** 174.619,-
Mögulegt lán: 1.050.000,- *



### Tindasel 1 íbúð 001
109 Reykjavík
**4. herb. 103,2 m2**
Afhending: Í byrjun mars 2015
**Búseturéttur hámark:** 5.882.400,-
**Búsetugjald:** 153.410,-
Mögulegt lán: 2.500.000,- *
**ATH: Nýuppgerð íbúð**



### Miðholt 5 íbúð 201
270 Mosfellsbær
**3. herb. 83,5 m2**
Afhending: Í desember
**Búseturéttur hámark:** 3.010.094,-
**Búsetugjald:** 98.753,-
Mögulegt lán: 750.000,- *



### Þverholt 13 íbúð 101
270 Mosfellsbær
**2. herb. 73,3 m2**
Afhending: Byrjun janúar
**Búseturéttur hámark:** 2.758.121,-
**Búsetugjald:** 122.113,-
Mögulegt lán: 700.000,- *

Búsetugjald innifelur fjármagnskostnað, fasteignatryggingu, brunatrygging, fasteignagjöld, hússjóð, þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóð. Fyrirvari um prentvillur og mögulegar breytingar á verði. Ofangreindir þættir taka mið af samþykktum og reglum félagsins.

* Lán sem kaupandi getur fengið hjá viðskiptabanka Búseta vegna kaupa á búseturétti. Háð samþykki og greiðslumati. Hægt er að velja verðtryggt eða óverðtryggt lán - hvort tveggja með breytilegum vöxtum. Hámarks lánstími 8 ár. Vextir eru í dag 4,15% og 7,10%.

**Búseti húsnæðissamvinnufélag**
Síðumúli 10 108 Reykjavík S:5205788
www.buseti.is
buseti@buseti.is




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

**ÓLI SMIÐUR Í ÍSHÚSI HAFNARFJARÐAR**

Stór verk sem smá, úti / inni, mikil reynsla / vönduð vinnubrögð. S. 698-9608.

## Spádómar




**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Auðvelt, þægilegt, flott, Ódýrt!!!..eftir þínu höfði. www.prentlausnir.is




Gluggafilmur eða útskornar límfilmur í öllum litum. S: 5807820 eða sendu okkur fyrirspurn á netfangið sala@samskipti.is




Til sölu 12 volta leiðiskrossar með rafgeymi, einnig 24 volta og 32 volta vandaðir díóðuljósakrossar á leiði. JS Ljósasmiðjan ehf Skemmuvegur 34 (brún gata) 200 kóp. S. 554 0661, 897 4996 & 699 2502. Opið virka daga 8-18 og laugardaga 10-16

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA. SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

**TIL BYGGINGA:**

Til sölu 40 og 80mm notuð þaksteinull (pressuð) sem fjarlæg var úr þaki fyrr á þessu ári. Einhver bleyta gæti verið í ullinni og hluti hennar er tilskorinn. Upplagt til einangrunar atvinnuhúsnæðis -selst ódýrt. Uppl. í s. 660 3364.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykrja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU GLÆSILEG, NÝLEG 2. HERB. 54M2 ÍB. Í EINB. Í NORÐURBÆ HAFNARFJ.**

Sér inng. Leigist eing. reglusömum barnlausum einstaklingi eða pari. Engin gæludýr, reyklaus íb. Leigist á 120 þús. m/hita og rafmagni. Enginn hússjóður. Laus 1. desember 2014.

Hægt er að skoða myndir á: www.abstrakt.is/leiga2 Áhugasamir sendi inn sem bestar upplýsingar á: kb@fx.is

Hálf studio í 101. Herbergi með öllu -int í 105. Uppl. í s. 860 0360

Herbergi m/húsgögnum, sérbaðherbergi og aðgangur að eldhúsi til leigu í Trönuhrauni 10, Hfj. S. 899 7004.

Tvö herbergi í 108. Eins árs leiga. 125þús +hiti og rafmagn. Tveggja mánaða trygging. Reyklaus. Uppl. í s. 776 2806 og 662 6097

Til leigu tveggja herb. 70 fm íbúð í sérbýli. Uppl. í S. 892 9803

100 fm. Sérhæð 4ra herb. íbúð í 108 rvk til leigu. Nýuppgerð. uppl í s. 8685550

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

KvikkFix

**VILJUM RÁÐA FÓLK Í EFTIRFARANDI STÖRF:**

a) á verkstæði í smur, dekk ofl.

b) í móttöku. 1/2 starf með sveigjanlegum tíma.

**Áhugasamir sendi umsóknir á KvikkFix@Kvikkfix.is fyrir 10 desember.**

# TILKYNNINGAR

## Fundir

**LÍFSSÝN**

Lífssýn heldur jólafund félagsins þriðjudagskvöldið 2. desember 2014 kl. 20:30, í Rósinni, Bolholti 4, 4. h. Allir velkomnir. Facebook og www.lifssyn.is Stjórnin

## Einkamál




## tilkynningar

**AUGLÝSING**

**um kynningarfund, vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulags,fyrir athafnasvæði við Vogavík.**

Kynningarfundur vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 og deiliskipulags vegna áforma um skrifstofubyggingu, rannsóknastofu og stækkun fiskeldis við Vogavík ásamt drögum að umhverfisskýrslu verður til sýnis og umræðu í Álfagerði, Akurgerði 25, Vogum miðvikudaginn 3. desember nk. kl. 17:00 – 18:00, skv. 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Í kjölfar kynningarfundarins verður tillagan lögð fyrir sveitarstjórn til samþykktar fyrir formlega auglýsingu hennar.

*Vogum, 25. nóvember 2014.*
*Skipulags- og byggingarfulltrúi*




# Capacent Ráðningar

Okkar markmið er að leiða saman einstaklinga og fyrirtæki svo úr verði árangursríkt og metnaðarfullt samstarf.

Við leggjum því ríka áherslu á að kynnast vel þörfum viðskiptavina okkar og umsækjenda. Við búum yfir sérfræðiþekkingu í ráðningum í opinberar stöður sem og í einkageirann auk þess sem boðið er upp á stjórnendaleit og ráðgjöf í tengslum við starfslok.

**Umsækjendur og atvinnurekendur**
**- kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is**

capacent

## MERKISATBURÐIR



**1640** Portúgal varð sjálfstætt ríki.

**1878** Reykjanesviti, fyrsti viti á Íslandi, tekinn í notkun.

**1918** Sambandslagasamningur Íslands og Danmerkur gekk í gildi og Ísland varð fullvalda ríki.

**1930** Togarinn Apríl fórst í óveðri með 18 mönnum

**1974** Hús Jóns Sigurðssonar var formlega vígt í Kaupmannahöfn.

**1983** Rás 2 hóf útsendingar.

**1986** Bylgjan hóf útsendingar allan sólarhringinn, fyrst útvarpsstöðva.

**1996** Meðferðarheimilið Byrgið var stofnað.


†



Hjartkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,

**GUNNAR H. MELSTED**
**Seljahlíð, Hjallaseli 55, Reykjavík,**

lést 17. nóvember. Útförin fer fram
frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 2. desember
kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en
þeim sem vilja minnast hans er bent
á styrktarreikning fyrir dætur Jóns og Fríðu: 0135-05-071636,
kt. 050575-4709.

**Eyjólfur Melsted** — **Adelheid Melsted**
**Guðrún E. Melsted** — **Hjálmar Gunnarsson**
**Ólína Melsted** — **Guðmundur Jónsson**
**Erna Melsted** — **Ásmundur Guðjónsson**
**Steinunn Melsted** — **Ólafur Jónsson**
**Unnur Melsted** — **Guðmundur B. Albertsson**
**Þóra Melsted** — **Þórður Sturluson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn**



†



Innilegar þakkir færum við öllum
þeim sem sýndu okkur samúð og
hlýhug við andlát og útför dóttur okkar,
systur, mágkonu og frænku,

**HELGU JÓHANNSDÓTTUR**
**Fannarfold 178, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til heimilisfólks
og starfsfólks í Fannarfold 178, sem og starfsfólks
Vífilsstaðaspítala fyrir hlýhug og umhyggju í garð Helgu okkar.

**Jóhann Hannesson** — **Margrét Sigfúsdóttir**
**Arnbjörg Jóhannsdóttir**
**Jóhanna Jóhannsdóttir** — **Birgir Þórisson**
**Jóhann Þórir, Hulda Björg og Margrét Hanna**



†



Okkar ástkæri

**ÓSKAR VALDIMARSSON**
**verkfræðingur,**
**Víðimel 68, Reykjavík,**

sem lést sunnudaginn 23. nóvember,
verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni í Reykjavík
þriðjudaginn 2. desember
kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er
bent á Minningarsjóð Karitas eða Minningarsjóð Landspítalans.

**Jónína Ólafsdóttir**
**Harpa Óskarsdóttir** — **Jimmy Ekstedt**
**Vilma Ósk og Gréta Líf**
**Guðný Kjartansdóttir** — **Haukur Heiðar Hauksson**
**Birna og Hrafn**



†



Okkar ástkæri faðir,
tengdafaðir, afi og langafi,

**GEIR GUÐMUNDSSON**
**fv. launafulltrúi hjá Reykjavíkurborg,**
**áður til heimilis að**
**Laugarásvegi 51, Reykjavík,**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni
sunnudaginn 23. nóvember sl. verður jarðsunginn frá Áskirkju
miðvikudaginn 3. desember kl. 13.00.

**Margrét Geirsdóttir** — **Gestur Jónsson**
**Árni Jón Geirsson** — **Sigríður Þ. Valtýsdóttir**
**Guðrún Geirsdóttir** — **Jón Friðrik Jóhannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


**ÞETTA GERÐIST** 1. DESEMBER 1991

## Verðlaun fyrir bestu kvikmyndatónlistina

Hilmar Örn Hilmarsson tónskáld hlaut verðlaun á evrópsku Felix-verðlaunahátíðinni í Berlín sunnudaginn 1. desember 1991. Hilmar fékk verðlaunin fyrir tónlist sína í Börnum náttúrunnar.

Að auki var Sigrún Hagalín tilnefnd til verðlauna fyrir besta leik í aðalhlutverki fyrir leik sinn í myndinni.

Börn náttúrunnar er eina íslenska kvikmyndin í fullri lengd sem hefur verið tilnefnd til Óskarsverðlauna en hún var tilnefnd í flokknum Besta erlenda kvikmyndin árið 1992.

Myndin segir frá Þorgeiri sem flytur í elliheimili í Reykjavík eftir að hafa búið í sveit allt sitt líf. Hann hittir aftur gamla vinkonu sína Stellu og saman strjúka þau af elliheimilinu. Það var Friðrik Þór Friðriksson sem leikstýrði myndinni. Hann gerði einnig handrit myndarinnar ásamt Einari Má Guðmundssyni.

Auk Felix-verðlaunanna og Óskarsverðlaunatilnefningarinnar hefur myndin og aðalleikarar myndarinnar fengið fjölda verðlauna og tilnefninga til verðlauna. - jhh



**HILMAR ÖRN HILMARSSON** Allsherjargoðinn hefur hlotið margar viðurkenningar fyrir tónlist sína.



**KONAN Í BRÚNNI** Ingibjörg Sverrisdóttir hefur verið landsbókavörður allt frá árinu 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR.

# Tuttugu ára afmæli Landsbókasafnsins

Í dag eru tuttugu ár liðin frá því að Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn var opnað í Þjóðarbókhlöðunni á Melunum. Starfsmenn safnsins hafa ávallt haldið upp á afmælið. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, mun opna nýja sýningu um skjaldarmerkið í dag.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er tuttugu ára gamalt í dag. Safnið var opnað í nýju húsi, Þjóðarbókhlöðunni, þann 1. desember 1994.

„Við höfum alltaf gert okkur eitthvað til gamans á þessum degi. Núna erum við að kynna þrjú ný verkefni í safninu,“ segir Ingibjörg Sverrisdóttir landsbókavörður. Í dag verði annars vegar kynnt ný þjónusta sem verið er að opna. Hins vegar verði opnaðar tvær sýningar. „Það er endurlit varðandi 1994, hvaða rit komu út það ár, hvaða tónlist kom út, hvað var að gerast í þjóðfélaginu og myndir frá þessum tíma,“ segir hún.

Hins vegar verður opnuð sýning um skjaldarmerkið, vinnsluna á því og hvernig það varð til í þeirri mynd sem það er í dag. „Og þetta er í tengslum við að lýðveldið er 70 ára á þessu ári. Við fengum í safnið ýmislegt efni frá Tryggva Magnússyni teiknara sem gerði endanlega útgáfu af skjaldarmerkinu,“ segir Ingibjörg. Á sýningunni verði varpað ljós á það hvernig skjaldarmerkið þróaðist í meðförum Tryggva.

Ráðgert er að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, opni þessar sýningar og Guðmundur Oddur Magnússon, prófessor í Listaháskólanum, ætlar að fjalla um skjaldarmerkið og táknmyndir þess. Síðan verður afmælisveisla, kaffi og meðlæti, fyrir starfsmenn safnsins og boðsgesti.

Ingibjörg hefur verið landsbókavörður síðan 2007. Hún segir að þróunin á þeim tíma hafi verið sú að gestakomum í húsið hafi heldur fækkað og hefðbundin útlán dregist saman.

Hins vegar hafi þjónusta safnsins á vefnum stóraukist og sé hún mjög mikið notuð. Bókasafnið á sinn eigin aðalvef, en þar að auki á milli fimmtán og tuttugu vefþjónustur. Til dæmis timarit.is, bækur.is, hvar.is og að auki tekur Landsbókasafnið þátt í rekstri Gegnis, sem er bókasafnskerfi fyrir allt landið.

Þá er nýtt hljóðsafn að fara í gang. „Við erum að safna allri útgefinni íslenskri tónlist,“ segir Ingibjörg. Verið sé að opna nýja þjónustu sem verði aðallega opin innanhúss. Fólk getur komið og hlustað á gamalt hljóðefni og nýtt það í rannsóknum. Fræðimenn sem hafa verið að stúdera þetta hafa átt erfitt með að komast í íslenska efnið.

**„Við höfum alltaf gert okkur eitthvað til gamans á þessum degi. Núna erum við að kynna þrjú ný verkefni í safninu**

Strax í kringum 1950 fóru menn að ræða þá hugmynd að sameina Landsbókasafnið og háskólabókasafnið. Það væri skynsamlegra að sameina og búa til eitt öflugra vísinda- og rannsóknarbókasafn í stað þess að vera með tvö lítil.

Í þingsályktun sem samþykkt var hafði upphaflega verið gert ráð fyrir að nýtt safn yrði opnað árið 1974. Það dróst á langinn og fyrsta skóflustungan var ekki tekin fyrr en 1978.


jonhakon@frettabladid.is


**ÞETTA GERÐIST** 1. DESEMBER 1949 PABLO ESCOBAR FÆÐIST

## Með marga áhrifamenn á sínum snærum

Eiturlyfjabaróninn Pablo Escobar fæddist þann 1. desember 1949. Escobar fæddist í þorpinu Rionegro í Kólumbíu en ólst upp í Envigado, sem er útborg borgarinnar Medellín. Hann var sonur bónda, sem starfaði við öryggisgæslu. Móðir hans var kennari.

Afbrotaferill Escobars hófst snemma. Á unglingsaldri fór hann að selja tollsviknar vörur og fór um tvítugt að stunda kókaínviðskipti.

Hann varð fljótlega umsvifamikill á þeim vettvangi. Sem leiðtogi eiturlyfjahringsins Medellín varð hann mikill eiturlyfjabarón sem hafði marga stjórnmálamenn og aðra áhrifamenn á mála hjá sér.

Escobar var handtekinn árið 1991. Hann flúði úr fangelsi árið 1992. Hans var leitað í sextán mánuði.

Árásarsveit réð hann af dögum 2. desember 1993.

Escobar vakti mikla athygli um allan heim. Í dag eru glæsihýsi hans í Hacienda Napoles í norðurhluta Kólumbíu skemmtigarður sem margir ferðamenn heimsækja á hverjum ári. - jhh






The Power to Surprise

# Veglegur vetrarpakki fylgir

Vetrarpakki að verðmæti 390.000 kr. fylgir öllum Kia Sportage fram að áramótum, **vetrardekk**, **dráttarbeisli** og **skottmotta** — fyrir utan allt hitt. Hiti í stýri, hiti í fram- og aftursætum, leðurinnrétting, bakkmyndavél, 7" snertiskjár, íslenskt leiðsögukerfi, 7 ára ábyrgð og margt fleira. Komdu og kíktu í pakkann.







Verð **6.590.777** kr.

Eða **59.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

Kia Sportage World Cup Edition 2,0 dísil, fjórhjóladrifinn og sjálfskiptur

Fæst einnig sem 1,7 dísil, framhjóladrifinn á verði frá **4.890.777** kr.

**Kia Sportage bíður þín í Öskju, Krókhálsi 11. Komdu og prófaðu, við tökum vel á móti þér.**

*M.v. 2.950.000 kr. útborgun og bílalán í 84 mánuði. 8,5 % óverð-tryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,10 %

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Fylgdu okkur á facebook.
facebook.com/kiamotorsisland




KL. 18:10
**Jóladagatal Skoppu og Skrítlu**
Bestu vinir barnanna, þær Skoppa og Skrítla, opna nýjan glugga á nýju jóladagatali á hverjum degi frá og með 1. desember og fram að jólum á Stöð 2. Lúsí og Bakari Svakari láta sig ekki vanta í fjörið ásamt Snæfinni snjókarli sem tekur lagið. Endursýnt á Krakkastöðinni alla daga kl. 19.

# Fjölbreytt mánudagskvöld

KL. 20:40
**Brestir**
Í næsta þætti Bresta verður fátækt á Íslandi til umfjöllunar. Skyggnst er inn í daglegt líf fátækasta fólksins í landinu.



KL. 21:15
**The Newsroom**
Magnaðir þættir sem gerast á kapalstöð í Bandaríkjunum og skartar hinum frábæra leikara, Jeff Daniels í hlutverki fréttalesara.



KL. 23:10
**Rush**
Dr. William Rush er spilltasti læknirinn í Los Angeles og hann er til í að gera ýmislegt fyrir ríka og fræga fólkið ef nógu vel er greitt fyrir.



KL. 20:15
**Hope Springs**
Gamanmynd frá 2012 um miðaldra hjón sem fara í hjónabandsráðgjöf til þess að bjarga hjónabandinu sem er orðið ansi skrautlegt.



KL. 20:55
**The Glades**
Fjórða þáttaröðin af spennandi sakamálaþáttum sem segja frá lífi og starfi lögreglumannsins Jim Longworth í Flórída.




KL. 21:40
**The Tudors**
Fjórða þáttaröðin um einhvern alræmdasta og nafntogaðasta konung sögunnar, Hinrik áttunda.



Fáðu þér áskrift! 365.IS



## SUDOKU

LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 7 | | | | 9 | 1 | | |
| 4 | 6 | 8 | | | | | | 2 |
| | 5 | | 4 | | 8 | | 6 | 7 |
| 1 | | | | 6 | | | | |
| | 9 | 7 | | 1 | 3 | | 4 | |
| | 3 | | | | | | 7 | |
| 2 | 8 | | 5 | 9 | | | 1 | |
| 5 | | 9 | | 8 | | | | |
| | | | 2 | | 4 | 8 | | |

MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | | 7 | 3 | 9 | 6 | 1 | |
| | | 5 | 8 | | | 9 | | |
| | | | | | | | | 2 |
| | 2 | 7 | | | 4 | | | 6 |
| | 4 | | | 7 | 3 | | 2 | 1 |
| 1 | 3 | 6 | | | | | | |
| 6 | | 8 | | 9 | 7 | | | 3 |
| 2 | | | | | | | 9 | 8 |
| 3 | | | 4 | | | 2 | | |

ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 8 | | 1 | | | | | 6 |
| | 9 | | | | 6 | | | 7 |
| | | | | | | | 8 | 1 |
| | | 8 | 7 | | | 5 | | |
| | | 4 | 2 | 1 | | | 6 | |
| | | | | 6 | 8 | | | |
| | 7 | 9 | | 2 | 3 | | | 4 |
| | 4 | 6 | | | | | | |
| | | | | | 7 | 2 | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 9 | 4 | 5 | 1 | 2 | 6 | 7 |
| 5 | 7 | 1 | 6 | 9 | 2 | 3 | 8 | 4 |
| 2 | 4 | 6 | 3 | 7 | 8 | 5 | 9 | 1 |
| 1 | 8 | 7 | 9 | 4 | 3 | 6 | 5 | 2 |
| 4 | 2 | 5 | 8 | 6 | 7 | 9 | 1 | 3 |
| 6 | 9 | 3 | 2 | 1 | 5 | 4 | 7 | 8 |
| 7 | 1 | 4 | 5 | 2 | 9 | 8 | 3 | 6 |
| 9 | 6 | 8 | 7 | 3 | 4 | 1 | 2 | 5 |
| 3 | 5 | 2 | 1 | 8 | 6 | 7 | 4 | 9 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 4 | 6 | 8 | 3 | 7 | 1 | 5 |
| 1 | 3 | 5 | 7 | 4 | 2 | 6 | 9 | 8 |
| 6 | 7 | 8 | 5 | 9 | 1 | 4 | 2 | 3 |
| 4 | 5 | 6 | 8 | 2 | 9 | 1 | 3 | 7 |
| 7 | 9 | 3 | 1 | 5 | 6 | 8 | 4 | 2 |
| 8 | 1 | 2 | 4 | 3 | 7 | 5 | 6 | 9 |
| 5 | 4 | 9 | 2 | 6 | 8 | 3 | 7 | 1 |
| 2 | 6 | 7 | 3 | 1 | 5 | 9 | 8 | 4 |
| 3 | 8 | 1 | 9 | 7 | 4 | 2 | 5 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 3 | 6 | 2 | 4 | 8 | 7 | 5 | 9 |
| 7 | 5 | 2 | 9 | 3 | 6 | 1 | 4 | 8 |
| 4 | 8 | 9 | 5 | 7 | 1 | 2 | 3 | 6 |
| 9 | 4 | 7 | 8 | 5 | 2 | 3 | 6 | 1 |
| 5 | 2 | 3 | 1 | 6 | 4 | 8 | 9 | 7 |
| 6 | 1 | 8 | 3 | 9 | 7 | 5 | 2 | 4 |
| 2 | 9 | 1 | 4 | 8 | 3 | 6 | 7 | 5 |
| 3 | 7 | 5 | 6 | 1 | 9 | 4 | 8 | 2 |
| 8 | 6 | 4 | 7 | 2 | 5 | 9 | 1 | 3 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**Maður málar með heilanum, ekki með höndunum.**
*- Michelangelo*



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** vísupartur, **6.** málmur, **8.** að, **9.** hamingja, **11.** eyðileggja, **12.** högni, **14.** stinga, **16.** Drykkur, **17.** málmur, **18.** kk nafn, **20.** grískur bókstafur, **21.** hróp.

**LÓÐRÉTT**
**1.** helminguð, **3.** tveir eins, **4.** gufuskip, **5.** hamfletta, **7.** ávöxtur, **10.** andmæli, **13.** atvikast, **15.** einsöngur, **16.** hald, **19.** gangflötur.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** stef, **6.** ál, **8.** til, **9.** lán, **11.** má, **12.** fress, **14.** pikka, **16.** te, **17.** eir, **18.** ari, **20.** pí, **21.** kall.
**LÓÐRÉTT: 1.** hálf, **3.** tt, **4.** eimskip, **5.** flá, **7.** lárpera, **10.** nei, **13.** ske, **15.** aría, **16.** tak, **19.** íl.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Thomas Henrichs (2476), skákdeild Fjölnis, hafði hvítt gegn Degi Arngrímssyni (2391), Taflfélagi Bolungarvíkur, á Íslandsmóti skákfélaga.**

**Hvítur á leik**



**13. Bxh6! gxh6 14. Dd2** Svartur er gjörsamlega varnarlaus. Til dæmis 14...Bf6 15. exf6 Dxf6 16. Re5! Svartur lék **14...Bc5** og gafst upp áður en hvítur lék næsta leik. **www.skak.is** Anish Giri efstur í Katar.




The Power to Surprise

# Veglegur vetrarpakki fylgir

Vetrarpakki að verðmæti 390.000 kr. fylgir öllum Kia Sportage fram að áramótum, **vetrardekk**, **dráttarbeisli** og **skottmotta** — fyrir utan allt hitt. Hiti í stýri, hiti í fram- og aftursætum, leðurinnrétting, bakkmyndavél, 7" snertiskjár, íslenskt leiðsögukerfi, 7 ára ábyrgð og margt fleira. Komdu og kíktu í pakkann.







Verð **6.590.777** kr.

Eða **59.777 kr.** á mánuði í 84 mánuði*

Kia Sportage World Cup Edition 2,0 dísil, fjórhjóladrifinn og sjálfskiptur

Fæst einnig sem 1,7 dísil, framhjóladrifinn á verði frá **4.890.777** kr.

**Kia Sportage bíður þín í Öskju, Krókhálsi 11. Komdu og prófaðu, við tökum vel á móti þér.**

*M.v. 2.950.000 kr. útborgun og bílalán í 84 mánuði. 8,5 % óverð-tryggðir vextir. Árleg hlutfallstala kostnaðar 10,10 %

ASKJA

**ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is**
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili KIA á Íslandi.

Fylgdu okkur á facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

# MENNING

## Póstmódern haustfagnaður

DANS ★★★☆☆

**Reykjavíkdansfestival**

FACE EFTIR CHRISTIAN FALSNAES

DEAD BEAUTY AND THE BEAST EFTIR HÖLLU ÓLAFSDÓTTUR OG AMANDA APETREA

FRONTING EFTIR ÁSRÚNU MAGNÚSDÓTTUR OG ALEXANDER ROBERTS

SOLID GOLD OG JOLIE EFTIR ULA SICKLE

Það er kærkomið tækifæri fyrir dansáhugafólk að hittast nú aftur síðla hausts, sjá dans og spjalla um þetta sameiginlega áhugamál. Framtak listrænna stjórnenda Reykjavíkdansfestivals að hafa fjórar minni danshátíðir á ári, en ekki aðeins eina, er því lofsvert. Góður en þröngur hópur fólks kemur saman á þessum stundum og er greinilegt að RDF er ekki síður félagslegur viðburður þar sem samræðan og tengslamyndun blómstra heldur en listviðburður sem slíkur. Á hátíðinni að þessu sinni virðist andi Judson-hópsins, sem starfaði í New York í byrjun 7. áratugar síðustu aldar og hefur verið skilgreindur sem póstmódern-dans innan dansfræðanna, svífa yfir vötnum. Hugmyndir eins og dansinn dansins vegna, allar hreyfingar geta verið danshreyfingar, ekkert leikhúsprjál, „ekki-dansara“ upp á svið, sköpunarferlið ofar afurðinni og afnám fjórða veggjarins allt þetta má greina í þeim verkum sem þegar hafa verið sýnd á hátíðinni þegar þessi pistill er skrifaður.

Á opnunarverki hátíðarinnar Face eftir Christian Falsnaes var fjórði veggurinn virtur að vettugi. Áhorfendur voru virkjaðir í gegnum spunatækni til að taka þátt í félagslegri dansskröpun þar sem skoðaðir voru þættir eins og kynhlutverk og möguleikar á því að stjórna fjöldasamkomu. Uppátækið virtist hafa tekist með ágætum og áhorfendur, sem sú sýning leystist upp í sameiginlegan dansleik. Verkið byggir að nokkru á eldri verkum Beauty and the Beast við viðbættum ljóðalestri, danceoke og dj. Beauty and the Beast er áhugavert fyrirbæri sem byggir á sterkri karaktersköpun þeirra stallna og ögrandi sviðsframkomu sem ber ekki síst keim af þungarokki og klámi. Á sýningunni á miðvikudaginn var það ekki síst tilvísun í eldri verk sem vakti athygli en ljóðin og flutningur þeirra voru líka allrar athygli verð þótt textinn færi að mestu fyrir ofan garð og neðan. Hér var samt greinilega um verk í vinnslu að ræða sem gaf ágætis innsýn í hvers þær stöllur eru megnugar en var enn sem komið er hvorki fugl né fiskur.

Í verki Höllu Ólafsdóttur og Amöndu Apetrea, DEAD Beauty and the Beast kveður við sama tón en sú sýning leystist upp í sameiginlegan dansleik.

Dansverkið Fronting eftir Ásrúnu Magnúsdóttur og Alexander Roberts er skapað úr hreyfingum sem vanalega eru ótengdar dansi og flutt af einstaklingum sem ekki eru dansarar. Þannig voru hreyfingarnar sóttar í smiðju þekktra hljómsveitarsöngvara og þrír slíkir, Gunnar Ragnarsson í Grísalappalísu, Unnsteinn Manuel Stefánsson í Retró Stefson og Kata Mogensen í Mammút, fengnir til að dansa verkið. Niðurstaðan var þrír ólíkir frasar einn fyrir hvern söngvara sýndir hver á eftir öðrum. Hugmyndin er frumleg og skemmtileg eins og reyndar allt sem þau koma nálægt Ásrún og Alex, en útkoman var ekki nógu sterk. Það vantaði meiri úrvinnslu viðfangsefnisins svo frasarnir yrðu annað og meira en þrjú skemmtileg atriði, samsett úr röð hreyfinga, sýnd hvert á eftir öðru. Söngvararnir sýndu þó óborganlega takta í að „dansa“ lögin sín án söngs.

Í verkum Ula Sickle, Solid Gold og Jolie, sem sýnd voru á fimmtudagskvöldið kvað við allt annan tón. Þar gat að líta alls ólíkan menningararf og hreyfiheim en þann sem venjulega sést hér á sviði, heim sem flokkast myndi undir djass í dansi í víðustu merkingu þess orðs. Sviðsmyndin í verkinu var engin, aðeins lýsing og dansararnir voru klæddir hversdagslegum fötum. Hreyfingar og líkamstjáning dansaranna fengu því að njóta sín í sinni tærustu mynd. Dansinn skapaði að auki hljóðmyndina með hjálp tækni og tæknifærra manna. Bæði verkin voru markviss og sterk og frammistaða dansaranna í takt við það.

**Sesselja G. Magnúsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Nóvemberhátíð RDF byrjar vel, ekki síst sem félagslegur listviðburður. Verkin sem sýnd hafa verið eru áhugaverð en mætti vera vandaðri.



**DANSFESTIVAL** „Í verkum Ula Sickle, Solid Gold og Jolie,kvað við allt annan tón. Þar gat að líta alls ólíkan menningararf og hreyfiheim en þann sem venjulega sést hér á sviði.“ MYND: VINCENT PINCKAERS

## Táningsár manns og borgar

BÆKUR ★★★★☆

**Táningabók**

Sigurður Pálsson

JPV

Endurminningabækur Sigurðar Pálssonar hafa hlotið mikið lof síðustu ár og það er ljóst að það mun ekki breytast með þessari þriðju bók. Táningabók fjallar, eins og nafnið gefur til kynna, um táningsár skáldsins. Hér lýsir Sigurður því óstöðuga og leitandi tímabili þegar hann er mitt á milli þess að vera barn og fullorðinn.

Aðferð Sigurðar í þessari bók er sams konar og í Minnisbók (2007) og Bernskubók (2011). Frásögnin er fjölbreytt, þar skiptast á atvik í þroskasögu Sigurðar Pálssonar, stuttar skondnar sögur af þekktum mönnum, lýsing á menningarlífi þessa tíma, hugleiðingar um skáldskap og það að verða skáld og pælingar um eðli minnisins og mannlega tilveru. Stíllinn er stundum ljóðrænn, stundum íhugull, stundum greinandi og stundum er um hreinræktaðan skemmtistíl að ræða. Inn á milli er svo skotið ljóðum sem tengjast umfjöllunarefninu. Þrátt fyrir þetta er bókin alls ekki sundurlaus en það sem heldur henni saman er fyrst og fremst sterk höfundarrödd Sigurðar. Auk þess er frásögnin nokkurn veginn í tímaröð, þótt Sigurður skjóti stundum inn bútum þar sem farið er fram eða til baka í tíma, og því verður þróun aðalpersónunnar til að halda atriðunum saman.

Í hinum bókunum tveimur var sögusviðið annars vegar sveitin og hins vegar Parísarborg. Í þessari bók er það Reykjavík. Borgin er í stóru hlutverki í frásögn Sigurðar enda er ýmislegt sameiginlegt á milli táningsins og hennar.

Reykjavík er á vissan hátt líka á táningsaldri eða mitt á milli þess að vera bær og borg, a.m.k. samanborið við erlendar stórborgir og borgina í dag. Enda er hún „Borg táningasáranna“ (bls. 286). Í upphafi bókarinnar, þegar Sigurður er nýkominn til borgarinnar, týnist hann á leiðinni heim til sín. Að sama skapi er táningurinn að leita að sjálfum sér, reyna að kynnast því hver hann er. Þegar á líður fer honum að finnast borgin vera sá staður þar sem hann á heima og á sama tíma er hann farinn að finna sér hlutverk í lífinu — hann er að stíga sín fyrstu skref inn á skáldabrautina. Í lok bókarinnar hefur Sigurður vaxið upp úr borginni, hann finnur fyrir takmörkunum hennar og landsins alls og þráir að komast til fyrirheitna landsins, Parísarborgar. Þannig má segja að höfundurinn Sigurður dragi upp samsvörun á milli tengsla og viðhorfs táningsins Sigurðar til borgarinnar og þroska hans á þessum árum.

Viðhorf hins fullorðna Sigurðar til sjálfs sín á táningsaldri einkennast jöfnum höndum af hlýju og umburðarlyndi og sjálfsíróníu. Sigurður sýnir vel hvernig hann sjálfur (og unglingar almennt) er undarleg blanda af sjálfsöryggi og óöryggi. Sú tilfinning að maður sé að gera allt miklu betur en áður hafi verið gert, í bland við djúpstæða tilfinningu fyrir eigin takmörkunum. Það hvernig þörfin til að finna sjálfan sig og skapa sjálfan sig tekst á í lífi táningsins. Þetta gerir Sigurður þannig að lesandi fær hlutdeild í væntumþykju höfundar gagnvart hinum unga Sigurði en getur á sama tíma hlegið að honum þannig að tárin trilla, en lýsingarnar á menningarlegum uppátækjum í menntaskóla eru með því fyndnasta sem ég hef lesið lengi.

**Ásdís Sigmundsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Einstaklega skemmtileg og falleg lýsing á táningsárum



**SIGURÐUR PÁLSSON** „Viðhorf hins fullorðna Sigurðar til sjálfs síns á táningsaldri einkennast jöfnum höndum af hlýju og umburðarlyndi og sjálfsíróníu.“ FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Jólasjúk sópransöngkona í Hafnarborg

Á tónleikum í Hafnarborg á morgun syngur Hanna Þóra Guðbrandsdóttir við undirleik Antoníu Hevesi.

Hanna Þóra Guðbrandsdóttir sópran kemur fram á hádegistónleikum í Hafnarborg þriðjudaginn 2. desember kl. 12 ásamt Antoníu Hevesi píanóleikara. Tónleikarnir bera nafnið Maríustund en þar mun Hanna Þóra syngja ljóð, bænir og aríur sem tengjast heilagri Maríu og jólunum. „Hanna Þóra býr á Akranesi og er bæjarlistamaður Akraness núna. Hún er svo jólasjúk að hún verður búin að skreyta jólatréð og ætlar að gefa gestum tónleikanna uppskrift að jóladesert,“ segir Antonía.

Á efnisskránni eru Maríubænir og ljóð sem margir þekkja en eru með óvenjulegan bakgrunn sem Antonía ætlar að segja frá. Einnig verður eitt lag sem fáir hafa hlýtt á í þessu samhengi. Það var klippt út úr kvikmyndatónlist og talsvert amstur kostaði að ná í nóturnar að því, að sögn Antoníu.

Á meðal hlutverka sem Hanna Þóra hefur sungið má nefna Drekafluguna í Töfraheimi Prakkarans eftir Ravel, Genovefa úr Systir Angelicu eftir Puccini, greifynjuna í Brúðkaupi Fígarós eftir Mozart, og Ines í Il Trovatore eftir Verdi. Árið 2014 söng hún hlutverk daggarálfsins og Óla lokbrá í barnaóperunni Hans og Grétu á vegum Óp-hópsins og var einsöngvari í Óperunni Ragnheiði eftir þá Gunnar Þórðarson og Friðrik Erlingsson sem sett var upp af Íslensku óperunni og jafnframt fór hún með hlutverk í óperunni Skáldið og biskupsdóttirin eftir Alexöndru Chernyshova og Guðrúnu Ásmundsdóttur sem frumflutt var í Hallgrímskirkju í Saurbæ í vor.

Tónleikarnir hefjast klukkan 12 og standa yfir í um hálfa klukkustund, þeir eru öllum opnir á meðan húsrúm leyfir. Húsið verður opnað klukkan 11.30.



**SÖNGKONAN** Hanna Þóra ætlar að gefa gestum tónleikanna uppskrift að jóladesert. MYND ÚR EINKASAFNI

## Arnfinnur sýnir í Kunstschlager

Myndlistarmaðurinn Arnfinnur Amazeen heldur nú myndlistarsýningu í Kunstschlager undir yfirskriftinni Gríman er andlitið. Arnfinnur er búsettur í Danmörku og sýnir nú í Kunstschlager eftir nokkurra ára sýningarhlé á Íslandi.

Eins og í fyrri verkum teflir listamaðurinn hér saman ólíkum miðlum svo útkoman verður forvitnileg, að því er segir í tilkynningu. Hversdagslegum hlutum er komið fyrir í samspili hverjum við annan og önnur verk sýningarinnar.

Sýningin stendur til 12. desember.




Raftækniskólinn

Átt þú samleið með okkur?

Spennandi og fjölbreytt nám í rafvirkjun og rafeindavirkjun.

Kynntu þér námið á
tskoli.is/raftaekniskolinn
Opið fyrir umsóknir á menntagatt.is

Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins

www.tskoli.is

# Jóladagatal Miðborgarinnar okkar

## NÝ TILBOÐ Á HVERJUM DEGI

Þú finnur allar jólagjafirnar í miðborginni og senn fer afgreiðslutími verslana að lengjast. Í hverjum glugga á jóladagatalinu okkar leynist sértilboð eða afsláttur og því er um að gera að fylgjast með daglega í Fréttablaðinu og á Facebook-síðunni okkar.

**Fjöldi bílastæða og ekki gleyma bílastæðahúsunum.**

BERGSTAÐIR
KOLAPORT
RÁÐHÚSIÐ
STJÖRNUPORT
TRAÐARKOT
VESTURGATA
VITATORG

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kjólar & Konfekt<br>1. DES. | TÖSKU- OG HANSKABÚÐIN EHF<br>2. DES. | kroll<br>3. DES. | Spúútnik<br>4. DES. |
| NOSTALGÍA<br>5. DES. | SUOMI PRKL! DESIGN<br>6. DES. | CAFÉ MEZZO<br>7. DES. | EINVERA<br>8. DES. |
| PÚKÓ & Smart<br>9. DES. | BERNHARD LAXDAL<br>10. DES. | ANNARANNA<br>11. DES. | eva<br>12. DES. |
| SIGURBOGINN<br>13. DES. | GullBúðin BANKASTRÆTI<br>14. DES. | HERRAFATAVERZLUN KORMÁKS & SKJALDAR<br>15. DES. | MJ MARTA JONSSON<br>16. DES. |
| DIMMALIMM<br>17. DES. | HILDUR HAFSTEIN<br>18. DES. | 66° NORÐUR<br>19. DES. | GB SKARTGRIPIR<br>20. DES. |
| Gullkúnst Helgu Laugavegi 13, 101 Reykjavík<br>21. DES. | FJALLAKOFINN<br>22. DES. | Ullarkistan<br>23. DES. | Kraum<br>24. DES. |

LEIGUFÉLAG ÍSLANDS

VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!

— WWW.MIDBORGIN.IS —

MIÐBORGIN OKKAR



**VINSÆLIR** Roberts og Holdsworth hafa fengið mikið lof fyrir frammistöðu sína á sviðinu.

# Spila á 38 hljóðfæri

## Tónleikarnir Tubular Bells fyrir tvo í Háskólabíói.

Tónleikarnir Tubular Bells fyrir tvo verða haldnir í Háskólabíói 21. janúar. Þar spila Ástralarnir Aidan Roberts og Daniel Holdsworth lög af frægri plötu Mikes Oldfield, Tubular Bells, og verða þeir aðeins tveir á sviðinu. Hljóðfærin verða aftur á móti 38 talsins. Tónleikarnir eru haldnir í tilefni 40 ára afmælis plötunnar, sem var í fyrra.

„Það er svolítið spennandi að sjá hvort þeir nái næsta hljóðfæri. Það er hluti af þessu,“ segir tónleikahaldarinn Guðbjartur Finnbjörnsson. „Eins og þeir segja: „Ein plata, allt of mörg hljóðfæri“. Þetta er sýning í leiðinni.“

Tubular Bells kom út árið 1973 og er fyrsta plata enska tónlistarmannsins Mikes Oldfield. Platan sat á breska vinsældalistanum í 279 vikur samfleytt og er sú fyrsta sem Virgin Records, fyrirtæki auðjöfursins Richards Bransons, gaf út.

„Mike Oldfield var átján ára þegar hann ætlaði að selja þessa hugmynd um að gefa út þessa plötu og spila á öll hljóðfærin sjálfur. Enginn leit við honum þangað til ungur strákur á svipuðum aldri ákvað að taka verkefnið að sér. Þessi plata lagði grunninn að veldi Bransons því hún seldist svo rosalega,“ segir Guðbjartur.

Roberts og Holdsworth hafa hlotið mikið lof fyrir tónleika sína úti um allan heim. Þeir eru á sinni fyrstu tónleikaferð um Bandaríkin og munu ljúka ferðalaginu hér á landi. Miðasala hefst næstkomandi fimmtudag á Midi.is.

- fb



**TUNGL** Sækadelískt kántrírokk af gamla skólanum.

MYND/SAGA SIG

# Ný ofurhljómsveit sækir í sig veðrið

## Hljómsveitina Tungl mynda Birgir í Motion Boys, Bjarni í Mínus og Frosti í Klink.

„Þegar við kynntumst þá áttuðum við okkur á því að við vorum allir með jafn mikla ástríðu fyrir sömu tónlistinni, svona sækadelísku kántrírokki af gamla skólanum,“ segir Frosti Jón Runólfsson, trommari nýju ofurhljómsveitarinnar Tungls. Ásamt Frosta, sem hefur meðal annars trommað í Klinki, eru í hljómsveitinni Bjarni Sigurðarson, gítarleikari í Mínus og Motion Boys, og Birgir Ísleifur Gunnarsson, söngvari og hljómborðsleikari sem var einnig í Motion Boys.

> **Ég hélt að það myndi falla á mig að skrifa texta því ég lít á mig sem svo mikinn penna en svo var ég hálfskúffaður því textarnir hans Bigga eru svo góðir.**

Hljómsveitin gaf út í vikunni fyrsta lag sitt, The Wild Ones, en kapparnir vinna nú að fyrstu plötunni, sem þeir taka upp með Gunnari Erni Tynes úr múm og hljóðblanda með Halli Ingólfssyni sem var meðal annars í HAM og XIII.

Að sögn Frosta er það Birgir sem hefur samið megnið af lögunum og textunum. „Ég hélt að það myndi falla á mig að skrifa texta því ég lít á mig sem svo mikinn penna en svo var ég hálfskúffaður því textarnir hans Bigga eru svo góðir. Við ætlum að sigra hjarta landans með spilamennsku en það er önnur hlið á sveitinni sem kemst ekkert endilega til skila á upptökunum,“ segir Frosti.

- þij





**SWIFT** Meðvituð um ábyrgð sína gagnvart ungum aðdáendum. MYND/GETTY

## Taylor Swift dæmir engan

Bandaríska söngkonan Taylor Swift segist meðvituð um ábyrgð sína gagnvart ungum aðdáendum sínum.

Swift segir að með aldrinum verði hún meðvitaðri um hvernig þær ákvarðanir sem hún tekur geti haft áhrif síðar á lífsleiðinni, en söngkonan er 24 ára gömul.

Hún segist hugsa út í það hvernig hún klæði sig og komi fram. Swift segist þrátt fyrir það ekki dæma aðrar poppstjörnur sem kjósa að klæðast á meira ögrandi hátt en hún gerir.

Söngkonan flutti nýverið til New York þar sem hún keypti sér íbúð og segir hún flutningana hafa þroskað sig töluvert.



**KID ROCK** með frábæran fata- og tónlistarsmekk.

## Kid Rock með nýja plötu

„Ég er ekki svalur. Ég veit ekki hvaða helvítis tónlistarhátíð Coachella er og ég skil hvorki veraldarvefinn né þröngar gallabuxur,“ segir rokkarinn Kid Rock í viðtali við Rolling Stone en hann vinnur nú að fyrstu plötu sinni í nokkur ár, First Kiss. Hann segist reyndar telja fyrri plötuna, Rebel Soul frá 2012 vera slæma og því sé meiri pressa á honum núna.

Nokkur lög á plötunni sem nefnd eru í viðtalinu eru til dæmis Hopp-in Around; óður til bróður hans Billy sem missti fótinn í traktorsslysi. „Honum þykir lagið drullufyndið,“ segir Rock. Einnig er lagið „Ain't Enough Whiskey“ þar sem Rock skýtur föstum skotum á stjórnmálamenn sem vilja „taka byssurnar mínar burt“.

# Nítján listamenn á safnplötu fyrir íbúa Gasa

Safnplatan Fyrir Gaza er komin út með lögum frá GusGus, Mugison, FM Belfast, Prins Póló og fleirum.

Fyrir Gaza er safnplata gefin út fyrir íbúa Gasa þar sem nítján listamenn og hljómsveitir koma saman í nafni mannréttinda og mannúðar. Má þar nefna GusGus, FM Belfast, Sóley, Cell 7, Mammút, Prins Póló og Mugison.

Allur ágóði af sölu plötunnar rennur til AISHA – Association for Women and Child Protection sem sinnir neyðarhjálp fyrir konur og barnafjölskyldur á Gasasvæðinu. Samtökin standa einnig fyrir námskeiðum og fræðslustarfi til að fyrirbyggja heimilisofbeldi, stuðla að jafnrétti og styrkja stöðu kvenna á Gasa og annars staðar í hertekinni Palestínu.

Eva Einarsdóttir er upphafsmaður og umsjónarmaður útgáfunnar. Hún ferðaðist til Palestínu árið 2003 og starfaði sem sjálfboðaliði að æskulýðsstarfi hjá PMRS, Palestínsku læknahjálparnefndunum og Project Hope í Balata-flóttamannabúðunum við Nablus. Árið 2004 átti hún frumkvæði að útgáfu safnplötunnar Frjáls Palestína. Nú tíu árum síðar, í kjölfar árásanna á Gasa í sumar, setur hún saman þessa safnplötu.



**EVA EINARSDÓTTIR** Eva er upphafsmaður og umsjónarmaður útgáfunnar. Hún ferðaðist til Palestínu árið 2003.

→ Allur ágóði af sölu Fyrir Gaza rennur til AISHA.






SAMbio.is
















SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | |
|---|---|
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 8 - 10:20 |
| MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASCAR ÍSLTAL 2D: | KL. 5:50 |
| MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASCAR ÍSLTAL 3D: | KL. 6:20 |
| DUMB AND DUMBER TO | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| INTERSTELLAR | KL. 5:40 - 8:30 - 9:30 |
| INTERSTELLAR VIP | KL. 5 - 8:30 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 |
| JOHN WICK | KL. 8 - 10:20 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | |
|---|---|
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 5:40 - 8 - 10:20 |
| INTERSTELLAR 4K | KL. 8 |
| INTERSTELLAR | KL. 6:30 - 10 |
| MÖRGÆSIRNAR FRÁ MADAGASCAR ÍSLTAL 3D: | KL. 5:50 |
| THE RAILWAY MAN | KL. 8 - 10:30 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 5:40 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| VIKINGO | KL. 6 - 8 - 10 |
| THE RAILWAY MAN | KL. 8 - 10:20 |
| INTERSTELLAR | KL. 5:30 - 9 |
| AFINN | KL. 5:40 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | |
|---|---|
| VIKINGO | KL. 10:20 |
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 10:30 |
| THE HUNGER GAMES | KL. 8 |
| DUMB AND DUMBER TO | KL. 8 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | |
|---|---|
| THIS IS WHERE I LEAVE YOU | KL. 8 |
| VIKINGO | KL. 10:20 |
| THE RAILWAY MAN | KL. 5:40 |
| INTERSTELLAR | KL. 8:30 |
| ALGJÖR SVEPPI | KL. 6 |

SAMbio.is


# Cumberbatch steinhissa

Breski leikarinn **Benedict Cumberbatch** er steinhissa yfir gríðarlegum vinsældum sínum um heim allan.



Cumberbatch, sem er hvað best þekktur fyrir túlkun sína á Sherlock Holmes í samnefndum sjónvarpsþáttum, segist fá mikla ánægju út úr því að leika spæjarann snjalla.

Leikarinn segist ekki getað ímyndað sér að hann muni fá nóg af því að túlka Holmes og hann gæti vel hugsað sér að leika spæjarann sem gamlan mann.

Sherlock-stjarnan hefur átt mikilli hylli að fagna hjá kvenþjóðinni og þrátt fyrir að vera þakklátur og ánægður fyrir hana segist leikarinn staðráðinn í því að láta athyglina ekki hlaupa með sig í gönur.

# Kæfandi kærleikur

**BAKÞANKAR**
Hauks Viðars Alfreðssonar



**EINN** mjög virkur í athugasemdum vakti athygli mína í síðustu viku þegar hann lýsti vanþóknun sinni á öðrum með því að kalla hann „ógeðslegan negra“ í athugasemdakerfi eins vefmiðilsins. Þessi örlagafáviti tjáir sig um fréttir og greinar víðsvegar um netið og virðist ófær um að bjóða upp á nokkuð annað en mannhatur og viðbjóð hvert sem hann fer. Þegar ég sé svona rugguhesta á netrúntinum mínum get ég aldrei stillt mig um að smella á prófílinn þeirra og skoða myndirnar. Finn sæluhrollinn hríslast um mig þegar ég sé hvað þeir eiga ófríðar eiginkonur og ógeðsleg hús. En ef nákvæmlega sami maður hefði skrifað eitthvað nógu fallegt til þess að vekja athygli mína myndi ég eflaust skoða sömu myndir og dást að því hvað allt þetta fólk væri nú krúttlegt.

**KANNSKI** eru börn þessa manns búin að reyna árangurslaust og ítrekað að fá hann til þess að hætta að láta eins og fífl. Fela power-snúruna að tölvunni hans og svona. En gamli deyr ekki ráðalaus og nú klórar konan hans sér í höfðinu yfir því hvað varð eiginlega um snúruna af hraðsuðukatlinum. Gamli skítadreifarinn búinn að hella aðeins í sig og kominn aftur á netið. Getum við mögulega hjálpað til? Má ekki gera ráð fyrir því að í flestum tilvikum sé um að ræða einmana menn sem líður illa? Kannski búnir að missa vini og vinnu vegna hegðunar sinnar, sem er ekki ólíklegt að svipi til þeirrar sem þeir sýna á internetinu.

**HVAÐ** með að kæfa þá með kærleik? Senda þeim vinabeiðnir, sem ég er handviss um að þeir samþykkja, og verða bestu vinir þeirra í öllum heiminum – á Facebook? Við þurfum ekki einu sinni að heimsækja þá. Skrifa bara reglulega kveðjur á vegginn þeirra, tagga þá í skemmtilegum keðjustatusum og heyra í þeim af og til á spjallinu. „Sæll vinur, hvað er títt?“ Ég er handviss um að þeir myndu mýkjast á nóinu. Í kjölfarið yrði netið að betri stað.

**ÉG ÞORI** að vísu ekki að gera þetta sjálfur en ég var að vona að þið hin væruð til.

# Fjör í útgáfuhófi Hreins Skjaldar

Útgáfuhóf sjónvarpsþáttaraðarinnar Hreins Skjaldar var haldið í Iðnó á föstudag. Frumsýning var á Stöð 2 á sunnudagskvöld. Þættirnir koma úr smiðju Steinda Jr., Magnúsar Leifssonar og Ágústs Bents. Með aðalhlutverk í þáttunum fara Steindi Jr., Pétur Jóhann Sigfússon og Saga Garðarsdóttir.



**ÁNÆGÐ** Steindi Jr. og Sigrún Sigurðardóttir.



**HRESSIR** Einar Ingi Sigmundsson og Daníel Ólafsson.



**FLOTTIR** Gísli Pálmi og Sigtryggur Magnason.



**GAMAN** Hrafnhildur Arnardóttir, Kjartan Guðjónsson og Ívar Guðmundsson.



**GLÆSILEGAR** Anna K. Óskarsdóttir, Hulda H. Tryggvadóttir og Hanna L. Garðarsdóttir.



**Í STUÐI** Pétur Jóhann Sigfússon, Ágúst Bent Sigbertsson og Auðunn Blöndal.



**FLOTT SAMAN** Kristján Þór Matthíasson og Brynja Pétursdóttir.


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ







SMÁRABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MOCKINGJAY | KL 5 - 8 - 9 - 10.45 | 12 |
| MOCKINGJAY LÚXUX | KL 5 - 8 - 10.45 | 12 |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL 3.15 - 5.30 | L |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 3D | KL 3.15 - 5.30 | L |
| MÖRGÆSIR ENSKT TAL 2D | KL 8 | L |
| DUMB AND DUMBER | KL 3.30 - 6 - 8 - 10.30 | 7 |
| GONE GIRL | KL 10.15 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| MOCKINGJAY | KL 6 - 9 - 10.30 | 12 |
| DUMB AND DUMBER | KL 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 2D | KL 5.15 | L |
| MÖRGÆSIR ÍSL TAL 3D | KL 5.30 | L |
| ST. VINCENT | KL 8 | L |
| NIGHTCRAWLER | KL 8 | 16 |
| GRAFIR OG BEIN | KL 10.30 | 16 |

LAUGARÁS BÍÓ
ÞÚ FÆRÐ Coca-Cola Í LAUGARÁSBÍÓI







| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| HUNGER GAMES: MOCKINGJAY | 5:30, 8, 10:30(P) | 12 |
| MÖRGÆSIRNAR 2D | 6 | L |
| DUMB & DUMBER TO | 5:30, 8, 10:20 | 7 |
| NIGHTCRAWLER | 8, 10:30 | 16 |






BÍÓ ★ PARADÍS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-20

| | |
|---|---|
| Whiplash | 17.45, 22.15 |
| Clouds of Sils Maria | 17.30 |
| Turist | 17.45, 20.00 |
| White God | 20.00, 22.15 |
| 20.000 days on Earth | 20.00, 22.00 |






Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




NIÐUR BREKKU FER
HERRASKÍÐASKÓR
ROSSIGNOL ALIAS 80
37.990 KR.
DÖMUSKÍÐI
MEÐ BINDINGUM
ROSSIGNOL UNIQUE 2
84.990 KR.
HJÁLMUR
ROSSIGNOL TOXIC
11.990 KR.
SNJÓBRETTI
ROSSIGNOL MYTH EÐA
ROSSIGNOL CURCIUT
57.990 KR.
HJÁLMUR
K2 THRIVE
15.990 KR.
HERRASKÍÐI
MEÐ BINDINGUM
ROSSIGNOL PURSUIT 13
84.990 KR.
DÖMUSKÍÐASKÓR
NORDICA CRUISE 55
29.990 KR.
SKÍÐAGLERAUGU
UVEX
FRÁ 7.990 KR.
SNJÓBRETTASKÓR
NORTHWAVE SUPRA EÐA
NORTHWAVE DIME
26.990 KR.
20% PAKKAAFSLÁTTUR EF KEYPT ERU SKÍÐI
OG SKÓR EÐA BRETTI, BINDINGAR OG SKÓR
ROSSIGNOL, NORDICA, K2, BLIZZARD, NORTHWAVE
DRAKE, UVEX OG FLEIRI FRÁBÆR MERKI
Fatnaður á mynd: Helly Hansen
ÚTILÍF
síðan 1974
SKÍÐADEILDIN ER Í GLÆSIBÆ
utilif.is

# SPORT

## Suðurnesjasóp hjá nýliðunum?

**KÖRFUBOLTI** Áttunda umferð Dominos-deildar karla í körfubolta klárast í kvöld þegar Grindavík tekur á móti sjóðheitum nýliðum Tindastóls í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport klukkan 19.15.

Mikill munur er á gengi liðanna það sem af er tímabilinu, en Grindavík er aðeins búið að vinna einn leik af sjö á meðan Stólarnir eru búnir að vinna sex af sjö. Eini leikurinn sem nýliðarnir töpuðu var gegn ósigruðu liði KR og það í framlengingu.



Stólarnir geta fullkomnað Suðurnesjasóp í fyrri umferð Dominos-deildarinnar í kvöld, en þeir eru búnir að vinna bæði Njarðvík og Keflavík á tímabilinu. Þeir unnu Njarðvík, 86-75, í Síkinu fyrir norðan og lögðu Keflvíkinga á sama stað, 97-74, í síðustu umferð.

Þar fór Pétur Rúnar Birgisson, 18 ára gamall leikstjórnandi Tindastóls, á kostum, en hann skoraði 18 stig, tók 6 fráköst og gaf 8 stoðsendingar. Hann er stoðsendingahæstur í Tindastólsliðinu með 5,6 slíkar að meðaltali í leik. - tom

## 340 mínútna bið á enda hjá Soldado

**FÓTBOLTI** Tottenham vann Everton, 2-1, á heimavelli í lokaleik 13. umferðar ensku úrvalsdeildarinnar í fótbolta í gær, en sigurmarkið kom úr nokkuð óvæntri átt.

Spænski framherjinn Roberto Soldado, sem hefur ekkert gengið að troða boltanum í netið í úrvalsdeildinni undanfarið, skoraði sigurmarkið í uppbótartíma í fyrri hálfleik eftir að Everton tók forystuna í leiknum.

Soldado fagnaði markinu eðlilega vel og innilega enda var það hans fyrsta í úrvalsdeildinni síðan í mars. Hann var búinn að bíða í níu leiki (sjö á þessu tímabili og tvo á því síðasta) eftir að skora aftur fyrir Tottenham. Í heildina skoraði Soldado ekki fyrir Tottenham í úrvalsdeildinni í 340 mínútur.

„Roberto Soldado hefur spilað frábærlega undanfarið, hann þurfti bara að skora til að auka sjálfstraustið. Ég er hæstánægður fyrir hans hönd og vonandi fer hann nú að skora reglulega,“ sagði Harry Kane, liðsfélagi Spánverjans, eftir sigurinn.

Tottenham jafnaði Arsenal að stigum, en Arsenal vann WBA á útivelli, 2-0, þar sem Danny Welbeck skoraði eina mark leiksins fyrir skytturnar. - tom



**LOKSINS!** Roberto Soldado fagnaði markinu vel og innilega. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## ENSKI BOLTINN

**WBA - ARSENAL 0-1**
0-1 Danny Welbeck (60.)

**BURNLEY - ASTON VILLA 1-1**
0-1 Joe Cole (38.), 1-1 Danni Ings (87., víti.).

**LIVERPOOL - STOKE 1-0**
1-0 Glen Johnson (85.).

**MAN. UTD - HULL 3-0**
1-0 Chris Smalling (16.), Wayne Rooney (42.), Robin van Persie (66.).

**SWANSEA - C. PALACE 1-1**
1-0 Wilfried Bony (15.), 1-1 Mile Jedinak (25, víti.).

**QPR - LEICESTER 3-2**
0-1 Esteban Cambiasso (4.), 1-1 Wes Morgan (38., sm.), 2-1 Leroy Fer (45.), 2-2 Jeffrey Schlupp (68.), 3-2 Charlie Austin (73.).

**WEST HAM - NEWCASTLE 1-0**
1-0 Aaron Cresswell (56.).

**SUNDERLAND - CHELSEA 0-0**

**SOUTHAMPTON - MAN. CITY 0-3**
0-1 Yaya Touré (51.), 0-2 Frank Lampard (80.), 0-3 Gaël Clichy (88.).

**TOTTENHAM - EVERTON 2-1**
0-1 Kevin Mirallas (15.), 1-1 Christian Eriksen (21.), 2-1 Roberto Soldado (45.).

### STAÐAN:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Chelsea | 13 | 10 | 3 | 0 | 30-11 | 33 |
| Man. City | 13 | 8 | 3 | 2 | 27-13 | 27 |
| Southampton | 13 | 8 | 2 | 3 | 24-9 | 26 |
| Man. Utd | 13 | 6 | 4 | 3 | 22-15 | 22 |
| West Ham | 13 | 6 | 3 | 4 | 21-16 | 21 |
| Arsenal | 13 | 5 | 5 | 3 | 21-15 | 20 |
| Tottenham | 13 | 6 | 2 | 5 | 18-18 | 20 |
| Swansea | 13 | 5 | 4 | 4 | 17-14 | 19 |
| Newcastle | 13 | 5 | 4 | 4 | 14-16 | 19 |
| Everton | 13 | 4 | 5 | 4 | 23-21 | 17 |
| Liverpool | 13 | 5 | 2 | 6 | 16-18 | 17 |
| Stoke | 13 | 4 | 3 | 6 | 13-16 | 15 |
| Sunderland | 13 | 2 | 8 | 3 | 12-19 | 14 |
| C. Palace | 13 | 3 | 4 | 6 | 18-22 | 13 |
| WBA | 13 | 3 | 4 | 6 | 13-18 | 13 |
| Aston Villa | 13 | 3 | 4 | 6 | 7-18 | 13 |
| Hull City | 13 | 2 | 5 | 6 | 14-20 | 11 |
| QPR | 13 | 3 | 2 | 8 | 14-25 | 11 |
| Burnley | 13 | 2 | 5 | 6 | 9-21 | 11 |
| Leicester | 13 | 2 | 4 | 7 | 13-21 | 10 |

**MARKAHÆSTIR:**

| | |
|---|---|
| Sergio Agüero, Man. City | 12 |
| Diego Costa, Chelsea | 11 |
| Alexis Sánchez, Arsenal | 8 |
| Charlie Austin, QPR | 7 |
| Saido Berahino, WBA | 7 |
| Wilfried Bony, Swansea | 6 |
| Nacer Chadli, Tottenham | 6 |
| Graziano Pellé, Southampton | 6 |
| Diafra Sakho, West Ham | 6 |

**FLESTAR STOÐSENDINGAR:**

| | |
|---|---|
| Cesc Fábregas, Chelsea | 10 |
| Gylfi Þór Sigurðsson, Swansea | 8 |
| Dusan Tadic, Southampton | 6 |
| Leighton Baines, Everton | 6 |
| Ángel Di María, Man. Utd | 6 |
| Chris Brunt, WBA | 4 |
| Jesús Navas, Man. City | 4 |
| Erik Lamela, Tottenham | 4 |
| Stewart Downing, West Ham | 4 |



**KÁTT Í HÖLLINNI** Stelpurnar dönsuðu í sigurhring eftir sannfærandi sigur á Ítalíu í Laugardalshöllinni í gær en þær nálgast nú umspilið fyrir HM. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Umspilið handan við hornið

**Eftir tvo sigra á Ítölum er Ísland komið í kjörstöðu til að tryggja sér sæti í umspili um sæti á HM í Danmörku 2015. Ísland þarf nú aðeins eitt stig úr tveimur leikjum gegn Makedóníu til að komast í umspilið.**

**HANDBOLTI** Íslenska kvennalandsliðið í handbolta vann það ítalska öðru sinni á fjórum dögum í undankeppni HM 2015 í Danmörku í gær.

Sigrarnir tveir skila Íslandi á topp riðils þrjú í undankeppninni, en Makedónía er þriðja liðið í riðlinum. Ítalía vann báða leikina gegn Makedóníu og Íslandi dugir því eitt stig í tveimur leikjum gegn Makedóníu til að komast í umspil um sæti á HM. Makedóníuleikirnir eru handan við hornið, sá fyrri verður í Laugardalshöllinni á miðvikudaginn og sá seinni í Makedóníu á sunnudaginn.

Íslensku stelpurnar fóru rólega af stað í leiknum í Höllinni í gær. Mistökin í sóknarleiknum voru of mörg og Ítalir náðu forystunni í tvígang. En í stöðunni 3-4 skipti Ísland um gír, vörnin styrktist með hverri mínútunni og þar fyrir aftan var Florentina Stanciu í ótrúlegum ham. Florentina varði alls 17 skot í fyrri hálfleiknum, eða 71 prósent af þeim skotum sem hún fékk á sig. Ótrúleg frammistaða hjá þessum frábæra markverði.

Ítalía skoraði fjögur mörk á fyrstu sjö mínútum fyrri hálfleiks, en aðeins þrjú á næstu 23 mínútum. Sóknarleikur Íslands fór hins vegar batnandi þar sem Karen Knútsdóttir var í aðalhlutverki. Fyrirliðinn tók hvað eftir annað af skarið á mikilvægum augnablikum og skoraði alls 11 mörk í leiknum.

Staðan í leikhléi var 13-7, en ítalska liðið kom einbeittara til leiks í seinni hálfleik og skoraði þrjú fyrstu mörk hans. Líkt og í byrjun leiks var sóknarleikur Íslands ekki burðugur og það tók liðið sex og hálfa mínútu að skora sitt fyrsta mark í seinni hálfleik.

Eftir það var ekki aftur snúið, íslenska liðið keyrði yfir gestina og komst mest tíu mörkum yfir, 26-16. Ítalir klóruðu aðeins í bakkann undir lokin, en sigurinn var aldrei í hættu. Munurinn á liðunum var að lokum sex mörk, 27-21.

„Varnarleikurinn var góður, líkt og í fyrri leiknum, en við gerðum alltof mikið af mistökum í dag, sérstaklega í seinni bylgjunni. Það hefði getað reynst dýrt gegn sterkara liði en Ítalíu, en við höfðum sex marka sigur sem er fínt,“ sagði Karen í samtali í við Fréttablaðið eftir leik, en hún fór einnig á kostum í fyrri leiknum og skoraði þá níu mörk.

Karen var að vonum ánægð með frammistöðu Florentinu sem varði alls 26 skot í leiknum:

„Flora var mjög öflug í markinu. Hún er einstakur karakter og það er frábært að hafa hana á æfingum og í leikjum. Hún gefur sig alltaf 100% og gefur okkur ofboðslega mikið með þessum öskrum og látum. Hún er frábær íþróttamaður,“ sagði Karen sem var langmarkahæst í íslenska liðinu í gær. Ásta Birna Gunnarsdóttir og Rut Jónsdóttir komu næstar með þrjú mörk hvor, en alls komust tíu leikmenn Íslands á blað í leiknum. Cristina Viorica Gheorghe var atkvæðamest í liði Ítalíu með átta mörk. ingvithor@365.is




Hársnyrtiskólinn
Átt þú samleið með okkur?
Hársnyrting er lifandi og litríkt fag fyrir skapandi einstaklinga.
Kynntu þér námið á
tskoli.is/harsnyrtiskolinn
Opið fyrir umsóknir á menntagatt.is
Tækniskólinn
skóli atvinnulífsins
www.tskoli.is


## Valur komst á toppinn

**HANDBOLTI** Það fær ekkert stöðvað Val í Olís-deild karla í handbolta þessa dagana, en Valsmenn völtuðu yfir sjóðheita Akureyringa, 30-17, í lokaleik 13. umferðar um helgina.

Finnur Ingi Stefánsson og Geir Guðmundsson skoruðu sex mörk hvor fyrir Val en Kristján Orri Jóhannsson var markahæstur gestanna með átta mörk.

Þetta var þriðji sigur Valsmanna í röð, en þeir eru nú búnir að vinna sex og gera eitt jafntefli í síðustu sjö umferðum. Síðast töpuðu þeir fyrir Haukum 9. október.

Með sigrinum komst Valur á toppinn með 20 stig, tveimur stigum á undan UMFA og ÍR. - tom

# Jól á götunni

**Götusmiðjan leitar eftir aðstoð þinni með landsátakið „Jól á götunni“.**

**Við ætlum að safna fyrir neyðarathvarfi og rekstri útideildar fyrir ungmenni á götunni.**

## Þú getur stutt okkur með mismunandi hætti

- Greitt valgreiðslu sem komin er í heimabanka, bæði einstaklinga og fyrirtækja.
- Hringt í 908 1133 og 1.500 krónur færast á símreikningin þinn.
- Keypt verndarengilinn sem fer í sölu 5. desember.

**Að undanförnu hefur samfélagið misst allt of mörg ungmenni í kjölfar vímuefnaneyslu og fjöldi fjölskyldna glímir nú við harðan veruleika tengdum þessum heimi.**

**Við svörum þörfinni með opnun neyðarathvarfs, stofnun og rekstri útideildar og þjónustumiðstöðvar fyrir ungmenni í vímuefnavanda og aðstandendur þeirra**

**Við þökkum stuðninginn í gegnum árin - við erum hér, ef þú þarft á okkur að halda.**

**Þökkum eftirtöldum fyrirtækjum stuðninginn:**

# DAGSKRÁ



**Stöð 2 kl. 20.35**
**Brestir**
Öðruvísi fréttaskýringaþáttur sem rýnir í bresti samfélagsins. Forvitnir þáttarstjórnendur gægjast undir yfirborðið og fylgjast með því sem fram fer fyrir luktum dyrum.

## Í KVÖLD



### Mike and Molly

**STÖÐ 2 KL. 19.50** Gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Það skiptast á skin og skúrir í sambandinu og ástin tekur á sig ýmsar myndir.



### Eldsnöggt með Jóa Fel

**GULL KL. 19.40** Jói Fel er mættur í sérstakri hátíðarútgáfu af matreiðsluþáttum sínum. Þetta er hundraðasti þátturinn og af því tilefni verður blásið til veislu.



### Modern Family

**GULL KL. 18.15** Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna.

**Bylgjan kl. 10.00**
**Ívar Guðmunds**
Ívar Guðmunds mætir ferskur á mánudegi og verður með þér í hádeginu á Bylgjunni.








## STÖÐ 2

**06.15** Sjálfstætt fólk
**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.05** Wonder Years
**08.30** 2 Broke Girls
**08.50** Mom.
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.40** The Doctors
**10.20** Galapagos
**11.20** Kjarnakonur
**11.45** Falcon Crest
**12.35** Nágrannar
**13.00** Mistresses
**13.45** American Idol
**15.10** ET Weekend
**15.55** Ofurhetjusérsveitin
**16.15** Villingarnir
**16.35** New Girl
**17.00** Bold and the Beautiful
**17.20** Nágrannar
**17.45** Simpson-fjölskyldan
**18.10** Jóladagatal
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.16** Veður
**19.25** Mindy Project
**19.50** Mike and Molly
**20.10** Selfie
**20.35** Brestir
**21.10** The Newsroom
**22.10** Outlander
**23.05** Rush
**23.50** Modern Family
**00.15** The Big Bang Theory
**00.40** Gotham
**01.25** Stalker
**02.10** The Strain
**02.55** Charlie and Boots
**04.35** Simpson-fjölskyldan
**05.00** Selfie
**05.25** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**07.00** Valencia - Barcelona
**08.40** Kiel - Gummersbach
**13.25** Schalke - Chelsea
**15.05** Meistaradeild Evrópu
**15.35** Malaga - Real Madrid
**17.15** Kiel - Gummersbach
**18.35** NBA Rising
**19.00** Grindavík - Tindastóll
**21.00** Spænsku mörkin 2014/2015
**21.30** Valencia - Barcelona
**23.10** Grindavík - Tindastóll
**00.40** Spænsku mörkin 2014/2015

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.25** Southampton - Man. City
**09.05** Premier League World 2014
**09.35** Man. Utd. - Hull
**11.15** Swansea - Crystal Palace
**12.55** QPR - Leicester
**14.35** Sunderland - Chelsea
**16.15** Southampton - Man. City
**17.55** Tottenham - Everton
**19.35** Premier League Review 2014/2015
**20.30** Football League Show 2014/2015
**21.00** Messan
**22.15** WBA - Arsenal
**23.55** Messan

## ÍNN

**20.00** Frumkvöðlar **20.30** Panorama **21.00** Fyrirtækjaheimsókir **21.30** Stormað

## STÖÐ 3

**17.05** Wipeout
**17.50** Welcome to the Family
**18.15** One Born Every Minute US
**19.00** The Amazing Race
**19.45** The Goodwin Games
**20.10** Mind Games
**20.55** The Glades
**21.45** The Vampire Diaries
**22.30** Veep
**22.55** Pretty Little Liars
**23.40** Treme
**00.35** Southland
**01.20** The Amazing Race
**02.05** The Goodwin Games
**02.30** Mind Games
**03.10** The Glades
**03.50** The Vampire Diaries
**04.35** Veep
**05.05** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Ofurhundurinn Krypto **07.22** Lína Langsokkur **07.47** Ævintýraferðin **08.00** Kalli á þakinu **08.25** Latibær **08.47** Tommi og Jenni **08.54** Tommi og Jenni **09.00** Könnuðurinn Dóra **09.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.45** Doddi litli og Eyrnastór **09.55** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Áfram Diego, áfram! **10.24** Svampur Sveins **10.45** Elías **10.55** UKI **11.00** Ofurhundurinn Krypto **11.25** Lína Langsokkur **11.47** Ævintýraferðin **12.00** Kalli á þakinu **12.25** Latibær **12.47** Tommi og Jenni **12.53** Tommi og Jenni **13.00** Könnuðurinn Dóra **13.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.45** Doddi litli og Eyrnastór **13.55** Rasmus Klumpur og félagar **14.00** Áfram Diego, áfram! **14.24** Svampur Sveins **14.45** Elías **14.55** UKI **15.00** Ofurhundurinn Krypto **15.22** Lína Langsokkur **15.47** Ævintýraferðin **16.00** Kalli á þakinu **16.25** Latibær **16.47** Tommi og Jenni **16.53** Tom and Jerry **17.00** Könnuðurinn Dóra **17.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.45** Doddi litli og Eyrnastór **17.55** Rasmus Klumpur og félagar **18.00** Áfram Diego, áfram! **18.24** Svampur Sveins **18.45** Elías **18.55** UKI **19.00** Jóladagatal Skoppu og Skrítlu **19.10** Öskubuska í villta vestrinu **20.30** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**16.55** Strákarnir
**17.25** Friends
**17.50** 2 Broke Girls
**18.15** Modern Family
**18.40** Two and a Half Men
**19.05** Sjálfstætt fólk
**19.40** Eldsnöggt með Jóa Fel
**20.15** Sisters
**21.00** The Mentalist
**21.45** The Tudors
**22.40** Zero Hour
**23.25** Grimm
**00.10** Sjálfstætt fólk
**00.45** Eldsnöggt með Jóa Fel
**01.20** Sisters
**02.10** The Mentalist
**02.55** The Tudors
**03.45** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**12.00** Say Anything
**13.40** Story of Us
**15.15** **Hope Springs** Gamanmynd frá 2012 með Meryl Streep, Tommy Lee Jones og Steve Carell í aðalhlutverkum.
**16.55** Say Anything
**18.35** **Story of Us** Hjartnæm kvikmynd með Bruce Willis og Michelle Pfeiffer og fjallar um hjónin Katie og Ben Jordan.
**20.15** Hope Springs
**22.00** **Stand Up Guys** Gamanmynd frá 2012 með Al Pacino, Christopher Walken og Alan Arkin í aðalhlutverkum.
**23.40** Rampart
**01.30** Battleship
**03.40** Stand Up Guys

## RÚV

**16.35** Skólaklíkur
**17.20** Spurt og sprellað
**17.25** Um hvað snýst þetta allt?
**17.30** **Jesús og Jósefína** Danskt jóladagatal. Ævintýrum Jósefínu eru fá takmörk sett eftir að hún finnur tímavél sem hjálpar henni að ferðast allt aftur til unglingsára Jesú.
**17.50** Grettir
**18.02** Skúli skelfir
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Orðbragð
**19.00** Fréttir
**19.20** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** **Kastljós** Beittur viðtals- og fréttaskýringaþáttur fyrir þá sem vilja ítarlegri umfjöllun um fréttir líðandi stundar.
**19.55** Stephen Fry: Út úr skápnum – Seinni hluti
**21.00** **1864** Stórbrotin leikin dönsk sjónvarpsþáttaröð sem byggð er á sannsögulegum atburðum.
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Óskalögin 2004-2013
**22.25** Viðtalið
**22.50** Dansað á skjánum
**23.50** Hæpið
**00.20** Kastljós
**00.40** Fréttir
**00.55** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**14.55** Judging Amy
**15.35** Design Star
**16.20** The Good Wife
**17.00** Red Band Society
**17.45** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** Rules of Engagement
**20.10** **Kitchen Nightmares** Flestum er meinilla við matreiðslumanninn Gordon Ramsey enda með dónalegri mönnum.
**21.00** Hawaii Five-O
**21.45** CSI
**22.30** The Tonight Show
**23.15** The Good Wife
**00.00** Elementary
**00.45** Hawaii Five-O
**01.30** CSI
**02.15** The Tonight Show
**03.05** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** Golfing World 2014
**08.50** PGA Tour 2014
**13.10** European Tour 2014
**18.00** Golfing World 2014
**18.50** Samsung Unglingaeinvígið 2014
**19.20** LPGA Tour 2014
**20.40** Samsung Unglingaeinvígið 2014
**21.10** Golfing World 2014
**22.00** Golfing World 2014
**22.50** The Science of Golf

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# FRÍTT

## RÚGBRAUÐ FYRIR ALLA OKKAR ÁNÆGÐU VIÐSKIPTAVINI*




FRÁ HP SELFOSSI
ALVÖRU ÞRUMARI

**FISKIBOLLUR FROSNAR**



2 FYRIR 1

2 KG = 1.500 KR.

**SKATA**



KÆST OG SÖLTUÐ

990 kr/kg

**REYKT ÝSUFLÖK**



NÝ KOMIN ÚR REYKOFNI

**JÓLASÍLDIN**




- SALTSÍLDARFLÖK
- KRYDDSÍLDARFLÖK

* 1. stk. rúgbrauð fylgir hverri sölu 1000 kr. eða meir.



Fiskikóngurinn

Sogavegi 3
Höfðabakka 1
Sími 587 7755



HAFBERG
*fiskbúð sælkerans*

Gnoðarvogi 44
Sími 588 8686



## MÁNUDAGSLAGIÐ



**„Dragðu úr pottinum – ýttu á „shuffle“.“**

Sara Riel myndlistarkona

# Íslendingur með hlutverk í japanskri Subaru-auglýsingu

Pegasus Iceland aðstoðaði við tökur á nýrri auglýsingu sem skotin var á Langjökli. Egill Viðarsson var á meðal leikara.

„Þeir þurftu að fá einhvern Íslending til að leika eitthvað pínulítið auka í lok auglýsingarinnar, þeir vildu fá einhvern úr tökuliðinu til að leika fyrir sig í auglýsingunni og ég varð fyrir valinu,“ segir Egill Viðarsson, kvikmyndagerðarmaður hjá framleiðslufyrirtækinu Pegasus Iceland.

Hann kemur fyrir í japanskri auglýsingu fyrir nýja Subaru Forester CM-bílinn en Pegasus aðstoðaði fyrirtækið við tökur á Íslandi.

Í myndbandinu, sem ber heitið „Forester Vs. Snow,“ eða „Forester gegn snjónum“ brunar jeppi í gegnum snjó á hálendi Íslands. Í miðjunni bregður fyrir japanskri fjölskyldu sem virðist vera hæstánægð með tryllitækið. Í lok myndbandsins stígur Egill svo út úr bílnum og dáist að norðurljósunum, sem reyndar var bætt inn eftir á. „Því miður þá eru norðurljósin ekki alvöru en þetta var mikið fjör,“ segir Egill en auglýsingin var tekin upp á Langjökli. **- þij**




**LITADÝRÐ** Egill dáist að gervi norðurljósunum.



**TEKIÐ Á LANGJÖKLI** Egill varð fyrir valinu sem Íslendingurinn í auglýsingunni.




# Teiknar persónur úr alls kyns tölvuleikjum

Tómas Þór Eyþórsson, nemi í grafískri hönnun, tók upp bernskuáhugamálið eftir að hann lenti í slysi, hætti í tae kwon do og fór að teikna tölvuleikjapersónur.

„Ég hef alltaf haft áhuga á tölvuleikjum og þegar ég var yngri þá ýtti ég oft á pásu í leikjunum eða í teiknimyndum, bara til þess að geta teiknað það sem var á skjánum,“ segir Tómas Þór Eyþórsson, nemandi í grafískri hönnun í Myndlistaskólanum á Akureyri.

Á Facebook-síðunni Thomas, graphite teikningar deilir hann myndum af teikningum sínum.

Þegar hann varð eldri hætti hann að teikna eins mikið og sneri sér að íþróttinni tae kwon do sem hann stundaði og keppti í allt fram til ársins 2004. Þá lenti hann í slysi sem varð til þess að hann þurfti að hætta að iðka íþróttina. Í staðinn fór hann að teikna meira og í dag stundar hann nám í grafískri hönnun og teiknar meðfram því.

„Mér finnst ótrúlega gaman að teikna þessar persónur úr leikjunum, sérstaklega þegar ég er að æfa stílinn,“ segir hann, en hann segist þó líka teikna mikið sínar eigin persónur. „Ég er ekkert mikið að deila þeim myndum eins og er, en draumurinn er samt að vinna við að teikna og gera mínar eigin tölvuleikjapersónur,“ segir Tómas. En hann teiknar myndirnar meðal annars upp úr World of Warcraft, Guardians of the Galaxy og Star Wars. **adda@frettabladid.is**







**TÖLVULEIKJAPERSÓNUR** Tómas teiknar mest teiknimyndapersónur, bæði sínar eigin og úr leikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/AUI




## HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

# Þarft bara tásurnar og gleðina

DansAndi Kosmísk jóladansmessa verður haldin næstkomandi föstudag.

„Okkur langaði svo að gera eitthvað sem myndi leiða saman jóga, kiirtan og dans,“ segir Helga Kristín Gunnarsdóttir jógakennari, sem ásamt Ásgeiri Jóel kiirtan-kennara og Þóreyju Viðarsdóttur, jóga- og danskennara, hafa haldið DansAndi Kosmíska dansmessu síðastliðið ár.

Þann 6. desember verður sérstök jólaflæðisdansmessa. Tímarnir byrja á jógaupphitun og því næst tekur við kiirtan sem er hugleiðslusöngur.

Þar á eftir tekur við jóga-rave, en þar dansa þátttakendur við hressandi taktfasta tónlist. Tíminn endar svo á góðri jógaslökun og hugleiðslu.

„Þetta er heil upplifun, þrír og hálfur tími. Í jólaflæði verður fókusinn á kærleika og umburðarlyndi gagnvart okkur og náunganum og þakklæti fyrir það sem við höfum,“ bætir Helga við, en þeir sem sótt hafa tímana segjast aldrei hafa upplifað annað eins.



**BJÓÐA ALLA VELKOMNA** Þau Helga, Ásgeir og Þórey hvetja alla að mæta og dansa af sér jólastressið.

„Það geta allir tekið þátt og þeir sem ekki hafa komið áður eru leiddir í gegnum tímann. Það er engin skylda að dansa allan tímann. Þú þarft bara tærnar, þægileg föt og gleði,“ segir Helga. Upplýsingar um DansAndi má finna á Facebook-síðu hópsins. **- asi**



**GÓÐ STEMNING** Stemningin í tímanum er frábær enda gleðin allsráðandi.




# GJAFAKORT
# BORGARLEIKHÚSSINS

Gjafakort í Borgarleikhúsið er ávísun á einstaka kvöldstund sem aldrei gleymist. Gefðu töfrandi stundir í jólapakkann. Kortið er í fallegum umbúðum, gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.

## JÓLATILBOÐ BORGARLEIKHÚSSINS



**Lína langsokkur**
Miði fyrir tvo á þessa vinsælu sýningu og geisladiskur með tónlistinni úr sýningunni

**9.500 kr.**



**Billy Elliot**
Gjafakort fyrir tvo á stórsýningu í hæsta gæðaflokki

**10.400 kr.**



**Gómsætt leikhúskvöld**
Gjafakort fyrir tvo ásamt gómsætri leikhúsmáltíð fyrir sýningu eða í hléi

**11.400 kr.**

**MIÐASALA - 568 8000 - BORGARLEIKHUS.IS**



CYBER
mánudagur
á Heimkaup.is
RISA-NETÚTSALA
eins og í USA
Aðeins í 24 tíma!
Frá 00:00 til 23:59
Russell Hobbs
Slow Cooker
44% afsláttur
5.590,-
9.990,-
VÍSINDABÓK VILLA 2
52% afsláttur
1.090,-
2.290,-
Mix & Go
50% afsláttur
4.990,-
9.990,-
TULIPOP
40% afsláttur
SG jólalögin
40% afsláttur
1.990,-
3.290,-
3 diskar
weber
40% afsláttur
1.490,-
2.490,-
Hamborgara-pressa
40% afsláttur
2.990,-
4.990,-
Disney
Jake spil
PS4
31% afsláttur
8.990,-
12.990,-
Dimma
Leðurarmband
33% afsláttur
2.990,-
4.490,-
Gilitrutt
80% afsláttur
599,-
2.999,-
LEGO MOVIE
70% afsláttur
590,-
1.990,-
DVD mynd
SONY make.believe
SJÓNVARP 42"
20% afsláttur
159.990,-
199.990,-
42" W8 - 3D Motionflow 400Hz
ON AMINO ENERGY
32% afsláttur
2.590,-
3.790,-
Yoga dýna
40% afsláttur
3.590,-
5.990,-
Vonarstræti á DVD
43% afsláttur
1.690,-
2.990,-
Gildir 1. des. á meðan birgðir endast. Með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.
Öryggi - ekkert mál að skila eða skipta
Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun og vöruhús eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.
Hægt að greiða við afhendingu
Ólíkt mörgum netverslunum býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.
Vefverslunin sem selur allt
Við bjóðum nú þegar yfir 11.000 vörutegundir og yfir 100 bætast við daglega. Við stefnum að því að selja allt!
★ Frí heimsending samdægurs
Pantaðu fyrir kl. 17⁰⁰ og við sendum frítt heim samdægurs á höfuðborgarsvæðinu – næsta dag víðast hvar á landsbyggðinni. Frítt ef pantað er fyrir 4.000.- eða meira.

heimkaup.is

# 11.532 vörur með afslætti til miðnættis

**Frí heimsending***

„Cyber“ mánudagur er 9 ára gamall amerískur siður sem smám saman hefur breiðst út um heiminn og er nú þekktur sem dagurinn sem fólk gerir bestu kaupin á netinu fyrir jólin.

Heimkaup.is er RISA vefverslun með yfir 11.000 vörutegundir.
Í dag 1. desember og til miðnættis verður stórútsala á Heimkaup.is
Nú geta Íslendingar gert sín allra bestu kaup hjá Heimkaup.is

## ALLAR VÖRUR með afslætti ...bara í dag

## allt að 70% afsláttur






Meirihluti Íslendinga verslar á netinu!
Komdu í hóp tugþúsunda ánægðra viðskiptavina Heimkaup.is

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 5502700

HEIMKAUP

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060





## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Á þrekæfingu í jólapeysu

Leikkonan **Ágústa Eva Erlendsdóttir** er ein af þeim sem tekur þátt í Jólapeysunni 2014, fjáröflunarátaki Barnaheilla.

Ef skorað er á leikkonuna mun hún klæðast jólapeysunni á víkingaþrekæfingu í bardagaíþróttaklúbbnum Mjölni. Leikkonan mun þó ekki láta staðar numið eftir æfingu heldur heitir hún því einnig að fara í klukkutíma gufubað íklædd jólapeysunni.

**- gló**



### Tolli opnar úti á Granda

Myndlistarmaðurinn **Þorlákur Kristinsson Morthens**, betur þekktur sem Tolli, opnar í dag nýtt gallerí. Galleríið er úti á Granda, á Hólmaslóð 2.

Tolli er að vonum spenntur fyrir opnuninni en galleríið er í 150 fm húsnæði sem áður hýsti fiskvinnslu.

Mikil uppbygging hefur verið úti á Granda síðastliðin ár og segir Tolli hverfið eitt það mest spennandi í borginni.

**- gló**



## Mest lesið Vísir

1. City í annað sætið | Sjáðu mörkin, rauða spjaldið og „dýfuna“
2. Hugljúf auglýsing Icelandair vekur athygli
3. Fylgstu með lægðinni á gagnvirku korti
4. Langt síðan við höfum séð svona ljóta ölduspá
5. Agüero straujaður niður í teignum en fær gult spjald




